

Blúsarinn Cyndi Lauper
**tónlist** 26




Shaq
**körfubolti** 28



Nesti á faraldsfæti
**matur** 4



**spottið** 16


# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
**11. júní 2011**
135. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Þetta tekur sinn toll

*Steingrímur J. Sigfússon er ekki tilbúinn til að afhenda öðrum keflið strax.*
**stjórnmál** 24

## Algjör forréttindi

*Tónleikar Eagles í Höllinni fá fimm stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.*
**tónlist** 48



## Gaman að vera ég

*Þorgrímur Þráinsson rithöfundur getur staðið á öðrum fæti og ropað.*
**krakkasíðan** 38

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna






**REIMA Á SIG SKÓNA FYRIR ÁTÖKIN** Íslenska undir 21 árs landsliðið hefur leik á Evrópumótinu í Danmörku í dag þegar liðið mætir Hvít-Rússum í Árósum en leikurinn hefst klukkan 16.00 að íslenskum tíma. Hér sjást þeir Arnar Darri Pétursson og Guðmundur Kristjánsson reima á sig skóna fyrir æfingu liðsins í gær en á bak við má sjá Eyjólf Sverrisson, þjálfara strákanna, ræða málin við Lúðvík Jónsson búningastjóra. **Sjá síðu 50**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Prestarnir brugðust

**Karli Sigurbjörnssyni biskupi og fleiri starfsmönnum þjóðkirkjunnar urðu á mistök í biskupsmálinu samkvæmt niðurstöðu rannsóknarnefndar kirkjunnar.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kirkjuþing verður haldið á þriðjudaginn til þess að ræða niðurstöður nýrrar rannsóknarskýrslu þjóðkirkjunnar sem birt var í gær. Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, segir að það mikilvægasta í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sé sá lærdómur sem þjóðkirkjan skuli draga af henni.

Tuttugu og tveimur prestum, sem tilgreindir eru í skýrslunni, telur nefndin að hafi orðið á mistök í starfi eða þeir gerst sekir um þöggun í biskupsmálinu. Þeirra á meðal er Karl Sigurbjörnsson biskup. Hann hefur ekki viljað tjá sig um niðurstöður nefndarinnar við fjölmiðla.

„Kirkjuþingið stóð einhuga að því að setja rannsóknarnefndina á laggirnar og því er einboðið að setja þing til þess að ræða efni skýrslunnar og koma ábendingum sem í henni eru í málefnalegan farveg,“ segir Pétur.

Hann segir það sem hann hafi lesið í skýrslunni ekki hafa komið sér á óvart, hún sé í alla staði afskaplega vönduð og vel rökstudd. Það sé meginverkefni kirkjunnar að draga lærdóm af skýrslunni og nýta innviði hennar. Pétur telur ekki ástæðu til þess að þeir sem tilgreindir eru í skýrslunni segi af sér. **- sv / sjá síðu 10**

ESA situr enn við sinn keip:

# Icesave stefnir fyrir EFTA-dóm

**ICESAVE** Greiði Ísland ekki 700 milljarða króna skuld við Breta og Hollendinga vegna lágmarksinnistæðutrygginga af Icesave-reikningunum getur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, ákveðið að höfða mál á hendur Íslandi.

**Lárus Blöndal lögmaður segir það versta mögulega kostinn. Dæmi EFTA-dómstóllinn út frá sömu forsendum gæti það þýtt að Íslendingar yrðu að greiða innstæðurnar að fullu, ekki aðeins lágmarksupphæðina. - kóp / sjá síðu 6**




**SPURNING DAGSINS**



*Sigrún, var erfitt að halda aftur af tárunum?*

„Já, en mér tókst að harka af mér rétt á meðan á tökunum stóð.“

Sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir tók þátt í kveðjuþætti Opruh Winfrey á dögunum. Gestir Opruh tárast oftar en ekki í hjartnæmum viðtölum hjá henni.

Metfjöldi vill í inntökupróf í læknisfræði og aðsókn í hugbúnaðarverkfræði tvöfaldast milli ára:

# Aldrei fleiri sótt um nám í Háskóla Íslands

**MENNTUN** Rúmlega 9.200 manns sóttu um nám í Háskóla Íslands nú í vor og hafa aldrei fleiri sótt um. Sex þúsund sóttu um í grunnnámi, en það er fjórtán prósentum fleiri en í fyrra. Þá vilja rúmlega þrjú þúsund manns komast í framhaldsnám, eða tólf prósentum fleiri en fyrir ári.

Á verkfræði- og náttúruvísindasviði skólans fjölgaði umsóknum um sautján prósent. Allar verkfræðigreinar njóta aukinna vinsælda, til dæmis sækja 90 prósent fleiri um hugbúnaðarverkfræði nú en í fyrra. Þá eykst aðsókn að tölvunarfræði um 65 prósent, og ferðamálafræði um rúman þriðjung.

Umsóknir um grunnnám í guðfræði tvöfölduðust milli ára, en 40 prósentum fleiri vilja stunda nám á hugvísindasviði nú en í fyrra. Mest er aukningin í tungumálum.

Viðskiptafræði er sem fyrr fjölmennasta grein félagsvísindasviðs, fjölgun milli ára nemur tæpum fjórðungi. Þá fjölgaði umsóknum um nám í þjóðfræði um tæp 40 prósent. Alls fjölgaði umsóknum á sviðinu um átta prósent.

Færri sækjast eftir að stunda nám á heilbrigðisvísindasviði skólans, en þó hafa aldrei fleiri skráð sig í inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun, eða 380 manns. Fækkunin er í sálfræði og hjúkrunarfræði, en deildirnar eru þær stærstu á sviðinu. Matvælafræði er vinsælli en í fyrra, sem og lyfja- og næringarfræði.

Umsóknum um nám á menntavísindasviði fækkar um tólf prósent þó að fleiri vilji komast í íþrótta- og heilsufræði og uppeldis- og menntunarfræði. - þeb



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Tvöfalt fleiri vilja hefja nám í guðfræði nú en í fyrra, og almennt eykst aðsókn að hugvísindasviði mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Boðar endurfundi lýðveldisbarnanna

**Þór Jakobsson veðurfræðingur skipuleggur endurfundi þeirra sem voru viðstaddir stofnun lýðveldisins árið 1944. Mögnuð upplifun í mannhafinu á Þingvöllum. Ráðgert að halda endurfundi lýðveldisbarnanna á þriggja ára fresti.**

**FÓLK** Fjöldinn allur af börnum fylgdi foreldrum sínum á Þingvöll við stofnun íslenska lýðveldisins 17. júní árið 1944. Nú hefur Þór Jakobsson veðurfræðingur boðað til endurfunda hinna svokölluðu lýðveldisbarna í tilefni tímamótanna á lýðveldisdaginn næstkomandi föstudag.



**ÞÓR JAKOBSSON**

„Það er nokkuð síðan ég fékk þessa hugmynd,“ segir Þór. „Fyrir lýðveldishátíðina 1994 hafði ég samband við aðstandendur hátíðarinnar og stakk upp á því að við sem vorum viðstödd 1944 myndum koma saman. Það varð svo úr að við hittumst stuttlega, en síðan varð ekki meira úr því.“

Þór segir hugmyndina hafa leitað á sig á ný og því hafi hann ákveðið að láta af verða.

Þór var sjálfur sjö ára gamall þegar hann fór til Þingvalla ásamt foreldrum sínum og fjórum systkinum.

„Þetta var mögnuð upplifun þó að ég hafi auðvitað verið barn að aldri. Það er mér minnisstætt hversu mikið rigndi, en það var ekkert aðalatriði. Ég minnist helst mannhafsins sem var þar og mínútuþagnarinnar sem lagði yfir Þingvelli. Þetta er eitt af þessum stundum sem fylgir manni alla tíð.“

Þór segir að dagskráin hafi ekki beint höfðað til barna og þau yngstu varla hlustað með athygli á ræðurnar, en þetta hafi þó verið samverustund fyrir fjölskyldur og



**ENDURFUNDIR** Boðað hefur verið til endurfunda lýðveldisbarnanna, þeirra sem upplifðu lýðveldishátíðina á Þingvölllum árið 1944. Skipulögð dagskrá verður á lýðveldisdaginn 17. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/MMM

margir slegið upp tjöldum og gist á Þingvöllum.

Dagskráin í ár verður ekki löng og er skipulögð í samráði við Ólaf Örn Haraldsson þjóðgarðsvörð. Hópurinn mun safnast saman klukkan 12 á hádegi við fræðslumiðstöðina á Hakinu fyrir ofan Almannagjá. Þaðan verður gengið niður gjána og klukkan 13 verður stutt ávarp flutt við Lögberg. Eftir það verður hópsöngur og athöfninni skal ljúka fyrir klukkan 13.45.

„Ég lít á þetta sem tækifæri til að hittast og rifja upp þennan sérstaka dag fyrir 67 árum,“ segir Þór. Hann bætir því við að þrátt fyrir að athöfnin sé hugsuð fyrir þá sem voru viðstaddir á sínum tíma, séu fjölmargir sem hafi ekki getað verið á Þingvöllum, en voru sem límdir við útvarpstækin heima.

„Þau skynjuðu ekki síður en við mikilvægi þessarar stundar og gaman er ef þau vilja líka koma.“

Þór segir að lokum að hann vonist til þess að sem flestir mæti, en stefnt er að því að halda þessa endurfundi á þriggja ára fresti framvegis. thorgils@frettabladid.is



**TUNGUFLJÓT** Eigendur einnar jarðar við ána vildu ekki hlíta ákvörðun veiðifélagsins um útleigu.

Veiddu lax fyrir eigin landi:

## Sektuð fyrir veiðiþjófnað

**DÓMSMÁL Hjón úr Mosfellsbæ sem renndu fyrir lax fyrir eigin landi við Tungufljót í Árnessýslu hafa verið dæmd til að greiða tuttugu þúsund króna sekt hvort fyrir veiðiþjófnað. Hjónin voru við stangveiðarnar í júlí í fyrra þegar lögregla kom að eftir ítrekaðar ábendingar.**

**Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga leigði frá sér veiðiréttinn til fimm ára vorið 2010. Karlinn sagði lögreglu að hann væri einn landeigenda á viðkomandi jörð og ætti þar veiðirétt því eigendurnir hefðu ekki samþykkt að gefa réttinn frá sér. Héraðsdómur Suðurlands segir landeigendurna hins vegar hafa verið í veiðifélaginu og að þeim hafi borið að virða ráðstafanir þess.** - gar

Samningur undirritaður:

## Unnið að nýju milljarðalottói

**GETRAUNIR** Tuttugu lottófyrirtæki í tíu löndum skrifuðu undir samstarfssamning hinn 7. júní síðastliðinn um að setja á fót nýtt lottó, Euro Jackpot. Ísland er í þeim hópi ásamt Spáni, Ítalíu, Þýskalandi, Noregi, Hollandi, Slóveníu, Finnlandi og Eistlandi.

Fyrsti vinningur verður aldrei lægri en tíu milljónir evra, um 1,7 milljarðar króna, en gæti orðið 90 milljónir evra, eða 15 milljarðar króna - fgg / sjá síðu 58



**VÆGT FÍKNIEFNI** Kílóin sextíu voru ætluð á markað vestanhafs. Í Bretlandi og Hollandi er khat löglegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Höfuðpaur fær fjóra mánuði:

## Vægir dómar fyrir khat-smygl

**DÓMSMÁL** Meintur höfuðpaur mannanna sem smygluðu hingað 58 kílóum af fíkniefninu khat í síðasta mánuði hlaut fjögurra mánaða fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hinir þrír sakborningarnir voru dæmdir í tveggja mánaða fangelsi.

Höfuðpaurinn er breskur og ættaður frá Sómalíu. Hann var sá eini sem ekki játaði sök. Hann hyggst áfrýja dómnum. Hinir þrír, einn sómalískættaður Breti einn frá Englandi og einn frá Írlandi, undu dómunum. - sh

Samningar við sveitarfélög:

## SGS hefur slitið kjaraviðræðum

**KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands (SGS) og Flóafélögin hafa slitið samningaviðræðum við samninganefnd sveitarfélaga.**

**Í tilkynningu frá SGS segir að deilt sé um kjör fjölmennasta hóps SGS-fólks hjá sveitarfélögunum, starfsfólks leik- og grunnskóla. Sá hópur muni aðeins fá rúmlega 20 þúsund króna hækkun frá til 31. janúar 2014 en launafólk á almennum markaði fái 34 þúsund á sama tíma.**

**Samninganefndir SGS og Flóans segjast hafna þessari framsetningu og kalla eftir því að sveitarfélögin fylgi fordæmi Reykjavíkurborgar.** - þj


HÓPKAUP.IS Í DAG

BRONCO ELEGANCE DÖMU OG HERRA, 21 GÍRA HJÓL

38.890 kr. GILDIR Í 24 TÍMA

Verð 59.900 kr. | Afsláttur 35% | Afsláttur í kr. 21.010 kr.




Bronco Elegance Dömu og Herra, 21 gíra borgarhjól með dempara að framan og dempara í sæti.

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


Skuldatryggingarálag ríkissjóðs rauk upp eftir útgáfu skuldabréfa í dollurum:

# Sérfræðingar segja kjörin góð

**EFNAHAGSMÁL** Skuldatryggingarálagið á ríkissjóð hefur rokið upp eftir skuldabréfaútboð ríkisins í Bandaríkjadölum á fimmtudag. Álagið stóð í tvö hundruð stigum á miðvikudag, stökk upp um 65 stig í fyrradag komst í 277 stig í gær.

„Þetta er eðlilegt, enda er þarna komið skuldabréf sem hægt er að stilla upp á móti skuldatryggingum,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

Þorbjörn Atli Sveinsson, sérfræðingur hjá greiningu Arion banka, er á sömu nótum og kollegi hans. „Þróun á skuldatryggingarálaginu er eins og við var að búast í kjölfar útboðsins, framboð af samningum um skuldatryggingar eykst og verðmyndun verður virkari en áður,“ segir hann og bætir við að útgáfan gefi ágæt fyrirheit hafi ríkið áhuga á frekari fjármögnun erlendis.

**Áhrif álagsins**

277 punkta skuldatryggingarálag merkir að það kostar 2,77 prósent af nafnvirði skuldabréfa til fimm ára að tryggja þau gegn greiðslufalli. Þegar verst lét í bankahruninu í október 2008 fór álagið í tæp fimmtán prósent.

Eins og fram hefur komið bera skuldabréfin fasta 4,9 prósenta vexti til fimm ára og jafngildir það 3,2 prósenta álagi á vexti á millibankamarkaði. Þeir Jón og Þorbjörn segja báðir kjörin góð. Jón bendir á að til samanburðar bjóðist þeim evruríkjum sem glími við fjárhagsvanda mun lakari kjör nú um stundir. Hann útilokar ekki að skuldatryggingarálagið á ríkissjóð hækki frekar, það kunni að færast nær 3,2 prósenta álaginu á skuldabréfin. - jab

**Þróun á skuldatryggingarálaginu í eitt ár**




Heimild: Keldan.is



Kringlan
Jibbí jei!
Fjölskylduhátíð í Kringlunni 9.–16. júní
Fullt af spennandi tilboðum!
Laugardagur 11. júní
Kl. 13.00
Íþróttaálfurinn og Solla Stirða skemmta og gefa Latabæjarís frá Kjörís
Kl. 14.00
Trúðurinn Wally sýnir kúnstir
Kl. 15.00
Salsa Iceland sýnir salsa dansa
Kl. 16.00
Ingó Veðurguð spilar
Hoppukastalar
Blöðrur
Candyfloss
Andlitsmálun
Mánudagur 13. júní
(opið 13–18)
Kl. 14.00
Íþróttaálfurinn og Solla Stirða skemmta
Kl. 16.00
Söngatriði úr Ballið á Bessastöðum
Kl. 15–16
Trúðurinn Wally skemmtir
Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ. Latibær®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.
Mán–mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

**GENGIÐ 10.06.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,43 | 114,97 |
| Sterlingspund | 186,28 | 187,18 |
| Evra | 165,35 | 166,27 |
| Dönsk króna | 22,168 | 22,298 |
| Norsk króna | 21,048 | 21,172 |
| Sænsk króna | 18,201 | 18,307 |
| Japanskt jen | 1,4283 | 1,4367 |
| SDR | 183,35 | 184,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,6298

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir sprengjur á þrotum í Líbíu:

# Gagnrýndi Natóríki harðlega

**BELGÍA** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, gagnrýndi ríki Atlantshafsbandalagsins (Nató) harðlega á fundi ríkjanna í gær. Hann segir skorta á pólitískan vilja og nægt fjármagn til hernaðar hjá mörgum ríkjum. Natό eigi ekki bjarta framtíð fyrir höndum nema fleiri ríki taki meiri þátt í verkefnum sambandsins.


ROBERT GATES

Gates varaði við því að Bandaríkin væru þreytt eftir áratug í stríði og erfiða fjárhagsstöðu. Þolinmæði og vilji þingsins muni þverra gagnvart sambandinu. Þar yrði ekki vilji til þess að auka fjárframlög fyrir ríki sem vilji ekki taka fullan þátt í verkefnum þess.

Þá gagnrýndi Gates ríki fyrir að uppfylla ekki skyldur sínar í Afganistan. Hann gagnrýndi þau þó enn meira fyrir framgang þeirra í Líbíu, og sagði að sprengjur væru að klárast eftir aðeins ellefu vikna loftárásir á landið. Önnur Natóríki hefðu ekki fjárfest í nægum vopnum til að standa í lengri átökum.

Talskona Nató, Oana Lungescu, sagði í gær að framkvæmdastjóri sambandsins, Anders Fogh Rasmussen, deildi þessum áhyggjum Gates. Ójafnvægi milli Evrópu og Bandaríkjanna sé staðreynd og Evrópuríki gætu dregist enn frekar aftur úr Bandaríkjunum. **- þeb**

Tvær af 53 stóðust skoðun:

## Fæðubótarefni eru illa merkt

**HEILBRIGÐISMÁL** Fæðubótarefni eru oft illa merk og innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem þau selja er oft ábótavant. Þetta var niðurstaða könnunar sem Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna stóðu að síðastliðinn vetur.

Aðeins tvær vörutegundir af þeim 53 sem athugaðar voru í þessu verkefni uppfylla öll ákvæði helstu laga og reglugerða sem um þau gilda. Niðurstaða sams konar verkefnis árið 2006 var á svipuðum nótum og því ljóst að ástand fæðubótarefna á markaði hefur lítið skánað síðan 2006. **- jss**


**KJARADEILUR** Icelandair stendur í kjaradeilum við flugvirkja og flugstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kjaradeilur Icelandair:

## Flugmenn kjósa um aðgerðir

**KJARAMÁL Flugmenn Icelandair hafa hafið atkvæðagreiðslu um að boða til verkfallsaðgerða.**

**Í tilkynningu frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna segir að viðræður hafi verið árangurslausar. Verði aðgerðirnar samþykktar mun yfirvinnubann hefjast 24. júní. Icelandair á einnig í kjaradeilum við flugvirkja, sem lögðu niður vinnu hluta úr degi síðustu þrjá daga. Fundað var á ný í gær, en ef þær viðræður skila ekki árangri munu flugvirkjar aftur grípa til aðgerða 20. júní. -þj**

Búið að bíða í tæp þrjú ár:

## Tölvupóstur Palin gefinn út

**BANDARÍKIN, AP** Yfirvöld í Alaska gerðu í gær opinberan tölvupóst Söruh Palin frá því að hún var ríkisstjóri þar.

Margir fjölmiðlar og einstaklingar höfðu óskað eftir því að fá aðgang að tölvupósti hennar í aðdraganda síðustu forsetakosninga í Bandaríkjunum.

Tölvupósturinn þykir gefa innsýn í starf hennar sem ríkisstjóri, leið hennar að útnefningu sem varaforsetaefni og erfiðleika í tengslum við fjölskyldu hennar. **- þeb**

# Aukið frelsi veldur meiri skattsvikum

**Aukið frelsi, minna eftirlit og undanþágur leiða til vaxandi skattsvika. Svört atvinna og skipulögð glæpastarfsemi virðist geta þrifist án sýnilegra vandkvæða. Skattyfirvöld þurfa úrræði, segir sviðsstjóri hjá Ríkisskattstjóra.**

**FJÁRMÁL** Svört atvinna og skipulögð glæpastarfsemi getur þrifist innan félaga á Íslandi án sýnilegra vandkvæða vegna sveigjanleika í félagafrelsi, að mati Aðalsteins Hákonarsonar, sviðsstjóra eftirlitssviðs Ríkisskattstjóra. Hann skrifar grein í nýjasta tölublað fréttablaðs RSK, Tíund.

Aðalsteinn segir að þeir sem vinni við skatteftirlit sjái þess merki að aukið frelsi á sumum sviðum atvinnulífsins, minna eftirlit og undanþáguákvæði í lögum leiði af sér vaxandi tilhneigingu til skattasniðgöngu. Það séu ekki smámunir, heldur skipulagður ásetningur sem oftar en ekki sé stór í sniðum. Jafnvel sé um að ræða skipulagða glæpastarfsemi. Undanþágur og aukið frelsi hafi veitt lögbrjótum meira skjól og fleiri dæmi séu nú en áður um að einstaklingar hafi búið til eigin reglur og aðferðir við skattskil í þessu skjóli.



**RÍKISSKATTSTJÓRI** Sviðsstjóri hjá Ríkisskattstjóra segir óheft frelsi og undanþágur í lögum leiða af sér óvenjuleg og oft ólögleg viðskipti, aukið flækjustig og undanskot á sköttum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nánast ótakmarkað frelsi til að stofna félög hefur orðið til þess að menn eigi fjölmörg slík og ef einhverju þeirra gengur illa er það skilið eftir í reiðuleysi, eignir þess seldar til annars félags eða teknar í notkun af öðru félagi. Dæmi séu um félög sem hefji viðskipti og semji aldrei ársreikning eða skili skattframtali. „Þegar stjórnvald fer að amast við slíkum félögum þá eru þau yfirgefin eins og sökkvandi skip og nýtt félag stofnað eða tekið í notkun til að halda áfram.“

Þá segir Aðalsteinn að æ algengara sé að félög kaupi eða eignist aflahlutdeild eða aflamark án þess að eiga nokkurt skip. „Oft eru engar upplýsingar um undirliggjandi magn þótt viðskiptin séu upp á hundruð milljóna.“

Einnig sé félögum skipt upp í öllum mögulegum tilgangi, oft til skattahagræðingar. Þá hafi samrunar fyrirtækja farið úr böndunum og gangi út á að búa til veikari einingar en áður. Þessi staðreynd blasi við í hundraðavís í íslensku viðskiptalífi og sé án efa einn af orsakavöldum hrunsins.

Hefðbundið skatteftirlit með núverandi mannafla hefur engan möguleika á að ráða við allt sem aflaga fer í skattaumhverfinu, segir Aðalsteinn. Þeir sem valdið hafa mættu leiða hugann að því hvort ekki sé best að lagfæra regluverkið með því að setja inn aukin skilyrði og takmörk, og einnig bæta þau úrræði sem bæði skattyfirvöld og innheimtumenn skatta geta gripið til.

„Skattyfirvöld þyrftu einnig úrræði til að bregðast við skipulögðum undanskotum.“ Þau ættu til dæmis að geta fært skyldur félaga með takmarkaða ábyrgð yfir á eigendur þeirra persónulega, ef félögin skila ekki gögnum.

**thorunn@frettabladid.is**


**BANNAÐ AÐ LEGGJA** Brögð eru að því að bann við því að lagt sé við inngang Hörpu hafi ekki verið virt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Merkingar bættar við Hörpu:

## Ekki má leggja við innganginn

**SAMGÖNGUR** „Menn geta ekki lagt beint fyrir framan inngang byggingа. Það ættu þeir að vita sem hafa ekið bifreið,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.

Brögð hafa verið að því að fólk leggi bílum fyrir framan Hörpu og hunsi merkingar sem banna slíkt. Höskuldur segir unnið að því að bæta úr til að tryggja að bannið fari ekki framhjá neinum. Þá verður eftirlit aukið og þeir sektaðir sem leggja ólöglega. **- jab**

Matareitrunin í Þýskalandi:

## Sýkingin rakin til baunaspíra

**ÞÝSKALAND Þýskir embættismenn tilkynntu í gær að kólígerlasýkingin, sem dregið hefur að minnsta kosti 30 manns til dauða, væri upprunnin í baunaspírum. Þar með eru neytendur ekki lengur varaðir við að borða ferska tómata, gúrkur og salat.**

**Að loknum fundi Rússlandsforseta og forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sagði sá síðarnefndi að Rússar ætluðu að aflétta innflutningsbanni á grænmeti frá Evrópusambandinu. - ibs**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**NÆSTUM ÞVÍ BONGÓBLÍÐA**
Guði sé lof fyrir breytingar í veðrinu! Við megum vel við una um helgina í mildu og sólríku veðri. Bongóblíða er kannski ekki rétta orðið en þetta er þó nokkuð langt skref í rétta átt.



Á MORGUN
3-8 m/s, hvassara allra austast.

MÁNUDAGUR
5-13 m/s NV-til, annars 3-8.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
París | 18° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Borð og tveir stólar

**9.900,-**

**Garðsett**
Borð og tveir stólar
3899210



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR




**Húsasmiðjublaðið er komið til þín!**

**15.995,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rafmagnssláttuvél Texas Garden**
1000W, Sláttubreidd 33 cm.
Safnari 26 ltr .
Hæðarstillingar.
5085124

# LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR




**16.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Gasgrill**
**Sunset Tasman 200.**
Grillflötur 50x35,8 cm.
Hlíf yfir brennara.
3000391

**NILFISK®**

**Háþrýstidæla Nilfisk C100**
100 Bar, 1300W, 440 ltr/klst.
Slanga 5 m.
5254240

**14.995,-**




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Kælibox 24 ltr.**
3899342

**1.990,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**2.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Leikfangavagn**
3901436

**3.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Krokketsett**
3900432

**Matarstell**
Fjögurra manna
20 stk.
2006829

**3.990,-**

Tilvalið í bústaðinn



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

## KRAKKAFJÖR Í SKÚTUVOGI

Ís í brauðformi á **10KR,-** ALLA HELGINA

**SKOPPA & SKRÍTLA**
KL: 13:00 LAUGARDAG

## OPIÐ UM HVÍTASUNNUNA Í HÚSASMIÐJUNNI

| Verslanir | Hvítasunnudagur | Annar í hvítasunnu |
|---|---|---|
| HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI | LOKAÐ (Opið í Blómavali) | 11:00 - 19:00 |
| HÚSASMIÐJAN GRAFARHOLTI | LOKAÐ (Opið í Blómavali) | 11:00 - 18:00 |
| HÚSASMIÐJAN AKUREYRI | LOKAÐ (Opið í Blómavali) | 12:00 - 16:00 |
| HÚSASMIÐJAN SELFOSSI | LOKAÐ (Opið í Blómavali) | 12:00 - 16:00 |
| HÚSASMIÐJAN REYKJANESBÆ | LOKAÐ | 12:00 - 16:00 |

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## KJÖRKASSINN



*Ertu bjartsýn/n á gengi íslenska U-21 landsliðsins á Evrópumótinu í Danmörku?*

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að biskup Íslands eigi að segja af sér eftir niðurstöður rannsóknarnefndar kirkjuþings?*

Segðu þína skoðun á vísir.is.

vísir

Eignarhluti skilanefndar Landsbankans í Iceland Foods 190 milljarða króna virði:

# Fengu 13 milljarða í arð í fyrra

**VIÐSKIPTI** Breska matvörukeðjan Iceland Foods hagnaðist um 155,5 milljónir punda, jafnvirði 29 milljarða króna, fyrir skatt í fyrra. Til samanburðar nam hagnaðurinn 135,4 milljónum punda árið 2009.

Velta verslunarinnar nam 2,4 milljörðum punda í fyrra, rúmum fjögur hundruð milljörðum króna, og er það fimmtán prósenta aukning á milli ára.

Miðað við afkomuna má ætla að markaðsverðmæti matvörukeðjunnar liggi á bilinu 1,2 til 1,5 milljarðar punda, eða allt að 280 milljarðar króna. Skilanefnd gamla Landsbankans vinnur að sölu á 67 prósenta hlut sínum í versluninni og gæti verðmæti hans þessu samkvæmt numið á bilinu átta hundruð milljónum til einum milljarði punda, allt að tæpum 190 milljörðum króna, miðað við gengið krónu gagnvart pundi.




**EIN AF 800 VERSLUNUM** Rekstur Iceland Foods hefur skilað eigendum sínum vænum arði í gegnum árin.

Iceland Foods var áður að mestu í eigu Baugs Group og tengdra félaga og gjarnan líkt við gullnámu, slíkur var arðurinn af rekstri verslunarinnar. Þrotabú gamla Landsbankans fékk þrettán milljarða króna í arð í fyrra vegna afkomunnar árið 2009. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um arðgreiðslur vegna afkomunnar í fyrra, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. - jab

Svikið áfengi í umferð:

# Fjórir ferðamenn látnir

**TYRKLAND Fjórir ferðamenn hafa látist og margir veikst eftir að hafa drukkið tréspíra sem framreiddur var sem viskí í bátsferð utan við Bodrum í Tyrklandi. Talið er að um 12 þúsund flöskur með þessum banvæna drykk séu í umferð og er nú verið að kanna hvar þeim hefur verið dreift.**

**Fyrir tveimur árum létust þrír þýskir nemendur eftir að hafa drukkið eitrað áfengi í Tyrklandi. Piltarnir töldu sig vera að drekka vodka en höfðu í raun drukkið tréspíra.** - ibs



**GRÍMSVATNAGOS** Ef gróður verður ekki styrktur á svæðinu er hætt við að íbúar þurfi að þola öskufok reglulega á næstu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landgræðsla á gossvæðum:

# 40 milljónir vegna öskufoks

**NÁTTÚRA** Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að setja fjörutíu milljónir króna í landgræðslu á svæðum þar sem mikið öskufall varð í Grímsvatnagosinu.

Ef ekkert verður að gert mega íbúar á þessum svæðum eiga von á öskufoki næstu mánuði. Landgræðslan lagði því til að gripið yrði til aðgerða til að draga úr öskufoki. Aðgerðirnar felast í sáningu, áburðargjöf og annars konar gróðurstyrkingu.

Til viðbótar fjárveitingu stjórnvalda ætlar Landgræðslan að verja 7,5 milljónum í verkefnið, sem hún mun sinna. - þeb

Bifreiðaumboð til sölu:

# Söluferli gæti hafist í ágúst

**VIÐSKIPTI Bifreiðaumboðin Ingvar Helgason og Bifreiðar og landbúnaðarvélar verða mögulega auglýst til sölu í ágúst.**

**Í fréttatilkynningu segir að Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hafi verið falinn undirbúningur á sölu BLIH ehf., sem er móðurfélag fyrirtækjanna tveggja.**

**Eigendur BLIH eftir endurskipulagningu eru Miðengi ehf., dótturfélag Íslandsbanka, SP fjármögnun hf. og Lýsing hf. Stefnt er að því að söluferlið hefjist í ágúst og verður þá tilkynnt um tímasetningar og kröfur til hugsanlegra kaupenda.** - þj

# Íslendingum ber að borga

**Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út rökstutt álit um að Íslendingum beri að borga lágmarkstryggingar til eigenda innstæðureikninga Icesave. Málið fer fyrir dómstóla verði ekki greitt innan þriggja mánaða.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur fram í nýju áliti ESA um Icesave og hvaða afleiðingar hefur það?

Íslendingum ber að greiða lágmarksinnstæðutryggingu vegna Icesave-reikninganna, samkvæmt áliti ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar er vísað til mismununar á innlendum og erlendum innstæðueigendum.

Lárus Blöndal lögmaður, sem sat í Icesave-nefndinni fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, segir þessa niðurstöðu ekki koma á óvart. Það að niðurstaðan byggi á mismunun en ekki ríkisábyrgð á lágmarksinnistæðum sé þó verri kostur af tveimur slæmum. Dæmi EFTA-dómstóllinn út frá sömu forsendum gæti það þýtt að Íslendingar yrðu að greiða innistæðurnar að fullu.

Eftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að lágmarkstrygginginn skuli greidd, en hún nemur ríflega tuttugu þúsund evrum. „Stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að það hafi verið ólögmæt mismunun að innstæðueigendur í íslenskum útibúum hafi haft aðgang að sínu fé, en ekki þeir í erlendu útibúunum. Álitið byggir á því að rök Íslendinga í málinu standist ekki og þá er það jafn ólögmæt mismunun að hinir hafi ekki aðgang að því sem er umfram lágmarkið,“ segir Lárus. „En við eigum auðvitað okkar varnir fyrir EFTA-dómstólnum.“

Lárus og fleiri vöruðu við þessari niðurstöðu á sínum tíma. Hætt er við að Íslendingum muni reynast erfitt að uppfylla skilyrði álitsins, en samkvæmt því ber þeim að greiða upphæðina á næstu þremur mánuðum. Um rúmlega 700 milljarða króna er að ræða.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að gera hafi mátt ráð fyrir þessari niðurstöðu.

„Ég hef lagt áherslu á að íslensk stjórnvöld byggju sig undir þetta og ég geri ráð fyrir því að menn hafi þegar hafið undirbúning að málsvörn fyrir EFTA-dómstólnum, ef málið fer þangað. Ég bind vonir við að þrotabúið geti staðið undir öllum þessum kröfum, en það getur tíminn einn leitt í ljós.“

Frosti Sigurjónsson, sem var í forsvari fyrir Kjosum.is, og barðist gegn Icesave-samningunum, segir hins vegar að þessi niðurstaða hafi komið honum á óvart.

„Þetta kemur á óvart miðað við þau rök sem við vorum búin að færa í málinu. Þetta er hins vegar ekki endapunktur og ég held að það sé afskaplega fráleitt að þetta fari svona fyrir dómstólum. Nú verðum við bara að takast á fyrir rétti. Ég hefði hins vegar haldið að þeir hefðu látið sannfærast af svarbréfinu, sem var ágætt,“ segir Frosti og vísar þar til svarbréfs íslenskra stjórnvalda til stofnunarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur það hlutverk að tryggja að Ísland, Noregur og Liechtenstein uppfylli skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Tilskipun um innstæðutryggingar er hluti af þeim samningi og samkvæmt áliti stofnunarinnar bar Íslandi að tryggja hverjum sparifjáreiganda 20.000 evrur í kjölfar falls Landsbankans, og útibúa hans í Bretlandi og Hollandi, í október 2008. Það er því álit stofnunarinnar að Ísland hafi brotið gegn tilskipuninni með því að tryggja ekki greiðslu lágmarkstryggingarinnar.

Í maí 2010 var stjórnvöldum sent áminningarbréf þar sem Eftirlitsstofnunin gerði grein fyrir afstöðu sinni. Ísland svaraði bréfinu í maí 2011 en stofnunin hefur nú hafnað þeim rökum sem þar komu fram.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagðist í samtali við Vísi ekki óttast dómstólaleiðina. Íslendingar hefðu sterk rök í málinu og mikil samstaða hefði verið um málsvörnina.

„Icesave-málið varð til vegna útrásar Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Við höfum sem þjóð og stjórnvöld reynt að takast á við málið og leysa það. Eins og staðan er í dag eru ekki aðrir kostir í stöðunni en að sækja það með skýrum hætti gagnvart eftirlitsstofnuninni en ef hún kýs að fara með það fyrir dóm tökum við til varnar þar. Við höfum sterk og skýr rök og svo verðum við að lifa með niðurstöðu dóms,“ sagði Árni Páll í samtali við Vísi. kolbeinn@frettabladid.is



**NEITAÐI AÐ STAÐFESTA** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, neitaði að staðfesta lögin um Icesave og þjóðin felldi þau síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Ísland braut gegn tilskipun EFTA

Í yfirlýsingu frá EFTA segir: „Íslensk stjórnvöld gerðu greinarmun á innstæðueigendum í íslenskum útibúum og útibúum erlendis þegar gripið var til neyðarráðstafana í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Innstæður í innlendum útibúum voru aðgengilegar þar sem þær voru fluttar í nýju bankana, þar á meðal Nýja Landsbankann. Innstæðueigendur í erlendum útibúum höfðu hins vegar ekki aðgang að reikningnum sínum og nutu ekki þeirrar lágmarksverndar sem tilskipun [EFTA] mælir fyrir um. Tilskipunin kveður á um að innstæðutryggingakerfi skuli taka til allra innstæðueigenda og heimilar þar af leiðandi ekki slíka mismunun á sparifjáreigendum. Ísland braut því gegn tilskipuninni með því að tryggja ekki greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í Icesave.“

Ísland fær þrjá mánuði til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að álitinu. Fari Ísland ekki að álitinu, getur ESA ákveðið að leggja málið fyrir EFTA-dómstólinn.

Íslendingar drógu það of lengi að greiða innstæðueigendum, segir forseti ESA:

# „Nú verðið þið að borga“

„Við höfum verið mjög þolinmóð og gefið lengri frest en aðrir fá. En nú verðið þið að borga,“ segir Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA.

ESA sendi stjórnvöldum áminningarbréf í maí í fyrra þar sem lýst var þeirri skoðun að Íslendingar hefðu ekki farið eftir tilskipun samnings Evrópska efnahagssvæðisins (EES) um innstæðutryggingar. Stjórnvöld svöruðu bréfinu í maí síðastliðnum og mótmæltu.

ESA heldur fast við sinn keip og hefur nú gefið stjórnvöldum þriggja mánaða frest til viðbótar til andsvara. Berist svarið ekki innan marka eða það sé ekki fullnægjandi mun Icesave-málið fara fyrir EFTA-dómsstólinn.

Per Sanderud segir Íslendinga hafa með réttu átt að greiða innstæðutrygginguna skömmu eftir hrunið. Að gefnum öllum frestum rann gjalddaginn upp í október 2009.



**PER SANDERUD** Þolinmæði okkar er á þrotum, segir forseti Eftirlitsstofnunar EFTA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ESA ákvað hins vegar að bíða með ákvörðun sína þar til viðræðum samninganefndar við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi lyki.

„Við höfum ekki viljað blanda okkur í mál ykkar og verið þolinmóð. En nú hafið þið kosið um það í tvígang. Nú hefur liðið svo langur tími síðan þið áttuð að greiða trygginguna að við getum ekki beðið lengur,“ segir Sanderud. Hann leggur áherslu á að um mikilvægt neytendamál sé að ræða, innstæðueigendur verði að geta treyst því að fá lágmarkstrygginguna greidda.

Álit ESA er ekki í mótsögn við neyðarlögin þótt þar sé komið inn á mismunun stjórnvalda á innstæðueigendum eftir þjóðerni. Það snýst öðru fremur um tilskipun um innstæðutryggingar sem Íslendingar undirgengust þegar EES-samningurinn var fullgildur. „Þið verðið að uppfylla þær skyldur sem stjórnvöld hafa gengist undir með aðild sinni að EES-samningnum,“ segir Sanderud. - jab



# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til mánudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Gino Ventori® · DreamTeam · bullboxer · ecco · aze · STUDIO London · FILANTO · Skoppa & Skrítla · viking Guaranteed waterproof footwear · true · Ella SHOES · Duffy · Cars · melania® · grisport · Waterland · SPIDERMAN · DORA

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út mánudaginn 13. júní 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða íslenska sjónvarpskona kom fram í kveðjuþætti fyrir Opruh Winfrey í Bandaríkjunum?*
2. *Hve há er nýumsamin erlend skuldabréfsútgáfa ríkisins?*
3. *Hverrar tegundar voru hundar sem lögðust á fé í Eyrarbakkahreppi á fimmtudag?*

**SVÖRIN**

*1. Sigrún Ósk Kristjánsdóttir. 2. Upp á einn milljarð dala, eða sem nemur 114 milljörðum króna. 3. Þeir voru af Boxer-kyni.*

Tveir ætlaðir meðlimir í Hells Angels handteknir með 120 kannabisplöntur:

# Vélhjólamenn með haglabyssur

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn á þrítugsaldri, sem lögreglan telur að séu meðlimir Íslandsdeildar Hells Angels, voru handteknir fyrr í vikunni við iðnaðarhúsnæði í austurborginni.

Við húsleit þar fundust rúmlega 120 kannabisplöntur á nokkrum ræktunarstigum. Það er mat lögreglu að ræktunin, sem var á tveimur hæðum í húsinu, hafi verið þar í nokkurn tíma.

Við húsleitina fundust einnig tvær haglabyssur, tvíhleypa og hálfsjálfvirk. Búið var að sverfa verksmiðjunúmerið af báðum byssunum. Áhugi meðlima Hells Angels á að safna vopnum er þó þekktur víða um heim, að sögn lögreglunnar. Haglabyssurnar eru nú í skoðun.



**TVÆR BYSSUR** Byssurnar sem teknar voru. Lögreglan rannsakar nú uppruna þeirra.

Ýmis gögn er tengjast Hells Angels fundust á staðnum, en tveir aðrir karlmenn á þrítugsaldri sem hafa tengingu við klúbbinn voru einnig yfirheyrðir vegna málsins.

Rannsóknin er liður í samvinnu lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum sem beinist gegn skipulagðri brotastarfsemi, meðal annars þeirri sem tengist alþjóðlegum vélhjólahópum. - jss

Austurríki í söluhugleiðingum:

# Alpatindar auglýstir til sölu

**AUSTURRÍKI** Austurríska ríkið vill selja tvo fjallstinda í Ölpunum fyrir sem samsvarar um 20 milljónum íslenskra króna. Bæði fjöllin, Grosser Kinigar sem er 2.690 m hátt og Rosskopf sem er 2.600 m, eru við landamæri Ítalíu.

Josef Ausserlechner, bæjarstjóri í bænum Kartitisch sem er við rætur þessara fjalla, bendir á að Grikkir selji eyjarnar sínar. Yfirvöld í Kartitisch hafa áhuga á að bjóða í tindana. Bæjarstjórinn hefur þó ekki áhuga á að greiða nema lítið brot af upphæðinni. - ibs

Ingvi Hrafn og frú á skilorð:

# Eiga ekki fyrir áfrýjun málsins

**DÓMSMÁL** „Við erum dæmd fyrir skattalagabrot sem aldrei voru framin af ásetningi heldur vegna vanrækslu og afglapa löggilts endurskoðanda sem við treystum," segir Ingvi Hrafn Jónsson, sjónvarpsstjóri ÍNN.

Ingvi var í gær dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir skattsvik við rekstur fyrirtækisins Langárveiða. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða fimmtán milljónir króna í sekt. Eiginkona hans hlaut þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm og til að greiða átta milljóna króna sekt.

„Við berum ábyrgð á þessu, þannig eru lög landsins. Við erum búin að eyða langleiðinni í tíu milljónir króna í að sortera úr óreiðunni og eigum enga peninga til að áfrýja," segir Ingvi Hrafn. Dómurinn muni því standa. - sh

Ný gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar í Búrfellsstöð opnar á morgun:

# Sambland af fræðslu og fróðleik

**ORKUMÁL** Ný sýning verður opnuð almenningi í Búrfellsstöð á morgun en þar eru endurnýjanlegir orkugjafar kynntir á gagnvirkan hátt.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að markmiðið með sýningunni sé bæði að skemmta gestum og fræða þá um vinnslu og notkun endurnýjanlegrar orku. Gestir geta meðal annars spreytt sig á því að virkja vatnsfall í þar til gerðu líkani.

Ragna Sara Jónsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, segir í samtali við Fréttablaðið að undirbúningur hafi staðið frá síðasta hausti, en fyrirtækið Gagarín hannaði sýninguna.

„Við lögðum upp með að miðla upplýsingum á áhugaverðan og skemmtilegan hátt. Þetta er liður í því hjá okkur í Landsvirkjun að opna fyrirtækið enn frekar og stuðla bæði að gagnsæi og aukinni umfjöllun um orkumál almennt."



**FRÓÐLEGT** Á sýningunni í Búrfellsstöð má meðal annars sjá þetta líkan af virkjuninni. MYND/LANDSVIRKJUN

Um eins og hálfs tíma akstur er upp að Búrfellsstöð frá Reykjavík en Ragna Sara segist fullviss um að margir eigi eftir að leggja leið sína á sýninguna, enda sé margt skemmtilegt hægt að gera og sjá í nágrenni virkjunarinnar. - þj

Clinton sögð íhuga afsögn:

# Sögð vilja í Alþjóðabankann

**WASHINGTON Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur hug á að verða yfirmaður Alþjóðabankans. Heimildarmenn fréttastofu AFP segja hana hafa rætt við embættismenn í Hvíta húsinu um afsögn sína á næsta ári. Embættismenn í Washington segja að Hillary Clinton hafi ekki rætt við neinn í Hvíta húsinu né nokkurn annan um að gerast yfirmaður Alþjóðabankans.**



HILLARY CLINTON

**„Hún hefur alls engan áhuga á starfinu og myndi ekki taka því þótt það byðist," sagði Philippe Reines, náinn samstarfsmaður Obama forseta.** - ibs


# MISMUNUN!



Ert þú starfsmaður á leik- eða grunnskóla og tekur laun skv. launaflokki 119? Veistu að sveitarfélögin utan Reykjavíkur eru að bjóða þér minni launahækkanir en öðrum?

Getur þú sætt þig við það?

Er það vilji sveitarstjórnarmanna að verðmeta störf sumra lægra en annarra?

Starfsgreinasamband Íslands | Sætúni 1 | 105 Reykjavík | 5626410 | sgs@sgs.is | sgs.is

Starfsgreinasamband Íslands

# Við byrjum nú þegar að endurreikna lán fyrirtækja

**Dómur féll í Hæstarétti** á fimmtudag þar sem tekinn var af vafi um lögmæti gengistryggingar lána fyrirtækja við erlenda mynt. Landsbankinn fagnar því að þessari óvissu hafi verið eytt. Það er von bankans að í kjölfarið muni fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja ganga hraðar.



*Með dómi Hæstaréttar lýkur óvissu fjöldamargra fyrirtækja um fjárhagsstöðu þeirra.*

*Traust staða fyrirtækja felur í sér gagnkvæman ávinning Landsbankans og viðskiptavina hans. Það er einn af hornsteinum nýrrar stefnu bankans að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu á farsælan hátt.*

### Endurútreikningur hefst nú þegar

Landsbankinn var undir það búinn að dómur kynni að falla á þessa vegu. Við getum því gengið beint til verks og endurreiknað lán þar sem lánsform kveða á um sömu efnisatriði og dæmd hafa verið ólögmæt af hálfu Hæstaréttar. Við endurútreikning verður miðað við lægstu óverðtryggða útlánsvexti Seðlabanka Íslands eins og þeir voru á hverjum tíma. Endurútreikningi verður lokið eins hratt og auðið er.

**Við munum endurreikna tæplega 4.000 lán**

### Næstu skref

Viðskiptavinum standa til boða tvær leiðir til að greiða af lánum sínum meðan á endurútreikningi stendur:

1. Að greiða áfram af láninu með óbreyttum hætti.
2. Að greiða 55% af fjárhæð skv. síðustu greiðslutilkynningu af láninu.

### Óvissu lokið

Sú lagalega óvissa sem ríkt hefur um lögmæti gengistryggingar lána við erlenda mynt hefur tafið úrvinnslu skuldamála fyrirtækja. Það er því von bankans að þeirri óvissu hafi nú verið eytt og bankinn og viðskiptavinir hans geti lokið málum á farsælan hátt.

### Traust fjárhagsstaða

Dómur Hæstaréttar staðfestir niðurstöðu héraðsdóms fyrr á þessu ári. Sérstök gjaldfærsla, sem nam 18,1 milljarði króna, var færð í reikninga bankans á síðasta ári til að mæta áhrifum þessa dóms og annarra. Niðurstaða dóms Hæstaréttar mun því ekki hafa frekari áhrif á fjárhagsstöðu bankans.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**FRÉTTASKÝRING:** Niðurstöður rannsóknarnefndar um viðbrögð starfsmanna þjóðkirkjunnar

# Vígðum þjónum kirkjunnar urðu á alvarleg mistök í biskupsmálinu

**Rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar telur að Karli Sigurbjörnssyni og öðrum vígðum þjónum kirkjunnar hafi orðið á mistök í starfi er ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi komu fram árið 1996 og 2009.**



**KIRKJAN BRÁST** Rannsóknarnefndin, þau Þorgeir Ingi Njálsson, Róbert R. Spanó og Berglind Guðmundsdóttir, gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar. Skýrslan er rúmlega 330 blaðsíður og hefur nefndin verið að störfum síðan í nóvember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar hefur lokið störfum og gefið út ítarlega skýrslu þar sem biskupsmálið er rakið og viðbrögð kirkjunnar tilgreind. Þá leggur nefndin fram tillögur um úrbætur í starfsháttum kirkjunnar sem verða teknar fyrir á kirkjuþingi á þriðjudag.

„Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ýmislegt hafi farið úrskeiðis [er varðar viðbrögð kirkjunnar við ásökunum á hendur leiðtoga hennar] og mistök verið gerð. Þótt þær aðstæður sem prestar og aðrir starfsmenn kirkjunnar stóðu frammi fyrir á árinu 1996 hafi vissulega verið mjög erfiðar einkenndust vinnubrögð þeirra af ráðaleysi og skorti á faglegum og vönduðum vinnubrögðum. Þessi almenna ályktun á einnig við um viðbrögð kirkjunnar á árunum 2008 til 2010 þegar málið var aftur til meðferðar á vettvangi hennar.“

Rannsóknarnefnd kirkjuþings var kjörin til að rannsaka viðbrögð og starfshætti vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar vegna ásakana dóttur Ólafs, Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur, Dagbjartar Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur á hendur biskupi um kynferðisbrot.

### Biskup Íslands gerði mistök

Róbert R. Spanó, formaður rannsóknarnefndarinnar, segir Karl Sigurbjörnsson hafa gert mistök í starfi sínu í tvígang. Fyrst árið 1996 þegar hann tók að sér sálgæslu- og sáttahlutverk á milli Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Ólafs Skúlasonar, þegar hann hafði komið að málinu persónulega daginn áður á vettvangi kirkjuráðs.

Síðan hafi ýmis mistök verið gerð af hálfu kirkjunnar þegar mál Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur kom inn á borð Biskupsstofu í mars árið 2009. Það eru talin ámælisverð vinnubrögð að leysa ekki úr máli Guðrúnar Ebbu heldur láta hana bíða í rúmt ár eftir viðbrögðum. Það sé ótvíræð niðurstaða nefndarinnar að Karl Sigurbjörnsson hafi sem biskup og forseti kirkjuráðs borið ábyrgð á þeim mistökum.

Rannsóknarnefndin sendi Karli Sigurbjörnssyni bréf í apríl þar sem honum var gefinn kostur á að svara fyrir sig. Í svari hafnar biskup að hafa gert mistök í starfi sínu, hvort sem var árið 1996 í máli Sigrúnar Pálínu eða árið 2009 þegar Guðrún Ebba bað um áheyrn kirkjuráðs á Biskupsstofu.

Biskup segir þó í svari sínu að eftir á að hyggja hafi verið umdeilanlegt hvort rétt hafi verið staðið að málum þegar kirkjuráð ákvað að gefa út yfirlýsingu þar sem biskupi var sýndur stuðningur.

„Ég tel mikilvægt að litið sé til þeirra erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem uppi voru um þetta leyti,“ segir Karl í svari sínu. „Mikill þrýstingur var af hálfu biskups og annarra kirkjuráðsmanna að kirkjuráð gæfi út yfirlýsingu vegna þess fárs sem geisaði í kringum málið.“

Ólafur Skúlason fór fram á það við kirkjuráð og prófasta að gefin yrði út stuðningsyfirlýsing þar sem ásökununum yrði lýst sem áburði á hendur honum og hann væri saklaus af. Í framburði Karls fyrir rannsóknarnefndinni sagði hann að ræða Ólafs yfir kirkjuráði hefði verið „mjög tilfinningaþrungin,“ og „mjög erfitt að sitja undir,“ að því er fram kemur í skýrslunni, þar sem einnig er sérstaklega tekið fram að ljóst sé að Ólafur Skúlason hafi haft mikinn og ráðandi persónuleika og áhrif hans á samstarfsmenn sína hafi verið mikil.

### Fleiri prestar harðlega gagnrýndir

Nefndin telur að ekki leiki nokkur vafi á því að meta beri framgöngu einstakra presta í málinu árið 1996 í því ljósi að ásakanirnar beindust að æðsta yfirmanni þeirra. Ólafur hafði veruleg áhrif á samstarfsmenn sína og það liggi einnig ótvírætt fyrir að hann hafi sjálfur gerst sekur um trúnaðarbrot við meðferð málsins.

Þá gerir nefndin sérstaklega athugasemdir við ákvörðun Baldurs Kristjánssonar, varaformanns stjórnar Prestafélags Íslands, sem á sama tíma gegndi starfi biskupsritara og vann því náið með biskupi, að sitja áfram fundi stjórnarinnar þar sem erindi kvennanna voru til umfjöllunar. Grunsemdir hafi verið uppi um að upplýsingum hafi verið lekið til biskups af hálfu stjórnarmanna í félaginu, en þetta hefur nefndin ekki fengið staðfest. Þá hefði stjórnin einnig átt að krefjast þess tafarlaust að Baldur viki sæti á meðan málin voru til umfjöllunar.

Gerðar eru athugasemdir við aðkomu Vigfúsar Þórs Árnasonar að stuðningsyfirlýsingu við Ólaf Skúlason. Er það gert í ljósi þess að Vigfús hafði nokkrum mánuðum áður gerst sálusorgari Sigrúnar Pálu og hlýtt á frásögn hennar um að biskup hafði beitt hana ofbeldi. Hafi hann því ekki hugað að skyldum sínum gagnvart skjólstæðingi sínum með því að styðja biskup í kjölfarið.

Stjórn Prestafélags Íslands er gagnrýnd í skýrslu nefndarinnar, sem telur hana hafa vanrækt hlutverk sitt samkvæmt lögum og siðareglum félagsins í framhaldi af máli Sigrúnar Pálínu. Geir Waage var formaður Prestafélagsins árið 1996. Hann mótmælir því að mistök eða vanræksla hafi átt sér stað af hálfu stjórnarinnar í andmælabréfi til nefndarinnar.

### Biskup tjáir sig ekki

Karl Sigurbjörnsson biskup vill ekkert tjá sig við fjölmiðla um niðurstöður skýrslunnar. Ekki hefur verið hægt að ná í hann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Starfsfólk Biskupsstofu segir Karl farinn úr bænum til að fá ró og næði til að fara yfir skýrsluna og muni fyrst tjá sig um efni hennar á kirkjuþingi 14. júní næstkomandi þar sem innihald hennar verður tekið fyrir.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is


## Biskup íhugi stöðu sína

„Mér finnst rétt að biskupinn íhugi stöðu sína eftir þessa skýrslu og mér finnst mikilvægt að heyra hvað hann hefur að segja um þetta mál,“ segir Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Reykjavík. Hún segir boltann nú vera hjá biskupi og öðrum þeim sem nefndin telur að hafi gert mistök í ferlinu.


**SIGRÍÐUR GUÐMARSDÓTTIR**

„Skýrslan er mikil að vöxtum og það liggur ljóst fyrir að það var þörf á þessari vinnu. Ég er mjög slegin yfir efni hennar og finnst hún marka ákveðin tímamót,“ segir Sigríður. „Þarna er mikið efni, bæði gott og skelfilegt.“

Sigríður hefur hugsað sér að tjá sig um efni skýrslunnar á næstu dögum.

## Undirbýr málsókn

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir, eitt fórnarlamba Ólafs Skúlasonar, vill að Karl Sigurbjörnsson segi af sér sem biskup, að því er fram kom í fréttum RÚV í gærkvöld. Hún hefur ráðið lögmann sem undirbýr málsókn meðal annars á hendur Karli, sem gæti hlaupið á tugum milljóna.

Telja kirkjuráð og prófasta hafa gert alvarleg mistök með yfirlýsingum sínum:

# Yfirlýsing tilraun til þöggunar

Rannsóknarnefndin telur að þeir kirkjunnar menn sem stóðu að yfirlýsingu kirkjuráðsins, þar sem lýst er stuðningi við Ólaf Skúlason í mars árið 1996, hafi gert alvarleg mistök með því að gefa hana út opinberlega á þeim tíma. Þá telur nefndin Prófastafélag Íslands, sem einnig birti stuðningsyfirlýsingu í sama mánuði, hafa með því einnig gert alvarleg mistök og yfirlýsingin sé talin tilraun til þöggunar.

Þeir sem eftirlifandi eru og áttu sæti í kirkjuráði árið 1996 eru Karl Sigurbjörnsson biskup og Helgi K. Hjálmarsson.

Þeir sem eftirlifandi eru og stóðu að yfirlýsingu Prófastafélags Íslands árið 1996 eru: Baldur Vilhelmsson, Björn Jónsson, Dalla Þórðardóttir, Davíð Baldursson, Flosi Magnússon, Guðmundur Þorsteinsson, Guðni Þór Ólafsson, Ingiberg H. Hannesson, Sigurjón Einarsson, Sváfnir Sveinbjarnarson og Örn Friðriksson.

Allir prófastar fengu send andmælabréf. Í svari Arnar Friðrikssonar, kemur meðal annars fram að hann trúi ekki einu orði sem komi frá konunum sem ásaka Ólaf. Framburður þeirra hafi verið ótrúverðugur og þær hafi sennilega verið að bera biskup sökum til þess að fá út úr honum peninga.

„Það er þekkt staðreynd, að stundum ljúga konur í slíkum málum, og hefi ég persónulega orðið fyrir slíku,“ segir í svari hans. Varðandi Ólaf Skúlason segir Örn:

„Það er athyglisvert, hvað Ólafur, þessi stóri og glæsilegi maður virðist hafa verið klaufskur í þessum málum. Árangurslausar tilraunir við ótal konur – og meira að segja ekki alltaf svo sérstaklega eftirsóknarverðar, að því er manni sýnist.“

## Afar ánægður með skýrsluna




„Sumpartinn finnst mér eins og nefndin hafi komið með sápu og vatn og svo er það okkar að þvo málið,“ segir Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot. „Mér þótti mikið til vinnu hennar koma.“

Gunnar Rúnar segir skýrslu rannsóknarnefndarinnar mjög vel unnið skjal. Nefndin hafi fengið send öll þau gögn fagráðsins sem hún bað um og telur hann að hún hafi komið með réttmætar ábendingar til ráðsins í skýrslunni.

„Þau sáu allt sem við höfum gert og fengu send gögn. Þau fengu yfirsýn yfir það hvernig við vinnum og hvernig við mótum, þróum og þroskum störf okkar,“ segir Gunnar Rúnar og telur að þær ábendingar sem fagráðið fékk í skýrslunni hafi verið réttmætar. Það snýr meðal annars að málefnum Guðrúnar Ebbu árið 2009.

„Það er greinilega margt sem má betur fara. Við tökum þessum ábendingum sem þarna eru. Annað væri bara heimska,“ segir formaður fagráðs þjóðkirkjunnar.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54893 05/11



„Að miðla verkum okkar höfunda til sem flestra, heima og erlendis.“




# Netbankaþjónusta

**– Rafræn þjónusta** fyrir fyrirtæki

—

## Hvað **skiptir** þig máli?

Það skiptir máli fyrir fyrirtæki eins og bókaútgáfuna Bjart & Veröld að hafa gott yfirlit yfir fjármál fyrirtækisins á einum stað. Þess vegna leggjum við hjá **Arion banka** mikla áherslu á að þróa nýjar lausnir í fyrirtækjabanka netbankans til að sinna þörfum fyrirtækja og félaga. Það **skiptir** máli.

Komdu í næsta útibú og ræddu við fyrirtækjaráðgjafa, hringdu í síma **444 7000** eða kynntu þér rafræna þjónustu fyrir fyrirtæki á **arionbanki.is**



„Að bankinn hafi áhuga og metnað til að byggja upp gott viðskiptasam-band.“








„Að hafa yfirsýn yfir fjármál útgáfunnar á einum stað, hvar og hvenær sem er.“

Pétur Már Ólafsson
Bjarti & Veröld

„Að bankinn okkar skilji að bók er ekki bara bók.“



„Að geta fylgst með stöðu allra reikninga á einum stað.“






Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

# Stjórnlagaráð leggur til að kosningakerfinu verði bylt

**Stjórnlagaráð leggur til að kjördæmaskipanin verði aflögð og persónukjör tekið upp til Alþingis. Atkvæðavægi skal jafnað og opnað er á kynjakvóta á þingi. Auknir möguleikar verða á þjóðaratkvæðagreiðslum.**

**STJÓRNARSKRÁ** Kjósendur munu geta valið frambjóðendur þvert á flokka og kjördæmi í alþingiskosningum verði róttækar tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á kosningakerfinu að veruleika. Þar er lagt til að atkvæðavægi skuli vera jafnt alls staðar á landinu.

C-nefnd stjórnlagaráðs, sem meðal annars hefur alþingiskosningar og kjördæmaskipan á sinni könnu, kynnti tillögur sínar um breytingar á kosningakerfinu á 12. fundi ráðsins í gær.

Þar er lagt til að hægt verði að bjóða sig fram til þings bæði einsamall og sem hluti af framboðslista. Kjósendur geti svo valið sér frambjóðendur þvert á listana.

Lagt er til að hin hefðbundna kjördæmaskipting heyri sögunni til, hins vegar verði hægt að kveða á um það í lögum að tiltekinn hluti þingsæta – þó aldrei meira en tveir fimmtu – verði bundnir kjördæmum, sem flest geti verið átta, en kjósendur geti eftir sem áður valið frambjóðendur þvert á kjördæmin. Þessari skipan verði ekki hægt að breyta nema með auknum meirihluta á Alþingi.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því að bundið yrði í stjórnarskrá að atkvæðavægi yrði alltaf eins jafnt og unnt væri milli kjördæmi.

Þá er lagt til að Alþingi geti sett lög um lágmarkshlutfall kynja á þingi.

Nefndin hafði einnig til umfjöllunar atriði sem varða lýðræðislega þátttöku almennings og kemur með tillögur í þá veru.

Meðal þeirra er að þriðjungur þingmanna geti skotið samþykktum lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá skuli einnig bera lög undir þjóðaratkvæði ef fimmtán prósent kosningabærra manna krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Atkvæðagreiðslan skuli þá fara fram innan árs frá samþykktinni.

Samkvæmt tillögunum yrðu þó ýmis lög ótæk í þjóðaratkvæði. Þannig væri ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög og fjáraukalög, lög um skattamálefni og ríkisborgararétt og lög sem sett eru fram til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.

stigur@frettabladid.is

## Breytt ákvæði um ráðherraábyrgð

B-nefnd stjórnlagaráðs leggur til að sérstök nefnd á vegum Alþingis, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, taki ákvörðun um að hefja rannsókn á embættisrekstri ráðherra og að skylt verði að hefja slíka forkönnun fyrir slíka rannsókn að kröfu þriðjungs þingmanna.

*Samkvæmt tillögu nefndarinnar getur ráðherraábyrgð komið til með þrennum hætti:*

- Í fyrsta lagi ber ráðherra ábyrgð á eigin embættisfærslu í þeirri stjórnsýslu og í þeim málefnum sem undir hann heyra.
- Í öðru lagi ber ráðherra ábyrgð á aðild sinni þegar ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega sem fjölskipað stjórnvald, það er í mikilvægum og stefnumarkandi málum. Ráðherra getur þó firrt sig slíkri ábyrgð með bókun í fundargerð ríkisstjórnar.
- Í þriðja lagi ber forsætisráðherra sjálfstæða ábyrgð á meginatriðum stjórnarstefnunnar og á verkstjórn sinni í ríkisstjórn, því að halda ríkisstjórnarfundi um mikilvæg málefni og að halda ráðherrum upplýstum.

*Mál af þessu tagi yrðu, samkvæmt tillögunni, rannsökuð af sérskipuðum saksóknara í hvert sinn og dæmt í þeim af stækkuðum Hæstarétti.*



**RÓTTÆKAR TILLÖGUR** Alþingiskosningar verða framvegis með töluvert breyttu sniði ef tillögur ráðsins verða að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SANAA** Stuðningsmenn Ali Abdullah Saleh, forseta Jemens, komu saman í Sanaa í gær. Annars staðar í borginni kröfðust hundrað þúsund manns þess að hann færi frá völdum strax. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðildarviðræðum er að ljúka:

## Króatar komist inn árið 2013

**EVRÓPUMÁL Framkvæmdastjórn ESB lagði til í gær að fjórum síðustu köflunum í aðildarviðræðum Króata yrði lokað. Við þetta aukast líkurnar á því að Króatía verði 28. ríkið sem fær aðild að ESB, sem gæti gerst í júlí 2013.**



**JOSE MANUEL BARROSO**

**José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, hrósar króatískum yfirvöldum í tilkynningu í gær fyrir að standast helstu skilyrði aðildar. Stækkun ESB snýst um trúverðugleika sambandsins og umsóknarríkjanna, segir hann. Innganga Króatíu sýni öðrum ríkjum Suðaustur-Evrópu að umbætur borgi sig.** - kóþ




# FYRIRTÆKI SEM TAKA VIÐ KORTAGREIÐSLUM ÞURFA AÐ SETJA UPP POSA SEM SNÝR AÐ VIÐSKIPTAVINUM

Um heim allan innleiða alþjóðlegu kortafyrirtækin kröfur um **öryggi í kortaviðskiptum,** til að sporna við fjársvikum skipulagðra glæpasamtaka. Nú er komið að íslenskum fyrirtækjum að uppfylla þessar kröfur.



**Korthafar** setja sjálfir kortið í posann og staðfesta viðskiptin með pinni í stað undirskriftar.

**Starfsfólk** þarf ekki lengur að bera saman undirskrift á korti og kvittun.



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ SJÁLFSTÆÐA POSA?

Þjónustuaðilar örgjörvaposa eiga tilbúnar lausnir, hvort sem hentar betur að setja upp tvo samtengda posa eða einn posa sem snúa má í báðar áttir.



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ AFGREIÐSLUKERFI?

Þjónustuaðilar afgreiðslukerfa eiga tilbúnar tengingar á milli kassa og örgjörvaposa.

**FARÐU Á WWW.PINNID.IS, FINNDU ÞJÓNUSTUAÐILA OG BYRJAÐU STRAX AÐ UNDIRBÚA FYRIRTÆKIÐ ÞITT FYRIR ÖRUGGARI KORTAVIÐSKIPTI.**

***_ PINNIÐ Á MINNIÐ

**Með verkefninu Pinnið á minnið er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi.** Íslensk fyrirtæki, korthafar, útgefendur greiðslukorta og færsluhirðar uppfylla þannig öryggiskröfur alþjóðlegu kortafyrirtækjanna sem innleiddar eru um allan heim. Greiðsluveitan ehf., dótturfyrirtæki Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd verkefnisins ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller (samstarfsaðila Kortaþjónustunnar). Verkefnið Pinnið á minnið er unnið með heimild Samkeppniseftirlitsins samanber ákvörðun 18/2010.

**www.pinnid.is**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
259 kr.
VINSÆLUSTU ÍSTOPPARNIR Í BÓNUS
8 STK. AÐEINS 498 KR.
BÓNUS PYLSA Í BRAUÐI
AÐEINS 55 KR.
BÓNUS PYLSUR 10 STK 599 KR.KG
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 KR.
U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN
BÓNUS ÍS 2 ltr
298 kr.
298 KR.1/2 KG
FILTER COFFEE
EUROSHOPPER KAFFI 500G
598 KR.200g
EUROSHOPPER INSTANTKAFFI 500G
KALDAR GRILLSÓSUR
198 KR.
KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML: PIPARSÓSA- HVÍTLAUKSSÓSA
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
BRAGÐAREFUR 2 ltr
398 kr.
359 KR. 36stk
EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR
159 KR. 200g
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR
198 KR.360g
BÓNUS BRAUÐSALAT; TÚNFISKUR-LAX & RÆKJUR-HANGIKJÖT
98 KR. 5 kökur
BÓNUS FLATKÖKUR
179 KR.350g
BÓNUS HRÁSALT 360g
198 KR.
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN 2 ltr.-198
598 KR. 3 kassar
GÓU ÞRENNAN PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR
498 KR.PK
NÓA KROPP 360g
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds
Coca-Cola zero 59 KR.
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

**1298 KR.KG**
Íslenskt **HEIÐALAMB**
með villtum Íslenskum kryddjurtum

ÍSLENSKAR KRYDDJURTIR
BLÓÐBERG, BIRKILAUF, AÐALBLÁBERJALYNG OG EINIR.

**1998 KR.KG**
KJÖRFUGL FERSKAR
**KJÚKLINGABRINGUR**

**598 KR.KG**
KJARNAFÆÐI
**REYKTUR GRÍSABÓGUR**

**598 KR.KG**
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

**698 KR.KG**
KJÖRFUGL FERSKUR **HEILL KJÚKLINGUR**

**998 KR.KG**
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

**1959 KR.KG**
HOLTA GRILL
**KJÚKLINGABRINGUR**

**298 KR. 250g**
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU-
OG ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU

BÓNUS 4 STK.
**STÓR HAM-BORGARABRAUÐ**
**159 KR.**

KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g **UNGNAUTA HAMBORGARAR**
**1598 KR.**

**FABRIKKU SÓSA 300ml**
**359 KR.**

**1398 KR.KG**
ÞÝSKAR **GRÍSALUNDIR FROSNAR**

**995 KR.KG**
BÓNUS **GRILL FORKRYDDAÐAR GRÍAKÓTILETTUR**

750ML Á VERÐI 500ML
**598 KR.**
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN OLÍA

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
**995 KR.KG**
BÓNUS **GRILL ÚRB. FORKRYDDAÐAR GRÍAHNAKKASNEIÐAR**

**1198 KR.KG**
K.S FROSIÐ **HEILT LAMBALÆRI**

## Íslenskt frosið lambakjöt á góðu verði í Bónus *alla daga*

**2998 KR.KG**
K.S FROSIN **LAMBAFILLET**

**798 KR.KG**
K.S FROSINN **HEILL LAMBABÓGUR**

**1298 KR.KG**
K.S FROSIÐ **LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

**1198 KR.KG**
K.S FROSNAR **LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI**
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Minnkandi umferð á vegum:

## Gott eða slæmt?

Ferðahelgin mikla, hvítasunnuhelgin, er gengin í garð með tilheyrandi ferðalögum landsmanna. Umferð um þjóðvegi landsins verður þó ef að líkum lætur ekki eins mikil og í fyrra, að minnsta kosti ekki ef hún verður í takti við þá þróun sem verið hefur það sem af er árinu.

Umferðin nú í maí var tíu prósentum minni en í maí í fyrra, sem er þrisvar sinnum meiri samdráttur á umferð en mest hefur áður orðið. Vegagerðin spáir því að níu prósentum færri bílum verði ekið um vegi landsins á þessu ári en í fyrra. Umferðartölurnar verða þá á pari við það sem þær voru árið 2005. Frá þessu var greint í fréttum á dögunum og flestir ef ekki allir sem tjáðu sig um efnið töldu samdrátt umferðar hin mestu ótíðindi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Það er auðvitað verulega leitt ef íslenskar fjölskyldur veigra sér við að halda til fundar við land sitt, náttúru og fjölskyldu í öðrum landshlutum vegna þess að eldsneytiskostnaður reynist of þungur. Tæplega fjórtán prósentum minni umferð fyrstu helgina í júní en um sömu helgi í fyrra bendir til að sú sé að einhverju leyti raunin. Sé rýnt í tölurnar kemur í ljós að samdráttur er meiri á laugardeginum en föstudegi og sunnudegi, sem bendir til að fólk leggi síður land undir fót í styttri helgarferðir. Fólk virðist sem sagt fremur hika við að skreppa um langan veg í stuttan tíma.

Það er líka bagalegt ef verslun dregst saman í nágrannabyggðum höfuðborgarsvæðisins vegna fækkandi ferða höfuðborgarbúa út á land, eins og fram kom í fréttum á dögunum. Á hitt er þó að líta að umferð er ekki eingöngu frá höfuðborgarsvæðinu og út á land heldur líka á hinn veginn. Þannig má leiða að því líkur að verslun í heimabyggð úti á landi aukist eitthvað á móti færri íbúum af höfuðborgarsvæðinu sem þar versla.

Tölur um umferð á vegum eru byggðar á talningu ökutækja, ekki farþega. Þótt líklegt sé að fækkun farartækja leiði til fækkunar fólks sem fer milli staða er sú fækkun ekki jafnmikil og fækkun ökutækjanna. Má ekki hugsa sér að fleiri noti almenningssamgöngur en áður og að færst hafi í vöxt að fólk sem fer milli byggðarlaga sameinist í bíla? Ekki eru það vondar fréttir.

Færri ökutæki þýða hins vegar afdráttarlaust minni eldsneytisnotkun, sem aftur þýðir ekki bara minni útblástursmengun heldur einnig minni gjaldeyrisnotkun. Minni umferð um vegi stuðlar þannig beint að hagstæðari greiðslujöfnuði. Færri ökutæki þýða líka minna slit á vegum, sem þýðir ekki bara minni svifryksmengun heldur einnig minni kostnað við viðhald vega.

Þá er ótalið að minni umferð dregur áreiðanlega úr umferðarslysum með öllu sem þeim tilheyrir, minni harmi og miska og minni kostnaði fyrir þá sem fyrir slysunum verða og samfélagið allt.

Allar breytingar hafa bæði kosti og galla, auk þess sem breyting sem einum finnst vera til góðs getur öðrum þótt vera til tjóns. Fækkun bíla á vegum hefur þannig í för með sér tiltekna galla en um leið einnig kosti.

Þannig er einnig um minnkandi umferð á vegum. Hún hefur nefnilega ýmsa kosti í för með sér, sem vega jafnvel þyngra en gallarnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis.
Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.



Meira sjónvarp,
meira útvarp,
meiri fréttir,
meiri upplýsingar,
meiri umræða,
meira líf,
meiri íþróttir,
meiri virkni,
meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísi

vísir
Meiri Vísir.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Gleðisvik

Stundum snúast vopnin í höndum þeirra sem beita þeim. Birtingarmynd tveggja slíkra atburða kom fram í vikunni sem er að líða. Þannig falla pólitísku málaferlin gegn Geir Haarde í grýttan jarðveg og forsætisráðherra hefur verið svikinn um gleðina yfir því að kollvarpa stjórnkerfi fiskveiða.

Forystumenn VG og sumir samfylkingarmenn mátu hugarvíl þjóðarinnar eftir hrunið á þann veg að óhætt væri að færa ákvarðanir um pólitíska ábyrgð frá fólkinu inn á borð dómstóla. Þegar á hólminn var komið náðu þeir aðeins samkomulagi um að ákæra Geir Haarde einan úr hópi þeirra tólf sem báru pólitíska ábyrgð í síðustu ríkisstjórn. Ákæran var þannig niðurstaða í pólitískum hrossakaupum.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Nú fá forystumenn málaferlanna vindinn í fangið af því að almenningur virðist vilja halda sig við það grundvallaratriði lýðræðisskipulagsins að stjórnmálamenn sæti pólitískri ábyrgð vegna skoðana sinna en ekki refsiábyrgð. Ákærendurnir höfðu vænst þess að geta baðað sig í sviðsljósi pólitísks uppgjörs með réttarhöldum og aukið með því hróður sinn. Í staðinn fara þeir með veggjum eða þvo hendur sínar hver sem betur getur.

Ástæðan fyrir vonbrigðum þeirra er einföld: Þeir skynjuðu ekki hvar mörkin liggja milli lýðræðis og gerræðis.

## Hvernig í ósköpunum?

Viðbrögðin við sjávarútvegsfrumvörpunum eru að sínu leyti athyglisverðari. Stjórnarflokkarnir hafa barist gegn markaðsskipulagi í sjávarútvegi frá þeim degi að þeir lögleiddu það sjálfir árið 1990. Andstaðan hefur birst í fullyrðingum um ranglæti. Þeir hafa boðað réttlæti. Andstaðan hefur einnig birst í staðhæfingum um að auðlindinni hafi verið stolið. Þeir hafa lofað að færa þjóðinni hana aftur.

Stjórnarflokkarnir höfðu tuttugu ár til að koma hugmyndum sínum um stjórn fiskveiða í lagabúning. Þegar tvær vikur voru eftir af þinghaldi eftir tveggja ára setu í ríkisstjórn tókst þeim að leggja fram tvö frumvörp, eitt fyrir hvorn stjórnarflokk, með fyrirvörum nær allra stuðningsmanna stjórnarinnar. Krafa forsætisráðherra til Alþingis var sú að frumvörpin yrðu rædd og afgreidd áður en vinnuhópur hagfræðinga, sem skoðar efnahagsleg áhrif þeirra, hefði tök á að birta niðurstöður sínar.

Til að mæta kröfum um vandaðan undirbúning lagafrumvarpa og málefnalegar umræður var rétt að byrja á hagfræðilegri skoðun málsins. Síðan átti að semja frumvarp um þá leið sem þjónaði almannahagsmunum best. Þessu sneri forsætisráðherra við og vildi hvorki að Alþingi né almenningur fengi að sjá hagfræðingaálitið fyrr en búið væri að samþykkja lögin.

Nú eftir tuttugu ár liggur loks fyrir hvernig efna á loforðin um réttlæti í sjávarútvegi. Hver eru þá viðbrögð almennings? Fáir sjá réttlætið og enginn mælir úrræðunum bót; jafnvel ekki stærstu samtök almannahagsmuna í landinu eins og ASÍ. Þegar kemur að efndum réttlætisloforðanna er þverstæðan sú að stjórnin fær ekki byr í seglin eins og hún hafði eðlilega vænst. Hvernig í ósköpunum stendur á því?

## Vandinn við að segja ekki satt

Svarið liggur í frumvörpunum sjálfum. Þau fela í sér brotthvarf frá markaðslögmálum og ákveða innleiðingu pólitískrar miðstýringar. Það er leiðin að því raunverulega markmiði, sem bjó að baki réttlætisloforðunum, að fjölga í samtökum útvegsmanna og smábátasjómanna. Nýliðun er það kallað þó að í flestum tilvikum sé um þá að ræða sem áður höfðu verið keyptir út úr greininni í hagræðingarskyni.

Þegar öllu er á botninn hvolft á að efna loforð um réttlæti með sérhagsmunagæslu fyrir þá sem vilja koma aftur inn í atvinnugreinina. Þessi sérhagsmunagæsla kemur niður á hagkvæmni í stórum útgerðarrekstri sem smáum. Hagfræðingur ASÍ hefur bent á að kostnaðurinn bitnar á almenningi með lægra gengi krónunnar. Þetta var hins vegar aldrei sagt.

Framsóknarmenn kúventu sjávarútvegsstefnu sinni í þágu sérhagsmuna fyrir nýja útgerðarmenn. Utanríkisráðherra heillaðist svo af þessum kollhnís að hann gleymdi sem snöggvast að þeir skuthverfðu líka í Evrópumálum og vill nú ólmur fá þá að ríkisstjórnarborðinu. Sjálfstæðisflokkurinn situr einn eftir sem málsvari þeirra almannahagsmuna að stjórnkerfi fiskveiða knýi atvinnugreinina til mestrar mögulegrar arðsemi. Án arðsemi er engin auðsuppspretta, enginn skattstofn og engin Evrópusambandsaðild.

Vandi stjórnarflokkanna er sá að þeir lofuðu í stjórnarandstöðu að fjölga útgerðum án þess að það kæmi niður á hagkvæmni í þágu þjóðarbúsins. Nú standa þeir andspænis gagnstæðum veruleika. Vonbrigði þeirra með viðtökur almennings eiga einmitt rætur í því að þeir sögðu aldrei satt. Af því má læra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

20%
afsláttur
af öllum vörum

B&S
KONUR

B&S Kringlunni 553 4141

# Átta milljarðar til hækkunar lífeyris og bóta í velferðarkerfinu

Hækkun bóta

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Stjórnvöld hafa ákveðið að verja rúmum átta milljörðum króna á þessu ári til að hækka bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur. Þetta er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnuleitendur skuli njóta hliðstæðra kjarabóta og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði.

Fyrir átta milljarða króna er unnt að bæta umtalsvert kjör þeirra sem minnst hafa og draga úr fátækt. Það er markmiðið með þessum aðgerðum stjórnvalda þar sem hækkanir verða mestar hjá þeim tekjulægstu í hópi lífeyris- og bótaþega.

### 12.000 króna hækkun atvinnuleysisbóta og lágmarkstryggingar lífeyrisþega

Grunnlífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging og heimilisuppbót hækka um 8,1% frá 1. júní 2011. Með þessu móti hækkar lágmarkstrygging þeirra sem hafa engar tekjur aðrar en bætur almannatrygginga um 12.000 krónur. Eftir hækkunina eru lífeyrisþega sem býr einn tryggðar 196.000 krónur á mánuði en sá sem býr með öðrum fær 169.000 krónur á mánuði. Grunnatvinnuleysisbætur hækka einnig um 12.000 krónur í tæpar 162.000 krónur á mánuði.

Auk framantalinna bótaflokka hækkar endurhæfingarlífeyrir, barnalífeyrir, uppbót á lífeyri og sérstök uppbót til framfærslu, vasapeningar og örorkustyrkur um 8,1%. Sama máli gegnir um mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur, maka- og umönnunarbætur, barnalífeyri vegna menntunar, dánarbætur, foreldragreiðslur, fæðingarstyrk og ættleiðingarstyrk.

### 50.000 króna eingreiðsla í júní og uppbót í desember

Lífeyrisþegar sem fengu greiddan lífeyri einhvern tíma á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2011 fá 50.000 króna eingreiðslu í júní. Sama gildir um atvinnuleitendur sem eru að fullu tryggðir í atvinnuleysisbótakerfinu og hafa staðfest atvinnuleit á tímabilinu 20. febrúar til 19. maí síðastliðinn. Hafi atvinnuleitendur ekki fullan bótarétt er eingreiðslan reiknuð í hlutfalli við það en verður þó aldrei lægri en 12.500 krónur. Eingreiðslurnar svara til eingreiðslu til launafólks samkvæmt kjarasamningum.

> Stjórnvöld hafa síðustu misseri lagt sérstaka áherslu á að verja stöðu þeirra tekjulægstu í hópi lífeyrisþega.

Desemberuppbót elli- og örorkulífeyrisþega hækkar úr 30% í 42% af tekjutryggingu og heimilisuppbót. Hækkunin nemur rúmum 15.000 krónum og verður desemberuppbótin um 52.500 krónur hjá lífeyrisþegum.

Atvinnuleitendum var í fyrsta sinn greidd desemberuppbót á liðnu ári. Hún hefur nú verið bundin í lög og verður í desember 2011 rúmar 63.000 krónur að meðtalinni 15.000 króna eingreiðslu.

### Orlofsuppbót lífeyrisþega

Orlofsuppbót til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar úr 20% í 28,3% af tekjutryggingu og heimilisuppbót eða sem svarar 10.000 krónum og verður rúmar 34.000 krónur. Hjá þeim sem eru ekki með heimilisuppbót hækkar orlofsuppbótin að hámarki um 7.700 krónur.

### Bensínstyrkur hækkar og skerðir ekki lágmarkstryggingu lífeyrisþega

Uppbót vegna reksturs á bíl (bensínstyrkur) hækkar um 8,1%. Til þessa hefur uppbótin dregist frá þeirri upphæð sem lögð er til grundvallar lágmarkstryggingu lífeyrisþega. Með breytingunum nú hættir hún að skerða lágmarkstrygginguna líkt og gildir um aðrar uppbætur sem greiddar eru fólki til að mæta kostnaði, til dæmis vegna sjúkra- og lyfjakostnaðar.

### Staða hinna tekjulægstu varin

Haustið 2008 setti forveri minn, Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félagsmálaráðherra, reglugerð sem tryggði lágmarkstryggingu á lífeyrisgreiðslur sem var þá 150.000 krónur á mánuði hjá einstaklingum. Með þessu varð grundvallarbreyting á stöðu tekjulægstu lífeyrisþeganna í samanburði við lægstu laun á vinnumarkaði og var lágmarkslífeyrir nú orðinn hærri í hlutfalli af lægstu launum en hann hafði verið í þrettán ár.

Stjórnvöld hafa síðustu misseri lagt sérstaka áherslu á að verja stöðu þeirra tekjulægstu í hópi lífeyrisþega. Lágmarkstrygging lífeyris var hækkuð um 20% í janúar 2009 sem fór þá í 180.000 krónur, aftur varð hækkun um 2,3% 1. janúar 2010 og með hækkununum nú fer hún í rúmar 196.000 krónur á mánuði hjá einstaklingum sem búa einir.

Á myndinni sést hvernig lágmarkstrygging einhleypra lífeyrisþega hefur þróast sem hlutfall af lægstu launum síðastliðin tíu ár.

Lágmarkstrygging einhleypra lífeyrisþega sem hlutfall af lægstu launum (með eingreiðslu)




Þáttaskil urðu í ársbyrjun 2009 þegar hlutfall þessara greiðslna fór í 115% miðað við lægstu laun og hafði þá aldrei verið hærra. Með þeim breytingum sem nú eru gerðar á lífeyrisgreiðslum helst hlutfall þeirra enn vel yfir lágmarkslaunum á almennum vinnumarkaði.

Elli- og örorkulífeyrisþegar eru stór hópur landsmanna, rúmlega 40.000 manns. Aðstæður innan hópsins eru mismunandi. Margir eru ágætlega settir en hluti hópsins stendur verr og á erfitt með að ná endum saman. Stefna stjórnvalda hefur verið sú að styðja sérstaklega við þá sem lökust hafa kjörin og verður haldið áfram á þeirri braut, enda brýnt á þessum tímum þegar minna er til skiptanna en áður og mikilvægt að auka jöfnuð í samfélaginu.

TÓNLISTARVIÐBURÐIR Á HEIMSMÆLIKVARÐA



MARIA JOÃO PIRES OG MAXIM VENGEROV







SALA HEFST Í DAG KL. 12

Miðasala á **harpa.is, midi.is** og í **miðasölu Hörpu** frá kl. **10-18** á virkum dögum og kl. **12-18** um helgar. Miðasölusíminn er **528 5050** og er opinn frá kl. **10-18** eða fram að viðburðum.

**Heimspíanistar í Hörpu – opnunartónleikar**
**8. júlí kl. 20.00**

Píanókonsert nr. 4 í G-dúr op. 58
eftir **Beethoven**

Einleikari: **Maria João Pires**
Stjórnandi: **Maxim Vengerov**
Hljómsveit: **St. Christopher**

**Einleikstónleikar – Maria João Pires**
**10. júlí kl. 20.00**

Sónata nr. 6 og Silungakvintettinn
í A-dúr op. 114 eftir **Schubert**

**Maria João Pires** heldur aðeins fáa einleikstónleika árlega og er þetta því einstakt tækifæri til að upplifa flutning eins virtasta píanóleikara samtímans í Hörpu.

www.harpa.is

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA/SIA.IS/POR 55358 06/11

# MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT













# TIL HAMINGJU MEÐ ÁRANGURINN!














## 25 nemendur brautskráðir með MPM gráðu (Master of Project Management) frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ

Við óskum nemendum innilega til hamingju með áfangann og erum afar stolt þeim. Þeir eru boðberar nýrrar hugsunar og aukinnar skilvirkni sem gagnast mun íslensku atvinnulífi jafnt sem erlendu.

MPM nám er stjórnunarnám með sérstakri áherslu á verkefnastjórnun og leiðtogafræði. Nemendur hafa undirgengist alþjóðlega vottun (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni. Við óskum þeim velfarnaðar í leik og starfi.

**Í dag, laugardaginn 11. júní kl. 11.00, verður formleg athöfn í Laugardalshöll til að fagna þessum tímamótum.**




HÁSKÓLI ÍSLANDS
IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI- OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

# Stefnum á vegg

Efnahagsmál

**Andrés Magnússon**
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

**Ásbjörn R. Jóhannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka rafverktaka

**Erna Hauksdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

**Friðrik J. Arngrímsson**
framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna

**Guðbergur Rúnarsson**
framkvæmdastjóri Samtaka fiskvinnslustöðva

**Guðjón Rúnarsson**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

**Orri Hauksson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Í byrjun maí var ritað undir allsherjarsamkomulag á vinnumarkaði. Vörpuðu margir öndinni léttar, enda var hætta á ófriði ella. Síðan hafa tekist samningar milli sífellt fleiri hópa launafólks og atvinnurekenda, byggðir á sama grunni og fyrrnefnt samkomulag. Samningarnir gilda almennt til þriggja ára, að gefnum lykilforsendum um að sköpuð skuli verðmæti í hagkerfinu á samningstímanum. Samningar fela í sér verulegar launahækkanir og eru atvinnurekendum dýrir frá fyrstu stundu. Ef verðmætasköpun verður hér ör á næstu árum geta samningarnir hins vegar tryggt raunverulegan kaupmáttarbata ásamt friði á vinnumarkaði næstu ár.

Launþegar eiga skilið að kaupmáttur þeirra styrkist eftir fall undanfarinna ára. Úrslitaatriði er að slík uppbygging sé markviss og byggð á innistæðu, en ekki bara tölum á blaði. Ef fjárfestingar fara ekki hraustlega af stað og ef hagkerfið vex ekki ört verða nýgerðir samningar ekki einungis gagnslausir, heldur beinlínis skaðlegir launþegum og öllum Íslendingum. Þeir munu þá hækka verðlag, hækka verðtryggð lán, knýja mörg fyrirtæki til frekari fækkunar starfsfólks og skapa stórhættu á að við lendum á ný í vítahring kreppuverðbólgu (e. stagflation).

Hinn 22. júní næstkomandi þarf að ákveða hvort festa eigi samningana til þriggja ára eða láta þá vara umtalsvert skemur. Síðan í byrjun maí hafa nær engar af þeim forsendum um verðmætasköpun sem byggt var á gengið eftir. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga hefur enn sem komið er enga merkingu. Á því verður að vera breyting ef við ætlum að forða stórslysi.

En hvaða vísbendingar eru um að enn séum við Íslendingar fastir í stöðnun? Tölur Hagstofunnar sem birtar voru 8. júní sýna samdrátt í fjárfestingu, einkaneyslu og útflutningi á fyrstu þremur mánuðum ársins, þvert ofan í fullyrðingar um að raunverulegur vöxtur væri kominn í fullan gang. Við Íslendingar höldum þannig að óbreyttu áfram að dragast aftur úr öðrum Norðurlöndum.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. við gerð kjarasamninganna sagðist hún ætla að liðka fyrir verðmætasköpun, að „fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári“ og að fjárfesting nái a.m.k. 20% af landsframleiðslu (2010 var þetta hlutfall 13% – hið lægsta frá upphafi mælinga).

■ Forsætisráðherra hefur sérstaklega bætt við ofangreinda yfirlýsingu að fjárfest verði „í orkufrekum iðnaði og tengdum virkjanaframkvæmdum upp á 300-400 milljarða“ á næstu árum. Nýlega lagði iðnaðarráðherra hins vegar fram frumvarp um nýtingartíma virkjana sem mun hækka kostnað við nýjar virkjanir og koma í veg fyrir að ráðist verði í ýmsar framkvæmdir sem samkvæmt núgildandi lögum væru arðbærar. Margt í drögum að sk. orkustefnu gengur í sömu átt. Þarna er einn armur ríkisstjórnarinnar að leggja stein í götu þess sem annar segist vilja stuðla að.

> Það er undir ríkisstjórninni komið að kjarasamningarnir verði til þriggja ára, í stað nokkurra mánaða …

■ Opinberar framkvæmdir sem eiga að leiða til aukinnar hagkvæmni í innviðum landsins eiga skv. yfirlýsingunni að hefjast innan skamms. Til dæmis eru nefndar vegaframkvæmdir á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Vestfjörðum og útboð á nýju fangelsi og framhaldsskóla. Fátt hefur frést af þessum málum síðan þau voru tilkynnt í byrjun maí og vandséð hvort nokkuð náist að nýta nýhafið sumar, að eitt ár í viðbót tapist. Helst hefur innanríkisráðherra, sem fer með samgöngumál, lýst persónulegri óánægju sinni með margar þessara framkvæmda. Líkurnar á hraðri framvindu eru því hverfandi.

■ Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi lagafrumvörp sem ætlað er að gjörbylta starfsumhverfi íslensks sjávarútvegs. Markmið breytinganna er ekki að bæta starfsskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja heldur þvert á móti gera þeim erfiðara fyrir. Stefnt er að því að ríkisvæða allan nýtingarrétt og gera afnotasamninga um aflahlutdeild verðlausa. Áhrif á rekstur, efnahag, fjármögnun og lánakjör verða mikil vegna upptöku aflaheimilda, stóraukinna álaga og skorts á fyrirsjáanleika í greininni. Verði frumvörpin að lögum munu þau ekki einungis hafa neikvæð áhrif á íslenskan sjávarútveg heldur munu þau innleiða skammtímahugsun og athafnaleysi, sem hefur áhrif á fjölmörg fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum sem starfa með sjávarútvegsfyrirtækjum.

■ Staða lífeyrissjóðanna á Íslandi er sterk í alþjóðlegum samanburði og byggir á uppsöfnuðum verðmætum, en ekki skattheimtu og gegnumstreymi gegnum ríkissjóð, sem víða tíðkast. Eins og eðlilegt er gilda strangar reglur um fjárfestingar sjóðanna. Hins vegar hefur verið þrengt svo að fjárfestingum þeirra, svo sem vegna gjaldeyrishafta, að þeir nýtast helst um þessar mundir til að fjármagna íslenska ríkið og aðra opinbera aðila. Haldi svo áfram um langa hríð munu þeir líkjast æ meira opinberu gegnumstreymiskerfi, sem aðrar þjóðir vilja komast út úr.

■ Þar við bætist að skattheimta heldur almennt áfram að þyngjast á Íslandi. Vaxandi greinar eins og ferðaþjónusta eru að taka á sig nýjar álögur, s.s. orkugjöld á samgöngur og fyrirhuguð gistináttagjöld, á meðan ferðamannalönd í samkeppni við Ísland hafa heldur verið að lækka skatta á sína starfsemi.

Það er undir ríkisstjórninni komið að kjarasamningarnir verði til þriggja ára, í stað nokkurra mánaða, en forsendur langtímasamninga eru stjórnvaldsákvarðanir sem stuðla að auknum fjárfestingum, hagvexti og tryggu starfsumhverfi atvinnulífsins. Miðað við horfur dagsins í dag um fjárfestingu og vöxt verða samningarnir einungis til skaða. Verðmætasköpunin til að borga fyrir þá er einfaldlega ekki sjáanleg. Við stefnum á vegg, og að óbreyttu neyðast menn því til að sveigja frá.




# Ekki fleiri verkföll í sumar, takk

Ferðaþjónusta

**Þórir Garðarsson**
sölu- og markaðsstjóri Iceland Excursions Allrahanda ehf.



Ég hef áður stungið niður penna af þessu tilefni og finn mig enn á ný knúinn til þess að benda á hversu fráleitt það er fyrir okkur sem erum að reyna að byggja upp ferðaþjónustuna á Íslandi að leggja framtíð hennar aftur og aftur að veði með vinnudeilum eða verkföllum á viðkvæmasta tíma.

Við störfum í ungri grein og áfangastaðurinn Ísland á í svo harðri samkeppni um hylli ferðamanna á alþjóðamarkaði að það er augljóslega andstætt hagsmunum okkar allra að setja ferðalög tuga eða hundraða þúsunda gesta okkar í uppnám þegar síst skyldi. Söluaðilar erlendis hafa miklar áhyggjur af verkfallsaðgerðum – því enginn vill verða fastur af þeim sökum fjarri heimaslóð – og beina ferðamönnum sínum annað.

Starfsfólk í ferðaþjónustugreinum, og þar á meðal í fluginu, á að sjálfsögðu að standa vörð um réttindi sín og öll viljum við fá hærri laun. Í samfélagi okkar hafa verið settar leikreglur um kjarabaráttunna og verkfallsrétturinn er þar ákveðinn grundvöllur.

Sá réttur hefur hins vegar snúist upp í algjöra andstæðu sína þegar hann er nýttur af fremur þröngum hópi fólks með góð laun, eins og flugvirkjum, til þess að knýja fram kauphækkanir umfram þá sem verr standa. Og vegna lykilstöðu þeirra í ferðaþjónustunni geta þeir með verkfallsaðgerðum valdið stórum hópi almennra launþega skaða vegna tapaðra viðskipta ferðamanna. Verkfall fárra dregur þannig úr tekjumöguleikum margra. Það bitnar helst á þeim sem enga aðkomu hafa að málinu.

> Starfsfólk í ferðaþjónustugreinum, og þar á meðal í fluginu, á að sjálfsögðu að standa vörð um réttindi sín og öll viljum við fá hærri laun.

Ég veit að nú eiga flugmenn og flugfreyjur einnig eftir að semja um sínar launahækkanir og mig hryllir við tilhugsuninni um fleiri verkföll og verkfallshótanir í sumar, umræður í fjölmiðlum hér heima og erlendis um niðurfellingu flugs, seinkanir, strandaglópa og tjónakröfur. Það bara má ekki verða. Ferðasumarið í fyrra rétt bjargaðist fyrir horn, en varð vegna eldgossins ekki eins og vonir stóðu til. Við megum ekki við áföllum í sumar.

Ég trúi því ekki á félaga okkar í þessum atvinnuvegi að þeir sjái þessa viðkvæmu stöðu sem tækifæri til þess að ná fram ýtrustu kröfum sínum með því að hóta aftur og aftur stöðvun flugsins.

Ég skora á flugstéttirnar að sýna sanngirni og vera samstiga okkur hinum í greininni í því að láta þetta ferðasumar ganga eins og best verður á kosið og skapa þannig öllum í greininni góða afkomumöguleika.




# STJÚPUR
## SPRENGIVERÐ




OPIÐ UM HVÍTASUNNUNA Í BLÓMAVALI

| Verslanir | Hvítasunnudagur | Annar í hvítasunnu |
|---|---|---|
| BLÓMAVAL SKÚTUVOGI | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| BLÓMAVAL GRAFARHOLTI | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 |
| BLÓMAVAL AKUREYRI | 12:00 - 16:00 | 12:00 - 16:00 |
| BLÓMAVAL SELFOSSI | 12:00 - 16:00 | 12:00 - 16:00 |
| BLÓMAVAL REYKJANESBÆ | LOKAÐ | 12:00 - 16:00 |

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Akranes - Ísafjörður

# HELGARS

2 STK.
ÁÐUR: 5.990
**4.990**




SPARIÐ
**1.000**

**BAHAMAS sumarsængur**
Mjúkar og léttar sumarsængur fylltar með sílikonhol-trefjum. Áklæði úr 100% bómull. Fást í nokkrum fallegum litum og munstrum. Stærð: 135 x 200 sm.
1 stk. **2.995,-**



**DARK myrkvunargardínur**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir:
60 x 170 sm. **1.995,-** 80 x 170 sm. **2.495,-**
100 x 170 sm. **2.995,-** 110 x 170 sm. **3.495,-**
120 x 170 sm. **3.695,-** 140 x 170 sm. **3.995,-**
150 x 170 sm. **4.495,-** 160 x 170 sm. **4.995,-**
180 x 170 sm. **5.495,-** 150 x 250 sm. **5.995,-**
90 x 250 sm. **3.995,-** 200 x 170 sm. **5.995,-**

FRÁBÆRT
VERÐ

VERÐ FRÁ:
**1.995**



10 PÖR

10 PÖR
ÁÐUR: 1.695
**1.295**

23%
AFSLÁTTUR

**Tennissokkar 10 pör**
10 pör í pakka á frábæru tilboði! Fást í hvítu, gráu og svörtu. Stærðir: 27-45.



FULLT
VERÐ: 79.930
**59.990**

SPARIÐ
**19.940**

**SANTA FE borð + 4 PORTLAND stillanlegir stólar + 4 BARLETTA sessur**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Þolir vel íslenska veðráttu. Í settinu eru 4 samleggjanlegir stólar með örmum og háu, stillanlegu baki. Borðið er stórt og gott og hægt er að leggja það saman. Stærð á borði: B85 x L150 sm. Borð **19.990,-**
Stóll **10.990,-** Sessa **3.995,-**



**LONI sængurverasett**
Smart sængurvera-sett með fallegu munstri. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

33%
AFSLÁTTUR

VERÐ
ÁÐUR: 1.495
**995**

**SOLFRID sængurverasett**
Efni: 55% polyester og 45% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

INTEX

EINBREIÐ
ÁÐUR: 9.995
**7.995**




ALLT AÐ
23%
AFSLÁTTUR



**VELOUR COMFORT vindsængur**
Góðar og vandaðar, uppblásnar vindsængur með velouráklæði. Frábær lausn þegar taka þarf á móti gestum þar sem pláss er lítið. Auðveldara getur þetta ekki verið! Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir. Einbreið: B103 x 203 x H50 sm. áður **9.995,-** nú **7.995,-** Tvíbreið: B163 x L208 x H50 sm. áður **12.950,-** nú **9.950,-**


Birt með fyrirvara um prentvillur.


FULLT
VERÐ: 15.485
**9.995**



35%
AFSLÁTTUR

**PORTO borð + 2 MELTON stólar**
Flott garðborð með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm. Flottur svartur stóll úr áli með polyrattan baki og sessu. Borð: **3.495,-** Stóll: **5.995,-**

# PRENGJA!

**TILBOÐIN GILDA 11.06-13.06**



VENJULEGT VERÐ: 5.995

**3.995**

33% AFSLÁTTUR

**Uppblásinn stóll**
Sniðugur uppblásin stóll á frábæru verði! Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.



**50%** AFSLÁTTUR AF CAPRI OG GRAND RIB HANDKLÆÐUM!



17% AFSLÁTTUR

**Eldavélahellur**
Sniðug hella í bústaðinn, ferðalagið eða þar sem lítið pláss er.

ELDAVÉLAHELLA ÁÐUR: 5.995

**4.995**



37% AFSLÁTTUR

**Hraðsuðuketill**
Góður 1,7 lítra hraðsuðuketill á frábæru verði!

HRAÐSUÐUKETILL ÁÐUR: 3.995

**2.495**



25% AFSLÁTTUR

PIZZAOFN ÁÐUR: 7.995

**5.995**

**Pizzaofn**
Sniðugur, lítill og nettur pizzaofn á frábæru verði!



HITABRÚSI ÁÐUR: 1.295

**995**

23% AFSLÁTTUR

**Hitabrúsi**
Hitabrúsi úr stáli. Tekur 0,5 lítra.



FYRIR 4

33% AFSLÁTTUR

VENJULEGT VERÐ: 2.995

**1.995**

**Matarstell**
Stílhreint, hvítt 12 hluta matarstell á frábæru verði!



**MUFFINS kökustandur**
Flottur 3 hæða kökustandur á frábæru verði!
Tilvalinn í afmæli og aðrar veislur. 4 hæða: **2.495,-**

3 HÆÐA KÖKUSTANDUR

**1.495**



SÓLGLERAUGU

**399**

FRÁBÆRT VERÐ

**Sólgleraugu**
Mikið úrval af sólgleraugum á frábæru verði! Komið og gerið góð kaup!



FRÁBÆRT VERÐ

BARNASKÓR

**2.695**

**Barnaskór**
Flottir PRINCESS og SPIDERMAN barnaskór á frábæru verði! Stærðir: 23-30.



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 499

**249**

**Þyrla + 2 spaðar**
Skemmtileg þyrla á fínu verði!

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**

# Auðvitað tekur þetta sinn toll

**Steingrímur J. Sigfússon** telur ríkisstjórnina standa styrka gagnvart því verkefni sem endurreisn Íslands er. Hann útilokar þó ekki styrkingu þótt hún sé ekki augljós í bráð. Hann segir mikið hafa áunnist en margt sé þó enn óunnið. Hann reiknar með því að leiða Vinstri græn í næstu kosningum. Steingrímur ræddi við *Kolbein Óttarsson Proppé* um stjórnmálin og stefnuna.




**FJÁRMÁLARÁÐHERRANN** Steingrímur hefur sinnt starfi fjármálaráðherra síðan eftir hrun og er bjartsýnn á framtíðina.

Steingrímur J. Sigfússon tók við starfi fjármálaráðherra þegar ríkisstjórn Geirs H. Haarde hrökklaðist frá völdum í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar. Óhætt er að segja að verkefnið hafi verið ærið – endurreisn íslensks fjármálakerfis.

Steingrímur segir heilmargt hafa áunnist á þessum tíma og staða Íslands á alþjóðavísu sé gjörbreytt. „Það er ótrúlegur munur að koma á erlenda grundu og hitta kollega sína eða ræða við blaðamenn. Á fyrstu mánuðum mínum í embætti var ætíð spurt. Fer Ísland á hausinn? Nú spyr enginn að því. Menn ræða um hvernig batinn gangi og hvernig við höfum komist þangað sem við erum komin.“

### Starfshættir hafa batnað

Alþingi er enn að störfum og ekki hefur náðst samkomulag um hvernig málum þar skuli háttað. Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar var að bæta starfshætti á þingi og koma í veg fyrir það ástand sem oft myndast við þinglok, að fjöldi mála hrúgist inn á þing og fundað sé fram á nótt. Má ekki líta á ástandið nú sem dæmi um að það markmið hafi mistekist?

„Nei, þetta hefur nú lagast og það er algjörlega á hreinu að mál frá ríkisstjórninni náðu að langstærstum hluta inn fyrir 1. apríl. Það eru helst þrjár undantekningar á því. Eitt mál, sem allir skilja, tengist kjarasamningum, þá komu fiskveiðistjórnunarmálin inn nokkrum vikum eftir frestinn og síðan komu mál frá efnahags- og viðskiptaráðherra sem tengjast framkvæmd gjaldeyrishafta. Eðli málsins samkvæmt gátu þau ekki komið fram fyrr en sú áætlun var samþykkt, þannig að það eru skýringar á því.

Auðvitað hefði verið betra að fiskveiðistjórnunarmálin hefðu komið fyrr fram, en þau sjónarmið voru uppi um að þessi tvö mál fylgdust að. Það eina sem nú er til afgreiðslu er lítið frumvarp um bráðabirgðaaðgerðir, sem eru í sjálfu sér ekki stórvægilegar, vegna þessa fiskveiðiárs og þess næsta. Ég tel að menn geri mikið úr því að menn þurfi mikinn tíma til afgreiðslu þessa máls.

Búið er að ná samkomulagi um hvernig meðferð stóra málsins verður háttað fram á haustið þannig að við höfum lagt okkar af mörkum til að hægt sé að semja um þinglok.“

Steingrímur hafnar því að ríkisstjórnin sé að hörfa í kvótamálinu og segir að ljóst sé að af tæknilegum ástæðum hefðu fyrirætlaðar kerfisbreytingar ekki komið til framkvæmda á næsta fiskveiðiári. Hann segir aðallega ágreining um ýmis útfærsluatriði varðandi upphæð veiðigjalds, tímalengd og endurnýjunarákvæði samninga svo og hlutfall milli samninga og potta. Brýnt sé að ná sátt um málin og vilji standi til þess víða.

„Þetta er stór áskorun fyrir alla og ekki síður sjávarútveginn því það er ómögulegt að búa við þetta ástand endalaust, þessar miklu deilur og illindi. Það er mikill skilningur á því hjá mörgum í sjávarútveginum og ég finn það hjá þeim sem ég ræði við að það er mikill vilji til að reyna að ná landi í þessum málum.

Í því skyni er mikilvægt að umræðan sé á uppbyggilegum og málefnalegum nótum og menn talist við með rökum. Náist það er ég bjartsýnn á að lending náist. Ef menn hins vegar hörfa ofan í gömlu skotgrafirnar, gjörsamlega hvort á sínum enda, verður þetta erfiðara.“

### Dapurleg umræða

Landsdómur hefur verið kallaður saman í fyrsta sinn í sögunni og sakborningurinn er Geir H. Haarde. Hann hefur látið þung orð falla um forsendur ákærunnar og sakað Steingrím, Ögmund Jónasson og Atla Gíslason um pólitískar ofsóknir. Hvað vill Steingrímur segja um það?

„Ég vil helst ekki ræða málin á þessum forsendum, mér finnst það of dapurlegt. Það er ágæt regla að menn tjái sig ekki of mikið um mál sem eru á leiðinni fyrir dómstóla, þau eru komin í ákveðinn farveg.“

Steingrímur minnir á að góð samstaða hafi náðst um skipun rannsóknarnefndar Alþingis og hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að tólf manns hefðu gerst sekir um vanrækslu eða brot í starfi. Í lögunum um nefndina hafi verið komið inn á ábyrgð stjórnmálamanna og vitnað til stjórnarskrárákvæða um ráðherraábyrgð. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að í niðurstöðum nefndarinnar gætu komið hlutir sem tengdust ábyrgð manna í þessum efnum. Þingmenn Vinstri grænna hafi verið samkvæmir sjálfum sér í gegnum alla atkvæðagreiðsluna.

„Allt tal um að þetta hafi beinst að einum frekar en öðrum stenst ekki skoðun, né heldur tal um pólitíska herferð. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um þetta og vísa til þess hvernig málið er komið. Ég held að menn gerðu rétt í að láta það fara sinn gang.“

### Útilokar ekki liðsstyrk

Þrír þingmenn Vinstri grænna sögðu sig úr þingflokknum á dögunum og nú hefur einn þeirra, Ásmundur Einar Daðason, gengið til liðs við Framsóknarflokkinn. Steingrímur segir þó að ríkisstjórnin sé sterkari en margir halda.

„Ég held að staða hennar hafi styrkst gagnvart verkefninu sem er stærst og viðamest; að koma landinu út úr erfiðleikunum. Hún hefur styrkst vegna þess að það er sýnilegra með hverjum deginum að verkefninu miðar vel, þrátt fyrir allt svartagallsraus. Ég held að samstaðan sé nokkuð góð í þeim hópi sem stendur á bak við stjórnina.

Ég held líka að það sjái það allir að það eru ekki augljósir valkostir í stöðunni og ekki hefur reynst mikill áhugi á kosningum hér, samanber það að tillaga um slíkt var enn fjær því að ná samþykki heldur en vantraust á ríkisstjórnina.

Ég les því þannig í það að við komum vel undan vetrinum þrátt fyrir ýmsa ágjöf sem ekki hefur verið auðveld, sérstaklega hér hjá okkur í þingflokki Vinstri grænna.“

Steingrímur segir hins vegar ljóst að flokkurinn standi heils hugar á bak við ríkisstjórnarsamstarfið. En kemur til greina að bjóða Framsóknarflokknum í ríkisstjórn?

„Það hefur ekki verið á dagskrá núna að undanförnu þar sem við höfum haft öðru að sinna. Væntanlega skilja menn það að í okkar huga hefur fyrst og fremst verið að halda samstarfinu áfram á grundvelli þess meirihluta sem flokkarnir hafa haft.

Við höfum ekki útilokað aðra möguleika ef til slíks kæmi og við fögnum aukinni samstöðu og auknu samstarfi ef það er í boði. Ekki veitir nú af að menn leggi saman krafta sína frekar en hitt. Hvort það er ávísun á að það verði formleg breyting á ríkisstjórn eða stuðningi við hana er svo aftur annað mál. Það er eitthvað sem maður talar ekki um í fjölmiðlum fyrirfram, en í bili sé ég ekkert sérstakt sem bendir til þess að breytingar séu í vændum.“

Steingrímur segir engar viðræður hafa átt sér stað. „Vika er hins vegar langur tími í pólitík og það getur líka tengst því hvernig stórum og mikilvægum málum reiðir af. Hvort tekst til dæmis að skapa samstöðu um hluti eins og breytingar á stjórnkerfi fiskveiða.“

### Hefði þýtt stjórnarslit

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur legið undir ámæli fyrir að standa ekki harðar gegn árásum Nató á Líbíu. Steingrímur segir að valkosturinn hefði einfaldlega verið úrsögn úr Nató.

„Ég hef engan heyrt krefjast þess að við færum úr ríkisstjórn vegna sérstöðu okkar í utanríkismálum og í mínum huga er það alveg ljóst að við hefðum ekki haft stuðning við það sjónarmið okkar að við hefðum látið þetta varða úrsögn úr Nató eða eitthvað álíka.

Við höfum haldið okkar afstöðu til haga af myndugleika og hún liggur fyrir. Við erum væntanlega í minnihluta hér um það sjónarmið að við eigum ekki að vera í hernaðarbandalagi og okkar afstaða til Nató og hernaðaraðgerða á vegum þess tengist því.“

Steingrímur segir málið vera á forræði utanríkisráðherra sem sé afstaða Vinstri grænna ljós. „Við höfum dregið þá línu að við teljum að það sé óréttlætanlegt ef þessar aðgerðir á nokkurn hátt fara út fyrir umboð Sameinuðu þjóðanna. Okkar andstaða byggir á því að við teljum að í ýmsum tilvikum hafi það verið gert og þar af leiðandi getum við ekki stutt málið.“

> Þetta er stór áskorun fyrir alla og ekki síður sjávarútveginn því það er ómögulegt að búa við þetta ástand endalaust, þessar miklu deilur og illindi.

### Tafir vegna Icesave

Margt hefur áunnist síðan hrunið varð og á fimmtudag var tilkynnt um að ríkissjóður væri aftur kominn á alþjóðlegan skuldabréfamarkað. En hvað finnst Steingrími að betur hefði mátt fara?

„Auðvitað er margt sem maður hefði viljað að gengið hefði hraðar og verið komið lengra. Í raun má segja að endurreisnin í heild hafi tafist af vissum ástæðum. Það má segja að við séum svona níu mánuðum á eftir áætlun, miðað við það sem stefnt var að í upphafi. Það skýrist á töfum sem urðu á fyrstu og annarri endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem urðu vegna Icesave.

Við værum án nokkurs vafa komin lengra ef ekki hefðu orðið þær tafir á prógramminu. Nú erum við sem betur fer alveg á áætlun og höfum verið í meira en ár. Við höfum nýfengið fimmtu endurskoðun og þá er vonandi bara ein eftir í haust.

Það verða mikil tímamót ef áætluninni lýkur með árangursríkum hætti síðsumar eða í haust. Staða landsins hefur tvímælalaust verið að styrkjast og við höfum öðlast trúverðugleika vegna þess hvernig við höfum tekist á við vandamálin og þann árangur sem hefur náðst í ríkisfjármálun. Áhættuálagið er komið niður fyrir 200 punkta í fyrsta sinn síðan 2007 og landið er að komast í eðlilegri tengsl við umheiminn, líkt og skuldabréfaútboðið vitnar um.“

### Leiði flokkinn áfram

Nokkuð hefur verið ritað um hvort Steingrímur ætli sér að halda áfram sem formaður Vinstri grænna. Hann segir ekkert benda til annars núna, enda sé hann í miðjum verkefnum á miðju kjörtímabili.

„Hitt er þó ljóst að ég hef engin áform um að verða eilífur augnakarl, hvorki á formannsstóli Vinstri grænna né í stjórnmálum. Ég get vel hugsað mér að afhenda öðrum keflið þegar ég met það að tíminn sé réttur.

Ég hef verið býsna lengi í stjórnmálum og í eldlínunni. Þetta eru að nálgast 30 ár og þetta hefur verið annasamur tími, náttúrulega ekkert í líkingu við síðustu tvö og hálft ár.

Því er ekkert að leyna að þetta tekur sinn toll. Maður yngist ekki mikið í þessu starfi eins og ég hef djöflast. Það hefur komið sér vel að vera með sæmilegt vinnuþrek. Ég tel það ekki eftir mér að leggja fram alla krafta mína eins og ég ýtrast get.“

En mun Steingrímur leiða flokkinn í næstu kosningum?

„Jú, ég geri alveg eins ráð fyrir því, en ætla þó engar yfirlýsingar að gefa út á þessu stigi mála. Ég vonast til að næstu kosningar verði ekki fyrr en eftir tvö ár og þá getur margt skipt máli um ákvörðun mína; hvað er eftir í manni þegar þar að kemur, hvernig verkefnið hefur heppnast, er maður sáttur við það eða finnst manni að maður þurfi að fylgja því betur eftir.

Ég hef engar stórar áhyggjur, hvorki af mér né öðrum, svo fremi sem verkefnið heppnist; að koma Íslandi út úr erfiðleikunum eins fljótt og auðið er. Einu verklaunin sem ég vonast til þess að fá er að geta litið yfir farinn veg og sagt: þetta tókst. Þá yrði ég sáttur.“

markhonnun.is

# netto

Kræsingar og kostakjör



NAUTAPIPARSTEIK
FERSK

40% afsláttur

2.129kr/kg
áður 3.549 kr/kg

# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HVÍTASUNNUNA



LAMBASIRLOIN
SNEIÐAR
FERSKAR

1.198kr/kg
áður 1.498 kr/kg



LAMBAFRAMHRYGGJA-
SNEIÐAR
FERSKAR

37% afsláttur

1.396kr/kg
áður 2.198 kr/kg



GRILLHAMBORGARAR
10 X 90 G
FRYSTIVARA

999kr/pk.
áður 1.298 kr/pk.

KJÖTSEL



LAMBALÆRI
KRYDDAÐ

25% afsláttur

1.199kr/kg
áður 1.598 kr/kg

KJÖTSEL



BÖKUNARKARTÖFLUR
Í LAUSU

50% afsláttur

93kr/kg
áður 185 kr/kg



GRILLPYLSUR
10 STK

295kr/pk.
áður 369 kr/pk.

KJÖTSEL



EPLI
RAUÐ

40% afsláttur

159kr/kg
áður 265 kr/kg



**HVÍTASUNNUDAGUR:**
**LOKAÐ**

**ANNAR Í HVÍTASUNNU:**
**OPIÐ FRÁ 12-18**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 9. - 13. júní**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

eða meðan birgðir endast

# Frábært að byrja á Íslandi

Bandaríska söngkonan **Cyndi Lauper**, sem sló í gegn um miðjan níunda áratuginn með ofursmellum á borð við Girls Just Want to Have Fun og Time After Time, heldur fyrstu tónleikana á Evróputúr sínum í Hörpu annað kvöld. *Kjartan Guðmundsson* spjallaði við Lauper um nýjustu blúsplötuna hennar, upphaf ferilsins, vinkonuna Lady Gaga og helstu framtíðaráform.







**LANGUR FERILL** Cyndi Lauper segist ætla að syngja mörg lög af nýjustu plötu sinni, Memphis Blues, í Hörpu. Hún telur þó líka í gömlu smellina frá níunda áratugnum og hefur enn gaman af að flytja þá. MYNDIR/ YUKI KUROYANAGI OG NORDICPHOTOS/GETTY

Ég veit ekki mikið um Ísland, en mig hefur alltaf langað til að heimsækja landið. Þegar umboðsmaðurinn minn lét mig vita að það væri möguleiki á að halda tónleika á Íslandi varð ég mjög ánægð," segir bandaríska söngkonan Cyndi Lauper, sem heldur tónleika í Hörpu annað kvöld, sunnudaginn 12. júní.

Harpa er fyrsti viðkomustaður hinnar 57 ára gömlu Lauper á tónleikaferðalagi hennar um Evrópu sem stendur yfir fram í lok júlí. Hún segist að vonum spennt fyrir heimsókninni, enda hafi hún heyrt fjölmargar sögur af landi og þjóð frá vinum sínum sem hafi komið til Íslands.

„Ég veit að landið er mjög fallegt og hef heyrt margar sögur af eldfjöllum og risastórum jöklum. Svo er ein af mínum uppáhaldshljómsveitum, Sykurmolarnir, frá Íslandi. Ég dýrkaði þá hljómsveit þegar hún kom fyrst fram á sjónarsviðið og ég er enn á þeirri skoðun að Björk sé snillingur. Ég hef líka heyrt að Íslendingar séu mjög vinaleg þjóð. Ég gæti því ekki hugsað mér betri stað til að hefja tónleikaferðina á. Þetta verður frábært. Mikið ævintýri," segir Lauper.

### Alltaf verið blúsaðdáandi

Hljómleikaferðalagið um Evrópu er liður í kynningu Lauper á sinni elleftu og nýjustu hljómplötu, Memphis Blues, sem söngkonan sendi frá sér síðastliðið sumar. Á plötunni spreytir Lauper sig á hreinræktaðri blústónlist í fyrsta sinn og nýtur við það fulltingis kanóna á blússviðinu á borð við sjálfan B.B. King, Charlie Musselwhite, Ann Peebles og Allen Toussaint. Platan hefur víða hlotið fyrirtaks viðtökur og trónaði meðal annars á toppi bandaríska Billboard Blues-listans í þrettán vikur samfleytt. Memphis Blues er einnig mest selda plata Lauper í ein 25 ár eða síðan önnur plata hennar, hin geysivinsæla True Colors, kom út árið 1986.

*Hvernig stendur á því að þú ákvaðst að einbeita þér að blústónlist á nýjustu plötunni?*

„Ég hef verið með þessa plötu í pípunum í átta ár. Allt frá því að ég var lítil stelpa hef ég haft mikla ástríðu fyrir þessari tónlist og því var það eins og draumur fyrir mig að láta loksins verða af því að gera heila svona plötu. Þegar ég var lítil las ég blaðagrein þar sem sagði að einhver af hljómsveitunum sem ég var hrifin af á þeim tíma væri undir sterkum áhrifum af blúsnum, svo ég fór beinustu leið og keypti plötur með Muddy Waters, Ma Rainey og Big Momma Thornton. Ég heillaðist gjörsamlega og hef verið heilluð síðan. Það voru mikil forréttindi að vinna með þessum goðsögnum úr blúsheiminum, hverri einustu þeirra."

> Það voru mikil forréttindi að vinna með þessum goðsögnum úr blúsheiminum, hverri einustu þeirra.

### Syng ennþá gömlu lögin

*Eðli málsins samkvæmt geta áhorfendur í Hörpu átt von á að heyra mörg lög af Memphis Blues-plötunni, nýjustu afurð Lauper. En munu gömlu smellirnir frá níunda áratugnum, þegar frægðarsól hennar reis sem hæst, einnig heyrast á Íslandi? Lög á borð við Girls Just Want to Have Fun, Time After Time, All Through the Night og True Colors?*

„Já, að sjálfsögðu. Ég hef ennþá mjög gaman af því að flytja þessi gömlu lög. Ég vil líka gleðja áhorfendurna og hvet þá því til að fjölmenna og við getum haldið partí saman."

*Finnurðu fyrir því að einhverjir hugsi fyrst og fremst um þig sem listamann frá níunda áratugnum, þrátt fyrir að þú hafir verið í bransanum í nærri þrjá áratugi og tæklað hinar ýmsu tegundir tónlistar, frá hreinræktuðu poppi út í rólegri lendur, klúbbatónlist og nú síðast blús?*

„Já, því miður finn ég fyrir því á köflum að ímynd mín í hugum margra sé föst á níunda áratugnum. En ég skil það líka ágætlega. Fyrsta platan mín [She's So Unusual frá árinu 1983] var gríðarlega vinsæl og eftir svona góða byrjun reynist oft erfitt að keppa við söguna. Ég er stolt af upphafi ferilsins og mjög ánægð með ferilinn eins og hann leggur sig."

### Lady Gaga duglegust í bransanum

*Ásamt því að heilla heimsbyggðina með tónlist sinni hefur Lauper verið einkar atorkusöm í baráttu sinni fyrir bættum mannréttindum víða um heim og fjáröflun fyrir fórnarlömb ýmissa náttúruhamfara og sjúkdóma. Nú síðast vann hún með nýstirninu Lady Gaga að leiðum til að koma í veg fyrir HIV-smit kvenna. Var það ánægjuleg reynsla?*

„Já, það var mjög mikilvæg reynsla fyrir okkur báðar. Við eigum margt sameiginlegt og í gegnum þessa vinnu erum við orðnar góðar vinkonur. Lady Gaga er einstök. Hún er ein allra duglegasta stelpan í bransanum og það er ekki annað hægt en að dást að kraftinum og ástríðunni sem hún leggur í allt sem hún gerir. Hún er djarfur listamaður og ég dái hana."

*Er á dagskránni að þið hljóðritið lög saman?*

„Nei, að minnsta kosti ekki á næstunni. Hún gaf nýlega út plötu og ég er viss um að hún hefur nóg að gera við að kynna hana."

*Er það rétt að þú og eiginmaður þinn, leikarinn David Thornton, hafið skírt son ykkar Declyn til heiðurs öðrum tónlistarmanni sem heldur tónleika í Hörpu von bráðar, Elvis Costello, sem heitir réttu nafni Declan MacManus?*

„Við hjónin erum bæði aðdáendur Costello. Við höfum hist nokkrum sinnum, rekist á hvort annað á tónleikum og ýmsum uppákomum og svo lékum við saman í einum þætti af gamanþáttaröðinni 30 Rock á dögunum. Það var mjög gaman að vinna með honum. En Declyn er ekki skírður í höfuðið á Costello. Eiginmaður minn á ættir sínar að rekja til Wales og Skotlands og við vorum að leita að nafni frá þeim heimshluta. Okkur finnst þetta bara frábært nafn. Sonur okkar heitir fullu nafni Declyn Wallace Lauper Thornton. Það er dálítið flott, ekki satt?"

### Ævisaga og raunveruleikaþáttur

*Hver eru þín helstu framtíðaráform?*

„Ég er með heilan helling af verkefnum í burðarliðnum. Ég er í miðjum klíðum við að skrifa sjálfsævisögu mína, sem kemur út seint á þessu ári. Í haust hefst svo framleiðsla á nýjum raunveruleikaþætti sem ég verð aðalstjarnan í. Svo er ég þessa dagana að semja lög fyrir Broadway-uppfærslu á ensku gamanmyndinni Kinky Boots. En á þessum tímapunkti er ég fyrst og fremst að einbeita mér að Memphis Blues."

### TÍU STAÐREYNDIR UM CYNDI LAUPER



- Faðir Cyndi Lauper er af þýskum og svissneskum ættum, en móðir hennar á rætur sínar að rekja til Sikileyjar.
- Hún varð fyrsti kvenkyns tónlistarmaðurinn til að senda frá sér fjórar smáskífur, sem allar náðu fimm efstu sætum Billboard-vinsældalistans, af einni og sömu plötunni. Platan var frumraun hennar, She's So Unusual.
- Hún breytti upprunalegum texta lagsins Girls Just Want to Have Fun, sem saminn var af Robert Hazard, því henni fannst textinn lykta af kvenhatri.
- Raddsvið söngkonunnar nær yfir fjórar áttundir.
- Lauper söng einn eftirminnilegasta einsöngskaflann í fjáröflunarlaginu We Are the World með stórstjörnuhópnum USA for Africa árið 1985.
- Djassgoðsögnin Miles Davis gaf út sína útgáfu af laginu Time After Time, sem Lauper samdi ásamt Rob Hyman úr bandarísku rokksveitinni The Hooters, á plötunni You're Under Arrest árið 1985.
- True Colors, titillag annarrar breiðskífu Lauper frá 1986, var einkennislag heimsmeistaramótsins í rugby árið 2003.
- Árið 1995 fékk Lauper Emmy-verðlaun fyrir gestahlutverk í gamanþáttaröðinni Mad About You. Hún hefur einnig leikið í fjölmörgum öðrum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og var keppandi í Celebrity Apprentice-þætti auðkýfingsins Donald Trump á síðasta ári.
- Leikfangarisinn Mattel hannaði Barbie-útgáfu í líki söngkonunnar sem hluta af leikfangalínunni „Ladies of the 80's" á síðasta ári.
- Það var enginn annar en gamla rokkstjarnan og presturinn Little Richard sem gaf Lauper og eiginmann hennar, David Thornton, saman árið 1991.



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Taktu þátt í Lukkulífi VITA til Tyrklands

## 21. júní, 2., 16. og 26. júlí.




TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

# Lukkulíf VITA

Hálft fæði!

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

## 21. júní í 11 nætur
### Verð frá 113.900 kr.*
### og 15.000 vildarpunktar

á mann mv. 2 fullorðna og tvö börn (2-11) í herbergi með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Verð á mann mv. 2 í tvíbýli 126.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar
*Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 123.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 136.900 kr.

## 2. júlí í 14 nætur
### Verð frá 130.900 kr. *
### og 15.000 vildarpunktar

á mann mv. 2 fullorðna og tvö börn (2-11) í herbergi með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Verð á mann mv. 2 í tvíbýli 152.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 140.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 162.900 kr.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 11. júní | Uppselt |
| 21. júní | Örfá sæti laus |
| 2. júlí | Nokkur sæti laus |
| 16. júlí | Laust |
| 26. júlí | Laust |
| 6. ágúst | Uppselt |
| 16. ágúst | Laust |
| 27. ágúst | Nokkur sæti laus |
| 6. september | Laust |
| 17. september | Örfá sæti laus |
| 27. september | Nokkur sæti laus |

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur**

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita — VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 55384 06/10

# Stóri maðurinn yfirgefur völlinn

Í miðri úrslitarimmu Dallas Mavericks og Miami Heat tilkynnti einn frægasti körfuknattleiksmaður allra tíma, **Shaquille O'Neal**, að hann væri hættur keppni eftir nítján leiktímabil í NBA-deildinni. *Kjartan Guðmundsson* tók saman upplýsingar um skemmtikraftinn Shaq, sem margir telja einn albesta miðherja deildarinnar frá upphafi ásamt Bill Russell, Wilt Chamberlain og fleirum.



## KJAFTFOR SKEMMTIKRAFTUR

Shaq er af mörgum talinn einn skemmtilegasti leikmaðurinn í sögu NBA-deildarinnar og uppátæki hans innan vallar sem utan voru eins og himnasending fyrir fjölmiðlafólk. Kjafturinn kom kappanum þó gjarnan í vandræði, til að mynda þegar Lakers lék gegn Sacramento Kings í úrslitum Vesturdeildarinnar árið 2002 og hann kallaði liðið ítrekað „Sacramento Queens" í viðtölum. Eins skaut hann oftsinnis eitruðum skotum á Kobe Bryant, liðsfélaga sinn, og í rappkeppni árið 2008 endaði Shaq atriði sitt á að spyrja Bryant: „Hvernig bragðast svo rassinn á mér?"

## HÖFUÐSTÓR

Shaq er af mörgum talinn hafa eitt stærsta egóið í sögu NBA. Eins vinsæll og hann var meðal áhorfenda var það ljóður á ráði leikmannsins að skilja við nánast öll liðin sem hann lék með í illu.

## MAÐUR MARGRA GÆLUNAFNA

Fjölmiðlafólk var iðið við að finna upp á gælunöfnum fyrir Shaq, en ekki þó jafn duglegt og leikmaðurinn sjálfur. Diesel, Shaq Fu, Big Daddy, Súpermann, Big Cactus, Big Shaqtus, Wilt Chamberneezy og Big Conductor eru einungis örfá dæmi um þau. Frægasta gælunafnið er þó líklega MDE (Most Dominant Ever).

## HVAÐ TEKUR VIÐ?

Margir hafa velt því fyrir sér hvað Shaq tekur sér fyrir hendur nú að ferli loknum. Hann hætti snemma í skóla til að sinna ferlinum, en útskrifaðist þó úr háskóla árið 2000 og sagðist þá „loksins geta fengið sér almennilega vinnu". Hann hefur löngum lýst yfir áhuga sínum á að gerast lögreglumaður, og er reyndar heiðursmeðlimur lögregluembættisins í Miami, en flestir telja líklegt að Shaq gerist fljótlega sérfræðingur sjónvarpsstöðva í NBA-tengdum málum, enda vel til slíkra starfa fallinn.

## HENGD UPP Í RJÁFUR

Shaq lék með sex NBA-liðum á nítján ára ferli; Orlando Magic, LA Lakers, Miami Heat, Phoenix Suns, Cleveland Cavaliers og Boston Celtics. Stjórn Lakers hefur þegar gefið út að treyja Shaqs númer 34 verði hengd upp í Staples Center-höllinni, en margir eru einnig á þeirri skoðun að Magic og Heat ættu að fara að fordæmi þeirra.

## HACK-A-SHAQ

Allan feril sinn voru Shaq afar mislagðar hendur á vítalínunni, sem andstæðingar nýttu sér til hins ýtrasta og brutu á honum í gríð og erg. Var þessi ákveðna leikaðferð kölluð „Hack-A-Shaq". Shaq var ekki mikið hrifnari af þriggja stiga skotum, enda skoraði hann aðeins eina slíka körfu á nítján ára löngum ferli sínum í NBA.

## GUÐDÓMLEGUR GUMPUR

Shaq er rassstór af náttúrunnar hendi, sem reyndist hin mesta blessun þegar hann keyrði með látum upp að körfunni og tók hvert frákastið á fætur öðru á ferlinum. Það var erfitt að komast nálægt honum.

## HRINGARNIR

Shaq vann fjóra NBA-titla, þrjá með Lakers frá 2000 til 2002 og með Heat 2006. Hann var valinn nýliði ársins 1993, var fimmtán sinnum valinn í Stjörnuliðið (þar af þrisvar valinn besti maður Stjörnuleiksins), var þrisvar sinnum besti maður úrslitakeppninnar og einu sinni besti maður leiktíðarinnar. Þá var Shaq tvisvar sinnum stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar og er fimmti stigahæsti leikmaður deildarinnar frá upphafi.

## VERÐMÆTIR FÆTUR

Íþróttavörufyrirtækið Reebok hannaði fyrst skó á risavaxna fætur Shaq árið 1993 og kallaði gerðina „Shaqnosis". Síðar gerði Shaq samning við kínverska fyrirtækið Ni Ling um framleiðslu á „Shaq Ni Ling"-skóm og meðal stoltra eigenda slíkra er enginn annar en Bandaríkjaforsetinn Barack Obama.

## ÍTREKUÐ MEIÐSLI

Shaq glímdi oft og tíðum við meiðsli og reyndist táin honum sérlega erfið. Þegar hann frestaði því að fara í aðgerð á tánni þar til rétt fyrir upphaf leiktíðarinnar 2002 til 2003, og hlaut bágt fyrir, útskýrði hann mál sitt á þennan hátt: „Ég meiddi mig á vinnutíma og ég læt mér batna á vinnutíma."



Útsala
ILVA
einfaldlega betri kostur
20-70%
AFSLÁTTUR
YFIR 1.200 VÖRULIÐIR
© ILVA Ísland 2011
40%
af BIRCH
FREDSACK
14.900
sparaðu 5.000
BIRCH. Sjónvarpsskápur. Hvítmálað birki/MDF. 151x50x51 cm.
Verð 54.900,- NÚ 32.900,-
BIRCH. Sófaborð m/2 skúffum. Hvítmálað birki/MDF.
140x80x48 cm. Verð 39.900,- NÚ 22.900,-
BIRCH. Glerskápur. Hvítmálað birki/MDF. 110x55x210 cm. Verð 99.900,- NÚ 59.900,-
BIRCH. Borðstofuborð m/innbygðri framlengingu. Hvítmálað birki/MDF. 200/280x100x78 cm.
Verð 69.900,- NÚ 39.900,-
BIRCH. Borðstofustóll m/dökkblárri sessu. Hvítmálað birki/MDF. Verð 12.900,- NÚ 7.500,-
FREDSACK. Grjónapúði. 350L
135x165x16 cm. Verð 19.900,-
NÚ 14.900,- Ýmsir litir.
70%
af HAWK
HAWK. Borðlampi. H51 cm.
Verð 14.995,- NÚ 4.495,-
Skermur seldur sér.
40-70%
af öllum mottum
GAUDY GLOBE
4.995
sparaðu 3.000
GAUDY GLOBE. Kúluljós. Ø36 cm.
Verð 7.995,- NÚ 4.995,- Ýmsir litir.
30-70%
af myndum
SÓLBEKKUR
19.900
sparaðu 10.000
SUMMER. Sólbekkur. Tekk, ál og
pólýtrefjar. Verð 29.900,-
NÚ 19.900,-
20-40%
af öllum
handklæðum
50%
af SHARON
SHARON. Legubekkur+3ja sæta leðursófi. L310 cm.
Verð 299.900,- NÚ 149.950,- Einnig til brúnn.
WOODIE. Babúska. 3 teg. Ýmsir litir.
Verð 1.995,- NÚ 1.495,-
30-70%
af speglum
BRITTON. Spegill, sifraður.
40x170 cm. Verð 12.995,- NÚ 8.995,-
ILVA kaffi
TILBOÐ Í JÚNÍ
Baguette m/salati
Verð 690,- NÚ 390,-
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust lán
til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
Lokað hvítasunnudag - Opið annan í hvítasunnu 12-18 www.ILVA.is

## GÖNGUR OG GLEÐI

Viðburðaríkt verður á Selfossi og nágrenni sem sjá má.
**18. júní** Ganga Ferðafélagsins á Kluftir á Hrunamannaafrétti.
**18. júní** Gullspretturinn, hlaupið í kringum Laugavatn.
**21. júní** Müllers-æfingar á gönguför frá Laugavatni.



**24.-26. júní** Landsmót fornbílamanna og Delludagar á Selfossi.
**25. júní** Jónsmessuhátíð verður nú sem endranær á Eyrarbakka.
**25.-26. júní** Brú til borgar, hátíð hollvina Grímsness.
**7. júlí** Fimmtudagsganga á Þingvöllum.
**14.-16. júlí** Íslandsmótið í hestaíþróttum verður á Brávöllum á Selfossi.
**15.-17. júlí** Bryggjuhátíð á Stokkseyri.
**23. júlí** Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum á nýja frjálsíþróttavellinum á Selfossi.
**28. júlí-1. ágúst** Fjölskyldudagar á Stokkseyri.
**5.-7. ágúst** Meistaradeild Olís.
**6. ágúst** Sumar á Selfossi, bæjarhátíð.
**13.-14. ágúst** Aldamótahátíð á Eyrarbakka.
*Margt fleira er á döfinni sem lesa má um meðal annars á síðunum www.arborg.is, www.southiceland.is, www.upplit.is,*

## KÓTELETTAN



Á Selfossi er stefnt að því að halda stærstu grillveislu Suðurlands um helgina. Þá fer fram bæjarfjölskyldu- og tónlistarhátíðin Kóteletta. Á hátíðinni ætla matvælaframleiðendur á Suðurlandi að kynna afurðir sínar, barnastjörnur verða á ferðinni og margir helstu tónlistarmanna landsins ætla að troða upp. Þar má nefna Mannakorn, Pál Óskar og Ingó og veðurguðina.
Nánar má lesa um dagskrána á síðunni www.kotelettan.is

**Bylgjulestin** sem fagnar 25 ára afmæli Bylgjunnar með ferð um Ísland í sumar, verður á Kótelettuhátíðinni og er þátturinn Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansý sendur þaðan beint út í dag.











# Falin djásn og ferðalög

Heimsókn í Ölvisholt, gönguferðir, sveitabúðin Sóley og stærsta grillveisla Suðurlands eru meðal skemmtilegra áfangastaða í ferðalagi Fréttablaðsins um Selfoss og nágrenni.

**1. Þingvellir**
Allar árstíðir eru ægifagrar í Þingvallaþjóðgarði. Þar er hægt að tjalda á góðum tjaldsvæðum, fara í lautarferðir og finna sér hæfileg fjöll. Ekki er heldur úr vegi að rifja upp ljóð og sögur lands og þjóðar.

**2. Laugarvatn**
Hinn nýi vegur um Lyngdalsheiði hefur gert heimsókn á Laugarvatn að skottúr frá Reykjavík. Þar er Lindin, sjarmerandi veitingahús, flott sundlaug og stytta af Jónasi frá Hriflu meðal þess sem gaman er að sjá og upplifa.

**3. Hestfjall**
Grímsnesið er áfangastaður margra sumarbústaðaeigenda. Útsýni fagurt yfir Grímsnesið og víðar er af Hestfjalli í Grímsnesi. Gengið er frá bænum Vatnsnesi og gangan er þægileg.

**4. Sólheimar**
Heimsókn á Sólheima í Grímsnesi er alltaf ævintýraleg. Í skjólgóðri hvilftinni er gott að sitja og gæða sér á kaffi og með því eftir að hafa skoðað fallegan varning heimamanna.

**5. Þrastarskógur**
Göngutúrar um Þrastarskóg eru skemmtilegir, ekki síst fyrir börnin. Þar má kaupa veiðileyfi í Ölfusá og renna fyrir lax.

**6. Selfoss**
Margir ferðalangar aka greitt í gegnum Selfoss, en þar er full ástæða til að staldra við. Sundlaugin er frábær, bókakaffi Bjarna Harðar hefur sinn sjarma og svo stæra Selfyssingar sig af því að þar fáist bestu pylsur landsins í Pylsuvagninum.

**7. Hellisskógur**
Útivistarsvæðið Hellisskógur er falin perla við norðanverða Ölfusá. Þar er gaman að ganga og aka um og hægt er að skoða Hellinn sem skógurinn dregur nafn sitt af. Komið hefur verið upp grillaðstöðu á svæðinu þar sem margir göngustígar eru, útsýni er fallegt og þar eru einnig minjar um búsetu og mannaferðir. Til að komast á svæðið er beygt til vinstri rétt áður en ekið er yfir Ölfusárbrú á leið inn í Selfoss og ekið í gegnum hverfið þar.





**8. Ölvisholt**
Brugghúsið Ölvisholt sem meðal annars bruggar Skjálfta tekur á móti hópum á laugardögum og leiðir í gegnum verksmiðjuna, framleiðsluferlið og hugmyndafræðina. Að sjálfsögðu fá allir að smakka afurðir hússins.

**9. Flóinn**
Galleríið Tré og list í Forsæti í Flóahreppi er heimsóknarinnar virði en þar má meðal annars skoða safn smíðamuna. Ólafur Sigurjónsson bóndi er listasmiður og smíðaði meðal annars eina af fyrstu vindmyllunum sem er við bæinn hjá honum. Villingaholtskirkju er vel við haldið og hana er gaman að skoða. Þá má enginn missa af sveitabúðinni Sóleyju sem er við bæinn Tungu skammt austan Stokkseyrar, þar er alltaf opið þegar einhver er heima.

**10. Knarrarósviti**
Hæsta bygging á Suðurlandi er Knarrarósviti skammt austan Stokkseyrar. Hann var hannaður af Axeli Sveinssyni verkfræðingi eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar húsameistara. Vitinn, sem er rúmir 26 metrar á hæð var byggður á árunum 1938-1939.

**11. Stokkseyri**
Draugasafn, humar, hvít fjara og falleg náttúra eru allt góðar ástæður fyrir stoppi á Stokkseyri.

**12. Eyrarbakki**
Einn fallegasti bær landsins er ávallt heimsóknarinnar virði. Þar eru krambúðin og kaffihúsið Gónhóll og byggðasafnið Húsið meðal spennandi áfangastaða.

Auglýsing

# Ódýrasti kaffibollinn!

## Hvað kostar kaffibollinn í raun og veru?

**Þegar kostnaður vegna kaffineyslu til lengri tíma er reiknaður saman, kemur í ljós að verðið á kaffivélunum hefur lítil áhrif á þann heildarkostnað sem neytandinn ber þegar allt kemur til alls.**

Marga dreymir um að eignast alvöru kaffivél eins og *Jura kaffivélina*, sem malar kaffibaunirnar og hellir upp á bragðgott kaffi undir þrýstingi. Einnig flóar hún mjólk og útbýr kaffidrykki eins og gert er á helstu kaffihúsum bæjarins. Innkaupsverðið á *Jura vélinni* er ef til vill fyrirstaða fyrir suma, en vélin kostar frá 124.950 krónum. Algengt verð á kaffivél til uppáhellingar. af gömlu gerðinni er um það bil 16.000 krónur. Þarna er augljóslega nokkuð mikill munur á innkaupsverði. Hér spara margir aurinn og kasta líka krónunni.

### Heildarkostnaður vegna kaffineyslu í tíu ár

- Heildarkostnaður felur í sér verð kaffivélar, kaup á kaffi þar sem gert er ráð fyrir 15% verðhækkun á hverju ári og kaupum á hreinsitöflum þar sem gert er ráð fyrir 4% verðhækkun á ári. Hellt er upp á fimm bolla af kaffi á dag í tíu ár auk þess sem tekið er tillit til 30% rýrnunar á kaffi sem er óhjákvæmilegt ef hellt er upp á kaffi á hefðbundinn hátt. Sé heildarkostnaður núvirtur með 6% ávöxtunarkröfu til dagsins í dag kemur eftirfarandi í ljós:
- Uppáhelling á gamla mátann, kostar 1.093.064 krónur í tíu ár. Á sama tíma er heildar kostnaður með Jura vélinni aðeins 962.268 krónur.
- Með því að fjárfesta í Jura kaffivél geta því auðveldlega sparast 130.796 krónur á tíu árum.

IMPRESSA Z7

jura SWISS MADE



EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

júní 2011


## Angelina afar geðþekk

Guðmundur Ragnarsson matreiðslumaður hefur eldað ofan í ýmsar stórstjörnur í gegnum tíðina.

SÍÐA 6





## Lifðu á landsins gæðum

Ari Trausti Guðmundsson á góðar bernskuminningar úr ferðalögum með foreldrum sínum, Guðmundi frá Miðdal og Lydíu Pálsdóttur. SÍÐA 2



# Matur á faraldsfæti

Margir eru á því að skortur á girnilegu nesti geti eyðilagt ferðalagið, jafnvel þótt aðeins sé farið í stutta ferð rétt út fyrir bæinn. Auk þess er fátt skemmtilegra en að gleðja samferðafólkið með því að galdra fram óvænt ljúfmeti við næsta afleggjara.

Hungrið sem styttri og lengri ferðalög kalla fram er eilítið öðruvísi en svengdin sem við finnum til heima í stofu eða í hádeginu í vinnunni. Ríkuleg útivera sem ferðalögunum oft fylgir spilar þar gjarnan inn í og samlokur pakkaðar inn í smjörpappír, hafraklattar úr Macintosh-dollu og saft á brúsa bragðast eins og paradísarmatur, þannig að lúxusmáltíð á fimm stjörnu veitingastað á ekki í roð í ferðalagskræsingarnar.

Nesti býður líka upp á svo óteljandi marga möguleika; hvernig og hvar það er snætt. Úti við vegkantinn, á steini, á teppi í laut, í aftursætinu á bílnum ef

FRAMHALD Á SÍÐU 4


VIKUTILBOÐ Á SJÓNVARPSFLAKKARA

ALLTAF BETRA VERÐ



United HD MMP 9530
- 3,5" margmiðlunarspilari
- HDMI, Composite, Optical tengi
- USB tengi fyrir minnislykla
- SD/MMC kortalesari

UNITED

9.990

FULLT VERÐ KR. 11.990

SEX VERSLANIR

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

# BLÁR BRONCO OG NESTISKARFA

Friðrika Benónýsdóttir skrifar

Sunnudagsbíltúrar bernskunnar eru sveipaðir töfraljóma: Okkur yngstu systkinunum smalað í baksæti Broncosins, mamma varalituð á hælaháum skóm í framsætinu, pabbi blístrandi við stýrið og nestiskarfan lokkandi í rýminu fyrir aftan. Það var nefnilega ekkert verið að stoppa í sjoppum á ferðalögum þess tíma. Morgunninn fór í að smyrja flatkökur með reyktum Mývatnssilungi og hangikjöti, skella kleinum, heimabökuðum kanilsnúðum og vínarbrauði í Macintosh-dós, hita kakó til að setja á hitabrúsa, brjóta saman servíettur og pakka svo öllu saman, ásamt drykkjarílátum og áhöldum, í körfu.

Stór hluti spenningsins og ánægjunnar fólst í því að taka til nestið og þótt áfangastaðirnir væru oftar en ekki perlur íslenskrar náttúru; Ásbyrgi, Hljóðaklettar, Dettifoss, Dimmuborgir eða Vaglaskógur, var tilhlökkunin að stórum hluta bundin við það að bera körfuna góðu úr bílnum, finna sæmilega sléttan blett til að setjast á, breiða dúk á jörðina og raða góðgætinu á hann. Meira að segja máltíðin sjálf var hálfgert aukaatriði. Það var þessi óvenjulega umgjörð, ásamt því að hafa pabba og mömmu út af fyrir okkur, sem gerði stundina magíska.

Á tímum einnota grills og tilbúins grillkjöts er slík nestisgerð orðin næsta fátíð, einfaldara og auðveldara að renna við í búð, kaupa grillkjöt og meðlæti, eða einfaldlega stoppa í vegasjoppu og kaupa pylsur með öllu á línuna. Matarblaðið í dag er þó helgað þeim góða sið að hafa með sér mat að heiman á ferðalaginu, hvort sem um lengri eða styttri ferðir er að ræða, gefa sér tíma til að pakka honum fallega og njóta þess að dedúa við „borðhaldið“ úti í náttúrunni. Það gefur ferðinni örlítinn heimsborgarabrag að hafa með sér gúrkusamlokur og skonsur, eða rauðvínsflösku, osta og baguette, en íslenska góðmetið er þó auðvitað efst á blaði í íslenskri náttúru.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur · A Aðalréttur · E Eftirréttur · Hvunndags · Hvunndags/til hátíðabrigða · Holt · Fiskur · Kökur



„Við tókum bara heimilismatinn með okkur, saltkjötið, súpukjötið, fiskinn og kartöflurnar,“ segir Ari Trausti um nestisútbúnaðinn á uppvaxtarárunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Ánetjaðist FLATBRAUÐI OG KÆFU

Ungur fór Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur að ganga á fjöll með foreldrum sínum, Guðmundi frá Miðdal og Lydíu Pálsdóttur sem voru meðal frumkvöðla í að ferðast um hálendi Íslands. Hvað skyldi hafa verið í matinn?

Ég á minningar úr ferðum í fjallakofa þar sem við gátum eldað mat á kolavélum. Til dæmis í Ferðafélagsskálann í Hvítárnesi og skála Fjallamanna á Fimmvörðuhálsi. Þá tókum við bara heimilismatinn með okkur, saltkjötið, súpukjötið, fiskinn og kartöflurnar,“ byrjar Ari Trausti þegar hann er beðinn að rifja upp hvað hann snæddi í fjallaferðum með foreldrum sínum þegar hann var að alast upp. „Við fórum líka í lengri ferðir þar sem mjög erfitt var að elda eitthvað að ráði og þá kom dósamaturinn að góðum notum, kjötbollur, fiskbúðingur og fleira í þeim dúr. Við vorum alltaf með prímus með okkur, bara venjulegan sænskan steinolíuprímus,“ heldur hann áfram. Minnist þess líka að fjölskyldan og ferðafélagarnir lifðu á landsins gæðum eftir föngum. „Pabbi var mikill veiðimaður og var með stöng og haglara með sér svo hann veiddi gjarnan silung eða gæs. Silungur var mjög oft á borðum.“

Þá er komið að dagsbitanum. Hvernig var hann? „Ef við vorum að ganga á Vífilsfellið eða önnur fjöll í nágrenninu var það nokkurn veginn visst að það var brauð með osti eða flatkaka með kæfu í nestisboxinu. Svo var drykkur með í hitabrúsa, yfirleitt kakó og stundum te. Amma mín var voða mikil tekona og hún fékk mig til að taka með mér te með sítrónu og sykri.“

Ekki kveðst Ari Trausti hafa átt sér uppáhaldsferðamat sem hann hafi haft sérstakt dálæti á. „Silungur og kartöflur er auðvitað fínasti matur en annað var nú ekkert spennandi. Bara ósköp venjulegur matur og ekkert til að eiga sem uppáhald. Það eina sem ég ánetjaðist var flatbrauðið og lifrarkæfan. Ef ég fer í dagstúra núna hef ég það gjarnan með mér. Mér finnst það mjög sniðugur orkugjafi.“ - gun




## BAKKABRIM

# Lautarferð í fjörunni




Bakkabrim er lítið lífrænt kaffiskýli við Eyrarbakkabryggju. Þar er boðið upp á nýmalað lífrænt kaffi, te og heitt súkkulaði. Auk þess kokka eigendurnir Arna Ösp Magnúsdóttir og David Kelley upp indælar heimalagaðar súpur, heimabakað brauð og kökur auk alls konar snarls. Þau nota lífrænt og árstíðabundið hráefni úr héraði eins og kostur er auk þess að útbúa allan mat frá grunni.

Umhverfisvernd er þeim hugleikin. Öll götumálin eru úr lífrænt niðurbrjótanlegum efnum, þau flokka allt rusl og nota umhverfisvæn hreinsiefni.

Arna og David opnuðu Bakkabrim í fyrrasumar en húsið byggðu þau sjálf. Kaffiskýlið stendur á fallegum stað við höfnina og stutt er að ganga niður að strönd. Þeir sem vilja njóta veitinga utandyra geta fengið útbúnar lautarkörfur með góðgæti frá Bakkabrimi. Hægt er að fá lánaða fuglaskoðunarbók og kíki, krabbagildrur og veiðistangir. Þá geta börnin sent flöskuskeyti auk þess sem boðið er upp á jóga á ströndinni, fuglaskoðun og fleira skemmtilegt fyrir hópa.

Í sumar verður haft opið frá 11-17 alla daga, nema mánudaga.




**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir. **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is* v



*góðgæti frá Jóa Fel*

# Gæðabrauð
## að hætti Jóa Fel
## – *heilkorna er málið*

**Bakarí Jóa Fel býður nú upp á nokkrar gerðir af einstaklega hollum og næringarríkum brauðum sem eru bökuð úr heilkorna hveiti**

### Heilkorna er málið
Heilkorn er unnið með margskonar hætti, það getur verið heilt, kurlað niður, skorið eða malað gróft í mjöl. Heilkorna hveiti inniheldur bæði hýðið og kímið en þeir hlutar kornsins eru ríkastir af vítamínum, steinefnum og trefjum.

### Af hverju heilkorn?
Þú borðar minna þar sem heilkorn er mjög mettandi, þannig er auðveldara að halda kjörþyngd. Heilkorn stuðlar einnig að bættri meltingu. Í heilkorna hveiti eru B– og E– vítamín, steinefni og önnur góð efni sem eru mikilvæg fyrir líkamann og baráttu hans gegn ýmsum sjúkdómum.

**Verði þér að góðu**

VELDU HEILKORNA

ÖLL BRAUÐ FRÁ JÓA FEL ÁN SYKURS

FABRIKAN



Kóngabrauð | Heilkorna rúnstykki | Heilkorna flatkökur | Meistarabrauð

Jói Fel

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær












**FRAMHALD AF FORSÍÐU**

það rignir eða á dúkuðu útiborði í Heiðmörk.

Bitar sem taka má með í ferðalagið eru óteljandi, þótt flestum detti fyrst í hug samlokur, fernudrykkir og ávextir. Þá er gott að fara yfir ýmsan aukabúnað áður en lagt er af stað. Má þar fyrst nefna kælibox, sem er bráðnauðsynlegt í lengri ferðir en opnar líka möguleika á fjölbreyttara nesti í þær styttri sem þarf að geymast í kæli. Vel skipulögð plastbox, jafnvel með hólfum fyrir mismunandi tegundir af niðurskornum ávöxtum, vasahnífur í hanskahólfinu fyrir þykkar kryddpylsur, avókadó, mangó og annað slíkt, plastpokar undir ruslið, pappaglös og servíettur. Blaðamaður, þjakaður af ólæknandi nestisást, útbjó þríréttaðan nestispakka fyrir dagsferð út fyrir bæinn.



- jma

Samlokur bragðast aldrei betur en á ferðalögum. Bastmotta og drykkjarmál eru frá Duka.



F A E

## FORRÉTTUR OG AÐALRÉTTUR Í FERÐALAGIÐ

### GRÆNMETI Í GRÁÐOSTASÓSU

**á forsíðu**

*Handa 3-4*

**1 box kirsuberjatómatar**
**1 dós svartar ólífur**
**½ dolla 18% sýrður rjómi**
**½ lítil dolla majónes**
**5-7 msk. gráðostur**
**2 msk. rifsberjahlaup**
**salt og pipar eftir smekk**

*Hrærið saman sýrðum rjóma, majónesi, gráðosti og rifsberjahlaupi og maukið vel með gaffli. Gott er að nota töfrasprota. Kryddið með salti og pipar. Gott er að gera sósuna daginn áður en haldið er af stað í ferðalagið og geyma hana í ísskáp þar til lagt er af stað, þannig verður hún bragðmeiri. Ólífurnar og kirsuberjatómatana er þægilegt að þræða upp á spjót og dýfa ofan í sósuna en sósuna sjálfa má setja í gamla glerkrukku fyrir ferðalagið.*



### SAMLOKA MEÐ SÍTRÓNUMAJÓNESI

*Handa 2*

**4 msk. léttmajónes**
**½ msk. fínt rifinn sítrónubörkur**
**1 tsk. sítrónusafi**
**½ gróft baguette**
**4 sneiðar spægipylsa**
**½ rautt epli, skorið í þykkar sneiðar**
**vænt búnt af graslauk**

*Skerið brauðið í sundur og svo í tvennt þannig að það myndi tvær samlokur. Hrærið sítrónuberkinum og sítrónusafanum saman við majónesið og smyrjið samlokurnar. Stingið bitum, spægipylsu og lauk inn í samlokuna.*

### KAKAN OFAN Í KAFFIMÁLIÐ

*Fyrir 1-2*

**1-2 kökuklattar að e**
**vali, heimabakaðir e**
**nýir úr bakaríinu**
**1 staukur sprauturj**
**4-5 niðurskorin jarð**
**Smá kaffi úr brúsa (**
**sleppa)**

*Takið kaffimálið ykka annaðhvort tómt eða*



**Öndin kaffihús** í Ráðhúsi Reykjavíkur býður hönnuðum að koma á kaffihúsið og kynna og selja vörur sínar um helgar í sumar. Anna Kristín Jensdóttir fatahönnuður ríður á vaðið um helgina, en hún hannar föt og fylgihluti undir nafninu Starstruck Design.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473













**Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson á Geirmundarstöðum sinnir búskap og ballsöng um hverja helgi.**



# Tónlistin er mín fíkn

MYND/PÉTUR INGI BJÖRNSSON

Ég er skírður eftir heimahögunum, jörðinni Geirmundarstöðum í Skagafirði þar sem ég er fæddur og uppalinn og hef búið allt mitt líf," segir bóndinn og tónlistarmaðurinn Geirmundur Valtýsson, sem einnig er fjármálastjóri í Kaupfélagi Skagfirðinga á Sauðárkróki.

„Ég vil alltaf hafa brjálað að gera en ég er samt ekki ofvirkur, bara skipulagður. Ég er ekki eins og Ómar Ragnarsson sem borðar barnamat, heldur borða ég hollan, góðan og orkugefandi mat sem heldur mér unglegum og sprækum," segir Geirmundur, sem um hverja einustu helgi spilar á böllum þvers og kruss um landið og síðast í nótt á bæjarhátíðinni Kótelettunni á Selfossi, þangað sem hann ók frá Króknum eftir vinnu í kaupfélaginu til að spila til klukkan fjögur í nótt.

„Ég er vanur að skutlast þetta á milli staða og tel það ekki eftir mér. Áður fyrr kom konan oft með en ballstandi fylgir mikil næturvinna og vökur sem ekki er hægt að leggja

> „Ég vil alltaf hafa brjálað að gera, en ég er samt ekki ofvirkur, bara skipulagður."

á konur. Ég þekki svo orðið hverja einustu holu á þjóðvegunum eftir áratugi í bransanum, allar beygjurnar og jarðirnar, því ég er svo mikill bóndi í mér og nýt þess að fara um sveitir lands," segir Geirmundur keikur.

Hann var á tólfta árinu þegar hann lærði að spila á harmóníku og sló í gegn á balli sveitunga sinna aðeins fjórtán ára gamall.

„Ég hef alltaf verið að slá í gegn, aftur og aftur, og eitt leitt af öðru. Hausinn á mér er fullur af tónlist og tónlistin mín fíkn," segir Geirmundur hlæjandi og þakkar fyrir að hafa aldrei smakkað vín né tóbak þrátt fyrir að hafa eytt bróðurparti allra helga fullorðinsára sinna í ballstússi tónlistarmannsins. Alls hefur hann gefið út þrettán hljómplötur með frumsaminni tónlist. Fyrsta lag Geirmundar sem sló í gegn var Bíddu við árið 1972 og seinna sama ár kom stuðsmellurinn Nú er ég léttur. „Þessi lög eru enn rótvinsæl og alltaf beðið um þau. Mér finnst erfitt að gera upp á milli laganna minna en smitast oftast með þegar lag verður afar vinsælt eins og Eurovision-lögin Lífsdansinn, Látum sönginn hljóma og Með vaxandi þrá. Ætli Ort í sandinn sé ekki í einna mestu dálæti, enda frábær útsetning, fallegur texti og sungið með englalegri jólarödd Helgu Möller," segir Geirmundur.

Til ballhalds á Geirmundur sér tvær Hljómsveitir Geirmundar, eftir því hvert hann er pantaður hverju sinni. Önnur er fyrir norðan og hin í Reykjavík, enda spilar hann minnst einu sinni í mánuði á Kringlukránni, þar sem hann verður einmitt á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní.

„Þar verða aðalhátíðahöldin og þangað kemur fólk í bakaleiðinni


;FRAMHALD | 2







**Rammagerðin** verður með starfsemi í söluturninum á Lækjartorgi framvegis. Turninn var reistur á torginu fyrir konungskomuna 1907 og er því orðinn rótgróinn í bæjarmyndinni.

















Tónlistarmennirnir Pan Thorarensen og Jóhannes Birgir Pálmason standa fyrir Strákamarkaði á Prikinu við Bankastræti milli kl. 13 og 18 í dag, ásamt Benedikt Frey Jónssyni og Ársæli Þór Ingvasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fataskápar kvenna rændir

**Fjórir ungir tónlistarmenn standa fyrir Strákamarkaði á Prikinu í dag. Þar verða seld föt af þeim sjálfum, auk ýmissa annarra hluta, jafnvel föt úr fataskápum eiginkvennanna, fjarlægð að þeim forspurðum.**

Þetta verða föt af okkur grjónunum, já,“ segir tónlistarmaðurinn Pan Thorarensen, sem ásamt félögum sínum úr tónlistarheiminum, þeim Jóhannesi Birgi Pálmasyni, Benedikt Frey Jónssyni og Ársæli Þór Ingvasyni, stendur fyrir fatamarkaði í bakporti Priksins við Bankastræti 12 milli 13 og 18 í dag.

Pan segir markaðinn þó ekki eingöngu snúast um föt heldur verði þarna „fullt af alls kyns dóti“, meðal annars vínylplötur og fleira tónlistartengt. „Þetta eru ýmsir hlutir sem við höfum fundið við tiltekt í herbergjunum okkar og margt sem kemur á óvart,“ segir hann og glottir. „Sumir halda að þetta verði bara rapparaföt en við höfum allir mjög ólíkan fatastíl svo úrvalið er fjölbreytt. Fullt af stelpufötum og skóm líka, þannig að þótt við köllum þetta Strákamarkað gleymdum við ekkert að hugsa um stelpurnar.“

Spurður hvaðan stelpufötin séu komin vefst Pan eilítið tunga um tönn, en segir að lokum að þau séu eiginlega bara héðan og þaðan. „Eitthvað aðeins er stolið úr fataskápum eiginkvennanna, en þær vita ekkert af því svo þær reka sennilega upp stór augu þegar þær mæta á markaðinn í dag og sjá fötin sín til sölu.“ Er ekki möguleiki á að selja þeim eitthvað af fötunum aftur? „Það gæti verið,“ segir Pan hugsi. „Veit samt ekki hvort það er mikill bisness í því, en það gæti hugsast.“

Til glöggvunar þeim sem eiga erfitt með að koma nöfnum tónlistarmannanna fyrir sig má geta þess að þeir eru allir betur þekktir undir sviðsnöfnum sínum. Pan sem Beatmakin Troopa, Ársæll sem Intro Beats, Benedikt sem B-Ruff og Jóhannes kallar sig Epic Rain. Þeir verða allir á staðnum og geta eflaust sagt væntanlegum viðskiptavinum skemmtilegar sögur sem tengjast fatnaðinum og hlutunum á markaðnum ef þess er óskað.

*fridrikab@frettabladid.is*


SUMAR 14




Gondólahátíð í Feneyjum
27. ágúst - 8. september

Gondólar og rómantík verða á meðal þess sem skreyta þessa glæsilegu ferð okkar um Ítalíu og Austurríki. Flogið er til Mílanó, þaðan ekið til Stresa við Lago Maggiore vatn þar sem gist verður í 3 nætur. Við siglum yfir til eyjunnar Isola Bella, þar sem höll Borromeo ættarinnar er að finna, en hana prýðir einn fallegasti blómagarður sunnan Alpafjalla. Við færum okkur yfir að Gardavatni, til Moniga del Garda og gistum þar í aðrar 3 nætur. Skoðunarferðir þaðan til Salò, Desenzano del Garda, stærsta bæjar við vatnið og Sirmione. Þá er komið að Gondólahátíðinni „Regatta“ í Feneyjum, sem er elsta hátíð þeirra eða frá 12. öld. Upphaflega var hátíðin haldin til að fagna velgengni og sigrum sjóflotans á hafi úti og má því sjá röð skreyttra gondóla og fólk klætt litríkum búningum frá 16. öld. Gistum í 3 nætur í Mestre, þaðan sem er frábært útsýni yfir til Feneyja. Síðan er haldið til Austurríkis þar sem dvalið verður í 3 nætur í Pertisau við Achensee. Förum í Gramai-Alm þjóðgarðinn í Karwendel fjöllunum og til Mayrhofen, eins aðalferðamannabæjar í hinum fagra Zillertal. Ferðinni lýkur svo með ævintýraferð með gufulest frá Zillertal yfir Inndalinn og að Achensee.

**Fararstjóri: Hlín Gunnarsdóttir**
**Verð:** 255.300 kr. á mann í tvíbýli
**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, hálft fæði, allar skoðunarferðir með rútu, ferja 2 daga yfir til Feneyja, gufulestarferð í Zillertal og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR




Geirmundur Valtýsson

## Framhald af forsíðu

þegar það er búið að rölta í bæinn. Það gleður mig ætíð hversu vinsæll ég er hjá breiðum aldurshópi og á böllin kemur fólk af öllum kynslóðum,“ segir Geirmundur, sem hallar sér í leiguherbergi eftir böll í borginni en leggur árla af stað norður til að vera kominn í sveitastörfin á Geirmundarstöðum upp úr hádegi.

„Svo næ ég helginni úr mér með því að fara tímanlega í háttinn á sunnudagskvöldi og þá vakna ég flottur til vinnu í kaupfélaginu klukkan átta á mánudagsmorgni,“ segir Geirmundur, sem saknar sveitaballa sem sveipuð voru rómantík bjartra sumarnótta í íslenskri sveit.

„Hér áður fyrr voru sveitaböll auglýst og fullt hús helgi eftir helgi, en nú þarf helst hestamannamót eða árlega viðburði svo hægt sé að slá upp sveitaballi. Það þykir mér miður í íslenska sumrinu og er menning sem er eftirsjá að.“

*thordis@frettabladid.is*

;ALLT ATVINNA
FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441
vísir.is

# Sales Manager — Emerging Markets

Marel is looking for a Sales Manager for emerging markets. He/she will work with other members of our matrix organisation in selling complex solutions, and will be responsible for sales strategy in a designated geographical area. The role also includes improving the performance and reach of an international partner network.

**Responsibilities**

- Implement a sales strategy
- Analyze customer needs and offer the best solutions
- ROI and payback calculations
- Build and maintain relationships with key customers

**Requirements**

- Bachelor's degree in business and/or a technical field
- Experience in food industry and international sales management
- Knowledge of CRM solutions and solution-selling techniques is an advantage
- Negotiation skills, ambition and ability to work independently
- Fluency in Arabic or a major Asian language is an advantage.

Applications should be submitted, in English, on **www.marel.com** before June 20th, 2011.
For further information on the role, contact David Bertelsen, David.Bertelsen@marel.com, Tel +354-563-8000.

Marel is an international hi-tech company and a leading global provider of advanced equipment, software and solutions for the food processing industry. The company employs about 3,500 people across five continents, including 400 in Iceland.

We offer excellent working conditions, efficient staff training, flexible working hours, a canteen, a children's playroom, outstanding sports facilities and a lively social life.

www.marel.com



marel

# Útibússtjóri á Höfn í Hornafirði

**Landsbankinn** auglýsir starf útibússtjóra í útibúinu á Höfn laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun til að veita útibúinu forstöðu.

**Helstu verkefni**

- Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- Ákvarðanataka er varðar starfsemi útibúsins
- Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun og/eða yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af og mjög góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Berglind Ingvarsdóttir Mannauði í síma 410 7914 eða berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka, í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Útibússtjóri Höfn" fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

Capacent Ráðningar

# STARFSMAÐUR Í LÍFEYRIS- OG LÁNAMÁL

LSB Lífeyrissjóður bænda

**Lífeyrissjóður bænda óskar eftir að ráða starfsmann í lífeyris- og lánamál. Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulund og metnaður í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar. Viðkomandi verður einnig að vera talnaglöggur og hafa góða greiningargetu.**

**Starfsmaður mun starfa við að:**
- Svara fyrirspurnum varðandi réttindi sjóðfélaga
- Úrskurða sjóðfélaga á lífeyri
- Endurskoða lífeyrisúrskurði
- Afgreiða umsóknir um sjóðfélagalán
- Sinna öðrum tilfallandi verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða haldgóð menntun sem nýtist í starfinu
- Góð starfsreynsla af alhliða skrifstofustörfum skilyrði
- Reynsla af starfi innan lífeyrissjóðs mikill kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta skilyrði, m.a. í Excel

Umsjón með ráðningunni hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐSKIPTASTJÓRI Á SVIÐI RAFRÆNNA VIÐSKIPTA (E-COMMERCE)

AVIS Budget Car Rental

**Alp ehf. óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf viðskiptastjóra rafrænna viðskipta (E-commerce). Viðkomandi þarf að búa yfir miklu sjálfstæði í vinnubrögðum, vera árangursdrifinn og skipulagður í vinnu, eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum og vera tilbúinn til að vinna í hópi.**

**Starfssvið viðkomandi er:**
- Ábyrgð og umsjón með vefsíðum félagsins
- Markaðssetning vefsíða félagsins á innlendum og erlendum leitarvélum
- Ábyrgð á notkun Internetsins sem dreifileiðar í sölu- og markaðssetningu
- Samskipti við AVIS og BUDGET erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölu og þekking á þörfum fyrirtækja á sviði rafrænna viðskipta skilyrði
- Reynsla af því að markaðssetja vefsíður á leitarvélar skilyrði
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða tækni er mikill kostur
- Góður skilningur á sölu- og markaðsmálum og upplýsingatækni er skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði

Alp ehf. er ein af stærstu bílaleigum landsins og er umboðsaðili AVIS og BUDGET á Íslandi. AVIS og BUDGET starfa á heimsvísu, með starfsstöðvar í yfir 160 löndum. Samtals hafa AVIS og BUDGET fleiri en 6000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim. Avis gerir sitt besta hvern dag til að veita viðskiptavinum sínum sem besta og hagkvæmasta þjónustu og að gera stöðugt betur. Eitt af megin stefnumálum fyrirtækisins er að þróa þjónustu og kerfi á hverju landssvæði fyrir sig og komast þannig í flokk fremstu bílaleiga í heimi. Frekari upplýsingar má finna á www.avis.is og www.budget.is.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# RÁÐGJAFI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

orkusalan

**Orkusalan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og framsækinn einstakling í starf ráðgjafa á fyrirtækjasviði. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til fyrirtækja og stjórnun viðskiptatengsla. Starfsstöð ráðgjafa er á skrifstofu Orkusölunnar í Reykjavík.**

**Helstu verkefni ráðgjafa eru:**
- Kynning á vöru og þjónustu fyrirtækisins á fyrirtækjamarkaði
- Viðhalda núverandi viðskiptasamböndum og sókn á nýja markaði
- Samninga og tilboðsgerð
- Vöruþróun og önnur þróunarvinna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði skilyrði
- Reynsla af mótun og uppbyggingu viðskiptatengsla mikill kostur
- Reynsla af samninga- og tilboðsgerð skilyrði

Lykileiginleikar ráðgjafa eru fagmennska, liðshugsun, hugrekki og gleði. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og hafa brennandi áhuga á verkefninu.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRÆÐSLUSTJÓRI

Í Sveitarfélaginu Árborg búa yfir 7.800 íbúar. Þar starfa rúmlega 550 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsmönnum sem hafa ríka þjónustulund og eru vandvirkir.

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða fræðslustjóra. Fræðslustjóri stýrir fræðslusviði og hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykkta um fræðslumál, s.s. um rekstur leik- og grunnskóla á vegum Árborgar.**

Fræðslustjóri fylgir eftir skólastefnu Árborgar og gildandi lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla. Fræðslustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra Árborgar og tilheyrir 5 manna stjórnunarteymi. Um nýtt starf er að ræða.

**Starfssvið:**
- Ábyrgð og eftirlit með starfs- og fjárhagsáætlun fræðslusviðs
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á sviði skólamála
- Ráðgjöf til forstöðumanna í starfsmanna-, rekstrar- og þjónustumálum
- Ráðgjöf og eftirlit vegna sérfræðiþjónustu
- Samskipti við bæjarráð, stoðþjónustudeildir og hagsmunaaðila
- Önnur mál á sviði skóla- og fræðslumála í samráði við framkvæmdastjóra sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði fræðslu- og uppeldismála
- Rekstrar- og stjórnunarreynsla æskileg
- Skýr sýn á leiðir til að styrkja menntaumhverfi bæjarfélagsins
- Leiðtoga-, samstarfs- og samskiptahæfni
- Áhugi á skóla- og fræðslumálum
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# NÝ TÆKIFÆRI

RioTintoAlcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Rio Tinto Alcan óskar eftir að ráða kraftmikla sérfræðinga í fjölbreytt og krefjandi verkefni í steypuskála fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingum með jákvætt hugarfar, metnað og drifkraft sem á auðvelt með að vinna í hóp. Um er að ræða spennandi og krefjandi störf hjá alþjóðlegu fyrirtæki.**

## SÉRFRÆÐINGUR Í FRAMLEIÐSLUSKIPULAGNINGU

**Alcan á Íslandi auglýsir eftir sérfræðingi í Steypuskála. Starf sérfræðings í framleiðsluskipulagningu heyrir undir leiðtoga Framleiðsluskipulagningar**

**Starfssvið**
- Gerð framleiðsluáætlana
- Birgðastjórnun og aðfangastýring
- Samskipti við viðskiptavini og söluskrifstofu
- Eftirfylgni framleiðsluáætlana
- Vinna við straumlínurekstur og stöðugar umbætur
- Kostnaðargreining og hagkvæmniútreikningar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- B.Sc. í verkfræði, viðskiptafræði, vörustjórnun eða sambærilegt nám
- Þekking og reynsla við framleiðslustjórnun og birgðastjórnun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði
- Gott vald á ensku í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

## SÉRFRÆÐINGUR Í MÁLMFRÆÐI OG FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT

**Alcan á Íslandi auglýsir eftir sérfræðingi í Steypuskála í hóp málmfræði og framleiðslustýringar. Starfið heyrir undir leiðtoga málmfræði og framleiðslueftirlits Steypuskála.**

**Starfssvið**
- Umbætur á framleiðsluferlum og framleiðslutækni
- Greining á afköstum búnaðar og náin samvinna við framleiðsluskipulag
- Mæla og meta virkni framleiðsluferla (process capability greining)
- Tryggja málmgæði og að vörur uppfylli kröfur viðskiptavina
- Samskipti við viðskiptavini erlendis
- Tryggja skilvirkni framleiðsluferla
- Þátttaka í vöruþróun
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi steypuskála innan samsteypunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- M.Sc. í vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði eða sambærilegri menntun
- Góð hæfni í að greina gögn og framsetningu þeirra
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á ensku
- Góð tölvukunnátta, þekking á upplýsingatækni og gagnavinnslu, þekking á iðntölvum og stýringum er kostur

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Spennandi störf við Háskólann á Bifröst



## Sviðsstjóri lagasviðs Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða sviðsstjóra lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst í fullt starf. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að taka að sér forystuhlutverk í líflegu akademísku umhverfi.

### Starfssvið

- Þróun og áframhaldandi uppbygging kennslu og rannsókna á sviði lögfræði við skólann. BS í viðskiptalögfræði og ML gráða í lögfræði. Af sérsviðum má nefna vinnurétt auk skatta- og félagaréttar
- Stjórnandi og leiðandi í þróun sviðsins
- Tengsl við innlendar og erlendar stofnanir um nám og rannsóknir
- Umsjón með námskeiðum og kennslu í lögfræði með aðstoðarrektor
- Kennsla og rannsóknir á sínu sérsviði

### Reynsla og hæfniskröfur

- Reynsla úr atvinnulífi, t.d. lögmennsku, er æskileg
- Reynsla af rannsóknum og kennslu á háskólastigi er æskileg sem og doktorsgráða eða reynsla sem metin er til jafns við doktorsgráðu
- Frumkvæði, forystueiginleikar og lipurð í mannlegum samskiptum eru lykilatriði

## Háskólakennari í markaðsfræði við Háskólann á Bifröst

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða markaðsfræðing til að annast kennslu í markaðsfræði við skólann. Um er að ræða lausráðningu í hlutastarf nú með möguleika á föstu starfi síðar.

### Starfssvið

- Kennsla í grunnnámskeiðum í markaðsfræði
- Vinna með sviðsstjóra viðskiptasviðs að áframhaldandi þróun náms í markaðsfræði á grunn- og meistarastigi
- Þátttaka í almennri stjórnun við skólann í samræmi við starfshlutfall
- Leiðbeiningar fyrir nemendur í verkefna- og ritgerðavinnu

### Reynsla og hæfniskröfur

Reynsla út atvinnulífinu æskileg, sem nýst getur við kennslu í markaðsfræði. Sömuleiðis reynsla af rannsóknum á háskólastigi og almennt af rannsóknum á sviði markaðsfræði.

- Meistarapróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af kennslu á háskólastigi
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda og starfsferils- og ritaskrá sendist til Háskólans á Bifröst, 311 Borgarnes, merkt „Markaðsfræði" eða „Sviðsstjóri" fyrir 1. júlí nk. Umsóknum má einnig skila rafrænt til Jóns Ólafssonar aðstoðarrektors á netfangið jonolafs@bifrost.is.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

---

## Reykhólahreppur

**Við Grunnskólann á Reykhólum er laust hlutastarf í myndmennt og smíðakennslu.**
Nánari upplýsingar gefur Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri í síma 434-7731 eða skolastjori@reykholar.is .

Skólastjóri

---

## Íþróttakennari óskast

**Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár.**

**Skólinn hefur lagt áherslu á íþróttakennslu með fleiri íþróttatímum en ætlast er til. Þá er skólinn þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskóli. Mikilvægt er að viðkomandi sé áhugasamur og skipulagður. Möguleiki er á flutningsstyrk og húsnæðishlunnindum.**

**Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 861 4256, adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólastjóri í síma 848 9768, sirra@vopnaskoli.is**

---

## Hefurðu áhuga á að leggja mannréttindum barna lið?

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leita að ungu og hressu fólki til að safna heillavinum á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Heillavinir styðja við starf samtakanna með föstum mánaðarlegum framlögum. Ef þú hefur áhuga á fjáröflun í þágu mannréttinda barna, átt auðvelt með samskipti og frumkvæði, þá sendu okkur umsókn á barnaheill@barnaheill.is, merkta „Mannréttindi barna" fyrir 24. júní nk.

Barnaheill
Save the Children Iceland

---



## AKUREYRARBÆR

## Hjúkrunardeildarstjóri við Öldrunarheimili Akureyrar

Staða hjúkrunardeildarstjóra í Eini- og Grenihlíð á hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri er laus til umsóknar.
Um fullt starf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Á Öldrunarheimilum Akureyrar fer fram fjölbreytt og áhugaverð starfsemi sem stöðugt er í þróun. Á heimilunum er unnið eftir Eden hugmyndafræðinni sem leggur áherslu á sjálfræði, aukinn heimilisbrag og lífsgæði íbúanna.

**Helstu verkefni:**
- Hjúkrunardeildarstjóri ber ábyrgð á hjúkrun og umönnun íbúa deildanna, daglegum rekstri, áætlanagerð og starfsmannahaldi auk þess sem hann sér um þróun og uppbyggingu deildarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðimenntun.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi í stjórnun, öldrunarhjúkrun eða öðru sambærilegu námi.
- Reynsla af stjórnun og starfi í öldrunarþjónustu.
- Áhersla er lögð á jákvæðni, frumkvæði, góða samskiptahæfileika og lausnamiðun.
- Einnig er lögð áhersla á skilning og áhuga á þörfum og þjónustu við aldraða.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is þar sem einnig er sótt um rafrænt.**

**Umsóknarfrestur er til 30. júní 2011**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Skýrr er að leita að:

# Rekstarstjóra@AK Hugbúnaðarsérfræðingi@RVK

– Tvö spennandi störf hjá stærsta (og langskemmtilegasta) UT-fyrirtæki landsins

## Rekstrarstjóri Skýrr á Akureyri

Skýrr leitar að rekstrarstjóra fyrir skrifstofu Skýrr á Akureyri. Sameinað félag Skýrr og EJS rekur 25 manna einingu sem þjónustar fjölmörg fyrirtæki á Norðurlandi á sviði hýsingar, rekstrarþjónustu og hugbúnaðarráðgjafar. Um er að ræða nýtt og spennandi starf sem viðkomandi gefst tækifæri á að móta í samráði við aðra stjórnendur félagsins.

### Æskileg reynsla og þekking

- 3–5 ára stjórnunarreynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af því að vinna með upplýsingatækni í rekstri
- Þekking á rekstrarumhverfi fyrirtækja á Norðurlandi

### Nauðsynleg hæfni

- Geta til að mynda og viðhalda tengslum við viðskiptavini
- Mikill metnaður og vilji til að ná settum markmiðum
- Hæfni til að hvetja aðra og útdeila verkefnum
- Geta til að skilja þarfir viðskiptavina og koma auga á lausnir
- Miklir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni

## Hugbúnaðarsérfræðingar

Skýrr leitar að öflugum hugbúnaðarsérfræðingum til að vinna með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins á sviði hugbúnaðargerðar og ráðgjafar í upplýsingatækni. Við bjóðum spennandi og skemmtileg verkefni í fjölbreyttu tækniumhverfi. Við leitum að nokkrum einstaklingum með reynslu á einhverjum eftirtalinna sviða.

### Æskileg reynsla og þekking

- Skjalastjórnun / skjalavistun
- Reynsla af upplýsingatækni í umhverfi fjármálafyrirtækja
- Ferlagreiningar / kröfugerð
- Verkefnastjórn í stórum verkefnum
- Forritun í .NET umhverfi
- Agile aðferðafræði s.s. SCRUM/Kanban
- Samþætting kerfa
- Forritun veflausna og viðmótsforritun
- Microsoft Dynamics Nav

### Nauðsynleg hæfni

- Frumkvæði og dugnaður
- Geta til að takast á við flókin verkefni
- Árangursvilji og þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji og geta til að vinna sem hluti af liði
- Góð enskukunnátta

## Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Skýrr er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með tæplega 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi. Viðskiptavinir skipta tugþúsundum. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlegu gæða- og öryggisstöðlunum ISO 9001 og 27001.

Fyrirtækið býður atvinnulífinu og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

Skýrr er jafnréttissinnað, fjölskylduvænt og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, góð laun og frábær vinnuaðstaða í boði. Kaffið er magnað og maturinn fyrsta flokks. Félagslífið er kraftmikið og uppákomur tíðar. Það er töff að vera nörd.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um þessi störf veitir Ægir Már Þórisson, mannauðsstjóri Skýrr (aegir.thorisson@skyrr.is). Umsóknarfrestur er til og með 20. júní næstkomandi. Tekið er á móti umsóknum á vef Skýrr (www.skyrr.is). Fullum trúnaði er heitið. Öllum umsóknum er svarað.



### Ástríða

Starfsfólk Skýrr tæklar viðfangsefni sín af forvitni, jákvæðni og metnaði. Starfsfólk Skýrr er glaðvært og hlakkar til að mæta í vinnuna.



### Snerpa

Viðbragðsflýtir, frumkvæði og sveigjanleiki einkenna starfsfólk Skýrr, sem er alltaf á tánum og nálgast öll verkefni með þjónustulund í fyrirrúmi.



### Hæfni

Fagmennska er starfsfólki Skýrr í blóð borin. Dugnaður, nákvæmni og samviskusemi eru í hávegum höfð hjá landsliðinu í upplýsingatækni.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1118









# ÁTTU HEIMA Í HÓPI ÖFLUGRA CISCO SÉRFRÆÐINGA?

## Cisco-hópur Tæknisviðs Nýherja leitar að metnaðarfullum starfskrafti.

Hæfniskröfur:
- Áhugi og grunnþekking á netkerfum.
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi.
- Þekking á Linux stýrikerfinu er kostur.
- Cisco sérfræðigráður eru kostur.

**Helstu verkefni Cisco-hóps:**
- Viðhald og rekstur á netkerfum viðskiptavina Nýherja.
- Viðhald og rekstur á MPLS-netkjarna Nýherja.
- Cisco sérfræðiþekking.

Spennandi verkefni eru framundan – gott tækifæri til að öðlast sérfræðiþekkingu á Cisco.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Ármann Guðjónsson**, hópstjóri Cisco-hóps, **armann@nyherji.is**.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.
Ef þú hefur áhuga og telur þig hafa tilskilda eiginleika skaltu senda inn umsókn ásamt ferilskrá á **heimasíðu Nýherja fyrir 22. júní nk.**

ENNEMM / SÍA / NM47112

Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 540 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð. Sérþekking þeirra, metnaður og þjónustulund eru forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af metnaði, fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

NÝHERJI

BETRI LAUSNIR




# VIÐSKIPTASTJÓRI – KJÖTIÐNAÐARMAÐUR / MATVÆLAFRÆÐINGUR

Gnótt, fyrirtækjasvið Ölgerðarinnar óskar eftir að ráða viðskiptastjóra. Gnótt er ein stærsta heildsala landsins á fyrirtækjasviði og sérhæfir sig á vörum fyrir matvælaiðnaðinn – bakarí, stóreldhús, kjötvinnslur og salatgerðir.

**Starfssvið:**
- Viðhald viðskiptasambanda og öflun nýrra viðskiptatengsla
- Eftirfylgni söluáætlana
- Sala til viðskiptavina
- Samskipti við innlenda viðskiptamenn
- Samskipti við erlenda birgja
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í kjötiðn og/eða matvælafræðum
- A.m.k. 3 ára reynsla af sölu- og/eða markaðsmálum
- Vöruþekking og þekking á íslenskum markaði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Börkur Edvardsson**, framkvæmdastjóri Gnóttar í síma 412-8000.

Umsóknir óskast sendar fyrir 16. júní nk. á netfangið **elisabet.einarsdottir@olgerdin.is** eða til Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

**Ölgerðin** er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörumerki sem eru eða hafa möguleika á að verða fremst í sínum flokki eru markaðssett af fyrirtækinu. Höfuðstöðvar Ölgerðarinnar eru að Grjóthálsi 7-11 en einnig eru starfsstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Hjá Ölgerðinni starfa tæplega 300 starfsmenn með víðtæka reynslu og þekkingu. Gildi fyrirtækisins eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni.

Grjóthálsi 7-11 110 Reykjavík Sími 412 80 00 Fax 412 80 01 olgerdin@olgerdin.is www.olgerdin.is

Ölgerðin
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða einn dómritara og tvo aðstoðarmenn dómara

## Dómritari

Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er sveigjanlegur og á auðvelt með mannleg samskipti.

Starfið felur í sér undirbúning þinghalda í þingbók, bókun í dómsal, skráningu og frágang málsskjala ásamt almennum skrifstofustörfum.

- Gerð er krafa um stúdentspróf en háskólapróf er æskilegt. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- Dómritari þarf að vera nákvæmur í vinnubrögðum og sýna færni í mannlegum samskiptum.
- Dómritari þarf jafnframt að hafa gott vald á íslenskri tungu og búa yfir góðri tölvukunnáttu (ritvinnslu).

Laun greiðast til samræmis við ákvæði stofnana-samnings SFR og dómstólaráðs.

## Aðstoðarmaður dómara

Lausar eru tvær stöður löglærðra aðstoðarmanna dómara.

Um er að ræða starf á grundvelli 17.gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tölul. 2.m.gr. sömu laga.

- Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulagshæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum.
- Aðstoðarmaður dómara þarf jafnframt að hafa gott vald á íslenskri tungu og búa yfir góðri tölvukunnáttu.

Laun greiðast til samræmis við ákvæði stofnana-samnings BHM og dómstólaráðs.

Ráðið verður í störfin frá og með **1. september nk**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdóm-stólanna má finna á **www.domstolar.is**

**Upplýsingar veita:**
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Við leitum að leiðtogum

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur leitar að kraftmiklum einstaklingum til að takast á við ögrandi verkefni í rekstri fyrirtækisins. Með skipulags- og áherslubreytingum er nú þörf fyrir leiðtoga í störf framkvæmdastjóra nýs þróunarsviðs og við leitum að framúrskarandi fagfólki í störf umhverfisstjóra og öryggisstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Öll störfin krefjast sjálfstæðis og ögunar í vinnubrögðum, stjórnunarhæfni, lipurðar í mannlegum samskiptum og frumkvæðis við úrlausn viðfangsefna. Í ljósi jafnréttisáætlunar OR eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um þessi störf.

## Framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Þróunarsvið er eitt af fjórum meginsviðum Orkuveitu Reykjavíkur. Undir sviðið heyra auðlindarannsóknir, kerfisrannsóknir og hermun, forðafræði og auðlindavöktun. Sviðið ber ábyrgð á langtímaþróun á umfangi og hagkvæmni veitukerfa í samræmi við framtíðarsýn Orkuveitunnar og notkunarspár. Sviðið annast einnig undirbúning nýframkvæmda, mat á umhverfisáhrifum, hönnun og hönnunarstjórn og öflun leyfa til framkvæmda vegna veitukerfa. Umsjón með nýsköpun og þróun innan Orkuveitunnar er á ábyrgð sviðsins. Framkvæmdastjóri þróunarsviðs situr í framkvæmdastjórn Orkuveitunnar.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi er skilyrði.
- Háskólamenntun á sviði reksturs er æskileg.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Reynsla af áætlana- og samningagerð.
- Reynsla af verkefnastjórnun, nýsköpun og þróun.

## Öryggisstjóri

Öryggisstjóri hefur forystu um eflingu öryggis- og heilbrigðisvitundar innan Orkuveitu Reykjavíkur. Hann ber ábyrgð á innleiðingu „núll-slysa stefnu" í fyrirtækinu, fræðslu stjórnenda og starfsfólks, gerð áhættumats verkefna og ferla auk skýrslugerðar og eftirfylgni. Öryggisstjóri heyrir undir forstjóra og vinnur náið með gæðastjóra að umbótum.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Víðtæk þekking og reynsla af öryggis- og vinnuumhverfismálum.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfni.
- Færni í miðlun upplýsinga í ræðu og riti.

## Umhverfisstjóri

Umhverfisstjóri hefur forystu um að metnaðarfullri umhverfisstefnu Orkuveitu Reykjavíkur sé fylgt í hvívetna. Hann hefur umsjón með þróun umhverfismála í störfum fyrirtækisins og leiðir umbótaverkefni og fræðslu á því sviði. Umhverfisstjóri heyrir undir forstjóra og vinnur náið með gæðastjóra. Umhverfisstjóri hefur eftirlit með vöktun mikilvægra umhverfisþátta á borð við auðlindanýtingu og tilhögun framkvæmda og sér um gerð árlegrar umhverfisskýrslu. Umhverfisstjóri er talsmaður umhverfismála inn á við og út á við.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun í umhverfis- eða náttúruvísindum er æskileg.
- Þekking og reynsla af umhverfisstjórnun er æskileg.
- Færni í miðlun upplýsinga í ræðu og riti.

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, í síma 516 7707 eða bjarnibj@or.is. Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Hilmar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is. Umsóknum skal skilað fyrir **20. júní 2011.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomanda í starfið.

Orkuveita Reykjavíkur er veitufyrirtæki og þjónustufyrirtæki í eigu almennings sem sér um 200.000 notendum fyrir húshitun, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Í Orkuveitunni vinnur traustur hópur starfsmanna sem hefur lagt hart að sér í ólgusjó síðustu ára.



Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki. www.or.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 55350 6/11

# Forstöðumaður
## Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar

*Hlutverk Sjálfsbjargar er meðal annars;*
*að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðra og annarra fatlaðra, á öllum sviðum þjóðlífsins, með því að hafa áhrif á ríkis- og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstaklinga og með því að vekja áhuga almennings á málefnum þeirra með útgáfu og kynningarstarfsemi.*

**Auglýst er eftir starfsmanni í fullt starf til að veita Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar forstöðu.**
Þekkingarmiðstöðinni er ætlað að efla hreyfihamlað fólk til sjálfstæðs lífs og útrýma samfélagslegum hindrunum í garð þess. Hjá miðstöðinni verður yfirsýn yfir þjónustu og aðstoð sem auðveldar hreyfihömluðu fólki að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Miðstöðin mun einnig veita margvíslegar upplýsingar til aðstandenda hreyfihamlaðra og almennings og standa fyrir námskeiðum, jafningjafræðslu og rekstri öflugrar heimasíðu. Einnig að efla þekkingu á málefnum hreyfihamlaðs fólks og annarra fatlaðra og vinna að hugarfarsbreytingu í samfélaginu.

Þekkingarmiðstöðin er nýtt verkefni á vegum Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilsins.
Á undirbúningstíma þess verða starfsmenn um það bil fjórir talsins en fjölgar síðan í aðdraganda opnunar miðstöðvarinnar á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að á hverjum tíma séu ávallt nokkrir starfsmanna hreyfihamlaðir.

Leitað er eftir hæfileikaríkum forstöðumanni með háskólamenntun eða aðra góða menntun sem nýtist í starfið. Starfsmaður þarf að búa yfir fjölþættum hæfileikum og reynslu sem nýst getur starfinu. Gert er ráð fyrir ráðningu hið fyrsta en þó eigi síðar en frá hausti komanda.

**Helstu kröfur eru:**
- Félagsleg sýn og áhugi á málefnum hreyfihamlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og rekstri og geta til að leiða nýsköpunarstarf.
- Góðir leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Forstöðumaður ber ábyrgð á stefnumótun og þróunarstarfi, daglegum rekstri miðstöðvarinnar þar með rekstri öflugar heimasíðu, starfsmannamálum, kynningarstarfi og kemur fram fyrir hönd miðstöðvarinnar. Forstöðumaðurinn sinnir almennri ráðgjöf að hluta.

Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri hjá Sjálfsbjörg í síma 899 0065. Tölvupóstur: tryggvi@sbh.is.

Nánari upplýsingar um Þekkingarmiðstöðina er að finna á sjalfsbjorg.is. **Umsóknarfrestur er til 30. júní 2011.**

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á framangreint póstfang, ásamt með ferilsskrá og greinargerð er lýsir hvers vegna umsækjandi sækir um starfið og hví hann telur sig til þess fallin að gegna því.



REYKJALUNDUR endurhæfing

**Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu til umsóknar:**

## Matartæknir

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS óskar eftir að ráða matartækni til starfa. Viðkomandi mun starfa undir stjórn matreiðslumeistara og þarf að geta sinnt afleysingu í hans fjarveru. Um er að ræða fjölbreytt starf í góðum hópi starfsmanna og þarf viðkomandi að geta hafið störf í ágúst. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Vinnutími er virka daga frá kl. 8 til 16.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamning Eflingar og fjármálaráðherra. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast til Guðbjargar Gunnarsdóttur, mannauðsstjóra (gudbjorg@reykjalundur.is) fyrir **27. júní.**

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Jónsson, matreiðslumeistari (chefgunnar@reykjalundur.is)

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni: **www.reykjalundur.is**



MANNVIT

# Starfsfólk óskast
**Nýir starfsmenn óskast í öflugan hóp á Austfjörðum**

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að bæta við starfsmönnum á véla- og rafmagnssviði á starfsstöðvum Mannvits á Egilsstöðum og Reyðarfirði.

**Starfssvið:**
Hönnunar- og viðhaldsverkefni á véla- og rafmagnssviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk,-tækni,-eða iðnfræðimenntun á véla- eða rafmagnsviði eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að starfa í hóp.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Góð ensku kunnátta í mæltu og rituðu máli.
- Mjög góð tölvukunnátta.

**Við bjóðum upp á:**
- Góðan starfsanda
- Krefjandi verkefni
- Starfsþjálfun
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi

Á skrifstofum Mannvits á Egilsstöðum og Reyðarfirði starfa um 20 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu.



**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits: www.mannvit.is

**Nánari upplýsingar veitir**
Auðunn Gunnar Eiríksson í síma 575 4882 og Elsa Grímsdóttir í síma 422 3047.

BSI
**Mannvit er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öfluga starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: Traust, víðsýni, þekking og gleði.**

Mannvit hf. | Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | s: 422 3000 / f: 422 3001 | www.mannvit.is





# MÚRBÚÐIN LEITAR STARFSMANNA

Múrbúðin óskar eftir að ráða í eftirtalin störf.

- **Sölumaður í verslun á Klettháls 7**, framtíðarstarf, leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri vönum sölumannsstörfum. Samviskusemi, þjónustulund, metnaður.
- **Sölu- og afgreiðslumaður í Grófvörudeild**, leitað er að einstaklingi með reynslu af þjónustu við byggingariðnaðinn. Framtíðarstarf.
- **Vinna við heimasíðu.** Sumarstarf. Leitað er að einstaklingi með reynslu af gerð og uppfærslu heimasíðna. Starfið getur verið unnið sem hlutastarf eða starf næstu 2-3 mánuði.
- **Sölumaður í Flísa & Baðmarkaðnum**, um er að ræða hlutastarf, vinnutími á milli 13.30-18.00 og a.m.k einn laugardag í mánuði. Frá 1. ágúst eða eftir samkomulagi.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: *ingolfur@murbudin.is*

MÚRBÚÐIN



# FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...




# CCP IS HIRING

» Character Concept Artist
» Technical Director
» Web Developer
» Systems Administrator

» Agile Guru/Principal Scrum Master (EVE Online)
» German Community Coordinator / Translator
» Game Master - Native Japanese-speaking
» Engineering Manager - Core

All positions demand good organizational capabilities, excellent people skills, proficiency in reading and writing English, and the ability to thrive in a dynamic environment.

More information on requirements, and what education/skills are preferable for each position, may be found on our webpage: **www.ccpgames.com/jobs**

CCP

# ÖRYGGISGÆSLA Í SMÁRALIND

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups.***

- Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.
- Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Viðkomandi þarf að hafa fullt vald á íslensku máli, jafnt talmáli sem og rituðu máli.
- Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti (benedikt@hagar.is) fyrir 22. júní.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# RAFEINDAVIRKI

Brúin ...brúar miðin

Óskum eftir að ráða rafeindavirkja eða tæknimenntaðan aðila í vinnu við að þjónusta siglingar- og fiskileitartæki og annan tengdan búnað.
Brúin ehf starfar í þjónustu við sjávarútveg og er með starfstöð á Akureyri. Óskað er eftir vönum aðila sem getur unnið sjálfstætt og í teymi með öðrum.

**Nánari upplýsingar veitir Finnur í síma 8945572.**
**Umsóknir skulu sendar á netfangið finnur@bruin.is fyrir 25. júní 2011 eða í pósti á: Brúin ehf.** Baldursnesi 4, 603 Akureyri.

ALLRA

## Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á
**atvinna@allra.is**

RB

# Reiknistofa bankanna auglýsir laus störf

Reiknistofa bankanna er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem þjónar bönkum, sparisjóðum, kortafyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum. Reiknistofa bankanna er nú hlutafélag og framundan eru spennandi tímar og nýjar áskoranir.

### Sérfræðingur í netöryggismálum á tæknisviði

Leitað er að öflugum sérfræðingi í netöryggismálum. Félagið leggur mikla áherslu á öryggismál, enda skipta öryggi og heilleiki gagna viðskiptavini okkar afar miklu máli.

**Hlutverk:**
- Umsjón með skilvirkni og áreiðanleika netvarna
- Hönnun og uppsetning á nýjum netvörnum
- Framkvæmd öryggisprófana
- Þátttaka í stefnumótun netöryggismála
- Þjálfun og ráðgjöf á sviði öryggis í upplýsingatækni jafnt innanhúss sem til viðskiptavina
- Samskipti við birgja og aðra samstarfsaðila

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunar-, verk- eða tæknifræði og umtalsverða starfsreynslu úr umhverfi þar sem unnið hefur verið með PCIDSS og ISO 27001. Viðkomandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og geta unnið jafnt sjálfstætt sem og í hóp að krefjandi verkefnum.

### Tölvunarfræðingar/kerfisfræðingar

Til starfa við kerfissetningu og forritun hugbúnaðarkerfa Reiknistofunnar, við ný kerfi og endurbætur á eldri kerfum bæði í stórtölvu- og dreifðu umhverfi.

- Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun og/eða umtalsverða reynslu við kerfissetningu og forritun
- Þekking á stórtölvuumhverfi er góður kostur

**Almennar kröfur til umsækjenda:**
- Sýna frumkvæði og metnað í starfi
- Hafa góða samskiptahæfileika
- Geta unnið undir álagi
- Gott vald á íslenskri tungu, talmáli og ritmáli

Við sækjumst eftir að fá hæfileikaríka og vel menntaða einstaklinga í vinnu og búa þeim gott og frjótt starfsumhverfi.

**Upplýsingar veita:**
**Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is**
**Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is**
**Guðbrandur Jónasson starfsmannastjóri Reiknistofunnar, gudbrandur@rb.is - Sími: 569-8877**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reiknistofa bankanna - Kalkofnsvegi 1 - 150 Reykjavík

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Fræðslusvið Hafnarfjarðar
## Talmeinafræðingur

**Staða talmeinafræðings á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar.**

**Meginverkefni:**
- Fagleg forysta í málefnum varðandi málþroska og talmeinaþjónustu barna.
- Greiningar barna í leik- og grunnskólum.
- Ráðgjöf til starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Ráðgjöf til foreldra.
- Fræðsla af ýmsu tagi.
- Samskipti við aðrar stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Prófgráða í talmeinafræðum og löggild starfsréttindi.
- Reynsla af starfi með börnum æskileg.
- Lipurð í samskiptum og samstarfsvilji.
- Sýni frumkvæði og ábyrgð.

Talmeinafræðingur mun starfa í teymi fagfólks á Skólaskrifstofunni sem sinnir margvíslegri sérfræðiþjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum.

Ráðið verður í starfið frá og með næsta skólaári til eins árs með möguleika á framlengingu ráðningar að þeim tíma liðnum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslusviðs í síma 585 5800, netfang magnusb@hafnarfjordur.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og greinargerð um faglegar áherslur í starfi berist Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður fyrir 24. júní 2011.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Laun og kjör eru samkvæmt samningum viðkomandi stéttafélags.

Sviðsstjóri fræðslusviðs

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Ert þú rétta manneskjan?

## Vistor óskar eftir að ráða áhugasaman starfsmann í krefjandi starf sölufulltrúa fyrir Astellas á Íslandi

**Helstu verkefni:**

- Sala og markaðssetning lyfja, sölukynningar og fræðslufundir fyrir heilbrigðisstarfsfólk
- Samskipti við aðra hagsmunaaðila í heilbrigðiskerfinu
- Þátttaka í þjálfun og ráðstefnum erlendis
- Gerð markaðsáætlana og kynningarefnis í samráði við birgja og markaðsstjóra
- Sala og markaðssetning í samræmi við markmið og áætlanir birgja og deildarinnar
- Aðkoma að langtíma stefnumótun um samskipti við lykilviðskiptavini
- Skilja, styðja og hegða sér í samræmi við markmið og gildi samstæðunnar

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun af heilbrigðissviði
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða lýðheilsufræða æskileg
- Reynsla af sölu og markaðsmálum æskileg
- Góðir greiningar- og skipulagshæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Mjög góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af teymisvinnu æskileg

*Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Við erum samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitum þeim þjónustu við skráningar og sölu- og markaðsmál, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Gildi Vistor eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni!*

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnur Helgadóttir, markaðsstjóri gunnurh@vistor.is s. 824 7160 og Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri vilborg@vistor.is s. 824 7136. Umsóknarfrestur er til 20. júní næstkomandi. Umsóknir og ferilskrár sendist á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.**

vistor
Bakhjarl fyrir betri líðan

800 7000 – siminn.is



# Viðmótsgóðir og færir forritarar

UT-rekstur og þróun leitar að öflugum sérfræðingum til að takast á við ögrandi framtíðarverkefni.

UT-rekstur og þróun er deild innan Símans sem vinnur samkvæmt Agile aðferðafræðinni og notar Scrum og Kanban í verkefnum sínum. Verkefni deildarinnar eru afar fjölbreytt, bæði á sviði innri og ytri starfsemi, og tengjast grunnkerfum (símstöðvar, sjónvarpskerfi, viðskiptakerfi) eða vörum og þjónustum Símans.

## Viðmótsforritun

**Starfslýsing:**
Starfsmenn hugbúnaðarþróunar Símans taka þátt í fjölmörgum spennandi hugbúnaðarverkefnum, s.s. fyrir snjallsíma (Android/ iPhone), Sjónvarp Símans, NFC, Augmented Reality, Ring og margt fleira. Í boði er vinna með öflugu teymi sérfræðinga hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins þar sem beitt er Agile-aðferðum (Scrum).

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf og reynsla af vinnumarkaði æskileg
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript), Spring, Java og vefþjónustum
- Brennandi áhugi á tækni er mikill kostur
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð

## Forritari og kerfisþróun

**Starfslýsing:**
Starfið felst aðallega í forritunarverkefnum og kerfisþróun á stóru hugbúnaðarkerfi. Tengist gjaldfærslugögnum, samskiptum ýmissa kerfa og stórum gagnasöfnum.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af C, C++ og SQL fyrirspurnum æskileg
- Þekking á Unix og Linux æskileg, Perl- og skeljaforritun er kostur
- Viðkomandi verður að eiga auðvelt með að setja sig inn í viðamikil verkefni

## Umsóknarfrestur er til 20. júní 2011

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is.**

**Gildi Símans eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður.
Við höfum þau að leiðarljósi í störfum okkar.**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM47129



# Kapteinninn auglýsir eftir áhöfn

## Næsta innrás: Þjóðhátíð

**Starfslýsing:**
Ég leita að fólki í áhöfnina til að koma með á Þjóðhátíð, vera í stuði með Kapteininum og taka þátt í nokkrum uppákomum. Viðkomandi verður að vera 20 ára eða eldri. Laun: frítt flug, frítt í Dalinn og frí hressing!

**Hæfniskröfur:**
Að vera áberandi hress og þora að vera í sviðsljósinu.

Umsókn skal ganga frá inn á Facebook-síðu Kapteinsins, **www.facebook.com/kapteinn1.**

Umsóknum verður ekki svarað í síma eða með öðrum leiðum en á Facebook.

**Sæktu um ef þú þorir!**

---

NÓATÚN
*Við gerum meira fyrir þig*

# NÓATÚN ÓSKAR EFTIR VERSLUNARSTJÓRA!



EXPO • www.expo.is

**STARFIÐ FELUR Í SÉR REKSTUR VERSLUNAR ÞAR SEM HELSTU VERKEFNI ERU:**
- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Samskipti við birgja
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Reynsla af matvörumarkaði er skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

**ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SÆKI UM Á WWW.NOATUN.IS**











DAG Nótt noatun.is 24·7 NÓATÚN

---

## Tónlistarskóli Sandgerðis

### Þverflautukennari

Tónlistarskóli Sandgerðis óskar eftir þverflautukennara í u.þ.b. 50% stöðu frá og með 15. ágúst 2011.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Tónlistarskóla Sandgerðis, Skólastræti, 245 Sandgerði eða rafrænt, á netfangið tonosand@sandgerdi.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2011.**

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Lilja Hafsteinsdóttir, í síma 420-7520 eða 899-6357.

---

SÓLBORG

**Leikskólinn Sólborg í Sandgerði auglýsir eftir**
**leikskólakennurum í 100% starf.**
**Einungis er verið að auglýsa eftir fagfólki.**

Leikskólinn er 5 deilda og eru deildarnar aldursskiptar. Unnið er með „könnunaraðferðina“ og „könnunarleikinn“ ásamt því að frjálsi leikurinn er í hávegum hafður. Leikskólinn er að taka inn agastefnuna Uppeldi til ábyrgðar ásamt grunnskólanum í Sandgerði, miðar stefnan að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans – **www.leikskolinn.is/solborg**

Umsóknarfrestur er til 21. júní 2011

Nánari upplýsingar veita Hanna Gerður Guðmundsdóttir leikskólastjóri eða Sólveig Ólafsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 423 7620.

---

HÚNAÞING VESTRA

## Tónlistarkennari

**Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu óskar eftir að ráða tónlistarkennara til starfa skólaárið 2011-2012.**

Kennslugreinar eru píanó, strengjahljóðfæri, tré- og málmblásturshljóðfæri.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags Tónlistarskólakennara.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2011.** Umsóknum, sem skulu vera skriflegar, ber að skila á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Nánari upplýsingar veitir Elínborg Sigurgeirsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Vestur-Húnavatnssýslu í síma 451-2660 & 864-2137 og á netfanginu borg@simnet.is

Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu var stofnaður 1969 og hefur starfað óslitið síðan. Sl. ár hafa 100-120 nemendur stundað nám við skólann og tónlistarkennarar hafa verið 6-8. Stefna tónlistarskólans er að bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám og því er æskilegt að kennarar skólans séu færir um að kenna á fleiri en eitt hljóðfæri. Kennslustaðir eru á Hvammstanga, Laugarbakka og Borðeyri. Í Húnaþingi vestra er mjög öflugt og fjölbreytt tónlistarlíf.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa, en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.120. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

Skúli Þórðarson,
sveitarstjóri Húnaþings vestra.

## Starf óskast á stór – Reykjavíkursvæðinu

### Húsvörður – Rekstrarstjóri

Óska eftir starfi sem húsvörður/rekstrarstjóri, hef reynslu af umhirðu fasteigna, eftirliti kerfa, smáviðhaldi sem og mati á því sem þarf að framkvæma og fl.
Get hafið störf strax. -- upplýsingar í síma 8955406 og e-mail: sis6@internet.is

Listasafn Reykjavíkur

# UPPLÝSINGAMIÐLUN

Óska eftir 2.herb. íbúð í Holtunum, Austurbæ. Barnlaus hjón, bæði í vinnu og öruggar greiðslur. Frá 1.júlí. S: 698 1093.

Rúml. 50ára óska eftir 3.herb+ íbúð í Rvk. Reglusemi, góð umgegni og skilvísar gr. s: 663 0644.

Einstæð móðir óskar eftir litilli íbúð í Breiðholtinu frá 1.ágúst. Uppl. í s. 865 0771

4ra manna fjölsk.óskar eftir íbúð eða sérbýli í Hfj frá 1/8 .Uppl. s.868 5349

## Gisting




Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

## Til leigu

**Til Leigu.**
**Skrifstofuhúsnæði Síðumúli 23**



Til leigu, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði alls 1.689 fm. Húsnæðið er laust til afhendingar frá og með júlí 2011. Upplýsingar í síma 696 1001.

## Til sölu

**Til sölu 36 kw Lister ljósavél**

Tillboð óskast í Lister ljósavél sem er í eigu Heilbrigðisstofnunnar Vesturlands.
Vélin er 36 kw / 3 x 220volt ásamt meðfylgjandi spenni 230 volt/400 volt.

Vélin hefur verið notuð sem varaafls vél fyrir Sjúkrahús Akraness og er vel með farin og lítið notuð
Vélin er staðsett á Sjúkrahúsi Akraness og er þar til sýnis þeim sem áhuga hafa á að gera tilboð en þau verða að hafa borist Heilbrigðisstofnun Vesturlands fyrir 23. júní 2011.
Vélin verður aðeins seld ef tilboð er viðunandi að mati eiganda.
Einnig er óskað eftir að kaupandi taki vélina niður og flytji á brott á sinn kostnað.

**Tilboð berist til:**

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Merkigerði 9 300 Akranes
Guðjóni Brjánssyni c/o Tilboð í ljósavél
Nánari upplýsingar veitir Halldór Hallgrímsson í síma 4321158 milli kl 08:00 -16:00 og einnig er hægt að koma fyrirspurnum á netfangið halldor.hallgrimsson@hve.is

Óska eftir að taka á leigu 50-100fm atvinnuhúsnæði undir handverk. S: 845 4096.

Skrifstofuhúsnæði til leigu að Súðarvogi 7 2.h. er 18fm skrifstofa m. tölvu- og síma tengingu í sameign er aðgangur að fundarherb. uppl. í s: 824 3040 / 862 6679.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Atvinna í boði

**Kjötsmiðjan ehf.**
**óskar eftir að ráða starfskraft vanann kjötvinnslu og/eða úrbeiningu.**
**Vinsamlegast hafið samband við Birgi í síma 894 4982.**

**Lagerstarf/ sumarafleysingar.**
**Fyrirtæki í matvælaiðnaði getur bætt við duglegu fólki til starfa á lager, með möguleika á framtíðarstarfi ef viðkomandi stendur sig vel.**
**Krafist er stundvísi, samviskusemi í starfi og þarf viðkomandi að hafa lag á að stjórna fólki.**
**Áhugasamir sendi umsókn á thjonusta@365.is merkt (lagerstarf 2011)**

**Pizza Bager til Grønland**
**Arctic Wonderland Tours, Tasiilaq Til opstart af pizzaria i Øst Grønland, med ansættelse start snarest. inkl. ud/hjemrejse / logi. kontakt os endeligt for nærmere infomation http://www.arcticwonder.com Arctic Wonderland Tours, Boks 511, 3913 Tasiilaq, Mike eller Per Nicolaisen, e-mail:mike@arcticwonder.com, 00299981293**

**Rafvirkjar**
**Vantar tvo rafvirkjasveina til vinnu strax í Noregi. Mikil vinna framundan.**
**Spennandi tækifæri og miklir möguleikar fyrir vana menn.**
**Krafist er minnst þriggja ára starfsreynslu.**
**Vinsamlegast sendið ferilskrá, upplýsingar og fyrirspurnir á myri@internet.is.**

**Mosfellsbær Leikskólinn Hlaðhamrar**
**Starfsfólk óskast: Leikskólakennarar/ Leiðbeinendur.**
**Óskast til starfa við leikskólann Hlaðhamra um er að ræða 100% stöður.**
**Unnið er í anda „Reggio" stefnunnar.**
**Kjör eru skv. samningum FL. og Stamos.**
**Skemmtileg vinna með börnum í fallegu umhverfi í nálægð við náttúruna.**
**Upplýsingar gefur Sveinbjörg Davíðsdóttir leikskólastjóri í símum 566-6351 og 861-3529 hlad@mos.is**

Óska eftir samviskusömum og duglegum einstakling til vinnu á bílaleigu. Góð íslensku og enskukunnátta nauðsynleg. Uppl. í s. 867 2169

Málari eða vanur málningarvinnu? Vantar til vinnu í Reykjavík. Umsókn sendist á malning.vinna@gmail.com

**NULL**
Vélarvörð og háseta vantar á 200 tonna línubát. Uppl. í síma 8478182.

Vantar þig vinnu í sumar, erum að leita eftir hressu sölufólki sem talar góða ensku og helst annað tungumál. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. sendast á hlynur.asgeirsson@gmail.com

**Bjössi ehf. Hjólagrafa**
Óska eftir vönum hjólagröfumanni strax. Mikil vinna fyrir góðan mann. s. 772 2229 og 696 6676

Starfsfólk óskast í létta útivinnu í sumar. uppl. í s. 869 0830 Sara.

Íbúðahótel í miðborginni, óskar eftir að ráða þernur í þrif á íbúðum og sameign, bæði full störf og hlutastörf í boði. umsóknir: aparthotel101@yahoo.com

Óska eftir úthringjara til starfa. Föst laun + árangurstengt. Uppl. s. 777 5777 eða 774 1020.

Vana nuddara vantar til starfa strax hjá nuddstofunni Heaven. Uppl. í s. 777 5557 & 690 0062

## Atvinna óskast

Húsasmiður/innréttingarsmiður með mikla reynslu óskar eftir föstu starfi eða verkefnum. Uppl. í s. 845 4096.

Menntaskólanemi óskar eftir sumarvinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 659 1188 eða 897 4720.

Stýrimaður óskar eftir plássi á sjó. S. 840 3432

Halló! Er hárgreiðslumeistari þarna úti,sem getur bætt við sig nema.Búinn með tvær annir og sárvantar að komast á samning.Er mjög áhugasamur strákur á tvítugsaldri.Nánari uppl. í s:866-4029 eða einar369@hotmail.com

## Tapað - Fundið



Hún Birta týndist 9.jún frá Réttarholtsv 45.Hún er örm. en ekki með ól. Ef einhver hefur séð hana hafið þá samb. í s. 553 5234 / 866 9504.

## Einkamál

**Huggulegur góður maður**
**sem á eignir erlendis óskar eftir að kynnast konu ca. 20-40 ára sem vin og félaga. 100% trúnaður.**
**Svar með helstu uppl. sendist á netfang: „ betra123@visir.is" merkt: „Jákvæður".**

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.

27 ára kona, afar vel vaxin, vill kynnast karlmanni til að skemmta sér með. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8931.

Ung og falleg kona vill kynnast karlmanni til að gera eitthvað skemmtilegt með. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8714.

KK án aðstöðu vill kynnast samkynhn. KK. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8423. 8903.

Tæplega fimmtug myndarleg kona með mörg áhugamál óskar eftir kynnum við traustan og góðan mann sem er til dæmis orðin leiður á að leita að lífsförunaut á öldur húsum borgarinnar. 100% trúnaður. Svar sendist á FBL merkt Sumar 2011.

## Fasteignir





Til sölu á Akureyri

# Ásatún 36 og 38

**Íbúðalánasjóður auglýsir til sölu fimmtán íbúðir í tveimur húsum á byggingarstigi á Akureyri.**

Um er að ræða ellefu íbúðir í Ásatúni 36 og fjórar í Ásatúni 38. Þær seljast allar saman eða í tvennu lagi. Íbúðirnar eru allar á svipuðu stigi - um það bil tilbúnar til innréttinga. Frágangi utanhúss og lóðar er ólokið.

Áhugasamir snúi sér til eftirtalinna fasteignasala:

**Miðlun: 412 1600**
**Þingholt: 512 3600**
**Holt, eignamiðlun: 464 7800**
**Framtíðareign: 462 7400**
**Hvammur: 466 1600**
**Byggð: 464 9955**
**Fasteignasalan: 462 1878**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# HVAMMUR FASTEIGNASALA

**HAFNARSTRÆTI 99-101, 600 AKUREYRI**
**SÍMI 466 1600**
**WWW.KAUPA.IS**

**Sigurður S. Sigurðsson**
Fasteignasali
siggi@kaupa.is



**Svala Jónsdóttir**
svala@kaupa.is
s. 663 5260



**Björn Davíðsson**
bubbi@kaupa.is
s. 862 0440





**Munkaþverárstræti 33**
Fallegt og mikið endurnýjað einbýlishús á tveimur hæðum á góðum stað á Brekkunni
Stærð 203,1fm
**Verð 47,9 millj.**
**Skoða skipti á eign í Rvk**



**Hamragerði 6**
5 herbergja einbýli á einni hæð með tvöföldum bílskúr.
Stærð 181,6fm þar af bílskúr 56fm
**Verð 32,9millj.**
**Skoða skipti á eign í Rvk**



**Spónsgerði 3**
5 herbergja einbýli á einni hæð með tvöföldum bílskúr - samtals 173,2fm
Stærð 173,2fm þar af bílskúr 42,0fm
**Verð 34,5millj**
**Skoða skipti á eign í Rvk**



**Rauðilækur 15 105 Rvk**
Mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð í kjallara
Stærð 76,3fm
**Verð 19,9millj**
**Góð áhv lán**



**Laufengi 44-64 112 Rvk**
3ja herbergja íbúð á annari hæð í fjölbýli með sér inngang af svölum
Stærð 85,6fm
**Verð 19,3millj.**
**Góð áhv lán**



**Stekkjartún 21**
Glæsileg 4ra herbergja endaíbúð (vestur endi) á efrihæð
Stærð 110fm
**Verð 25,9millj Góð áhv lán**
**Tilvalin orlofsíbúð.**



**Ólafsvegur 30 Ólafsfirði**
5 herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýli
Stærð 114,8fm
**Verð 6,0millj.**
**Laus strax – Tilvalin orlofsíbúð**



**Skálateigur 3,**
Vönduð 4ra herbergja íbúða á jarðhæð með sérinngang og stæði í bílakjallara í góðu fjölbýli.
Stærð 109fm.
**Verð 25,5 millj Góð áhv lán.**



**Ljómatún 3**
Nýleg 4ra herbergja neðri hæð með bílskúr í Naustahverfi.
Stærð 142,2fm.
**Verð 28,9millj**



**Undirhlíð 3**
Nýjar 3ja – 4ra herbergja íbúðir með stæði í bílakjallara í 7 hæða fjölbýli fyrir 50 ára og eldri.
**Frábært útsýni.**
**Sýningaríbúð á staðnum.**

FASTEIGNASALAN HVAMMUR • KAUPA.IS



Fljótlegur eftirréttur í kaffipásunni. Kökuklatta skellt ofan í kaffið, rjóma sprautað yfir og jarðarber þar ofan á.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ð því á
epla-
g gras-

eigin
eða

ómi
arber
má

r,
n

með smá kaffi í botninum, og sprautið rjóma ofan í bollann, eins miklum og ykkur lystir. Brjótið klattana í tvennt eða þrennt og stingið ofan í rjómann. Dreifið jarðarberjunum yfir. Borðað með fingrunum – með því að dýfa klöttunum ofan í rjómakaffiblönduna og stinga upp í munn til skiptis. Sprauturjómann þarf ekki að geyma í kæliboxi fyrir notkun en jarðarberin er gott að hafa í litlu boxi, tilbúin niðurskorin, og geyma í kæli ef langt er í snæðinginn.


NÝTT • NÝTT

# Í dag vígjum við **Erlu-ís** í sjálfsafgreiðslu

Sami góði ísinn – en meira!
Komdu og fáðu þér uppáhalds ísinn þinn
Settu eins mikið og þú vilt af uppáhaldsnamminu á Erlu-ísinn þinn
Settu eins mikið og þú vilt af því sem þér finnst best á Erlu-ísinn þinn






**Ísbúðin Erluís**
**Fákafeni 9, 108 Reykjavík**
**Sími: 533-4500**
**Opið alla daga**
**11:00 - 23:30**

**Auglýsingasími**
**512 50 50**




Allt sem þú þarft...



Fræga fólkið vill ferskmeti og gljáði laxinn fellur í kramið. RÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fær stjörnur TIL SÍN Í MAT

Guðmundur Ragnarsson matreiðslumaður hefur eldað ofan í ýmsar stjórstjörnur í gegnum tíðina. Flestar kunna vel að meta matseld Guðmundar sem hefur fengið ýmis spennandi tilboð frá Hollywood.

Maður hefur hitt ýmsa mjög skemmtilega karaktera og á vonandi bara eftir að hitta fleiri í framtíðinni," segir Guðmundur Ragnarsson, matreiðslumaður og annar eigandi veitingahússins Lauga-áss. Hann hefur í starfi sínu verið viðloðandi tökur á mörgum erlendum stórmyndum hérlendis, Tomb Raider, Batman Begins, Flags of Our Fathers og fleiri, og eldað ofan í stórstjörnur á borð við Angelinu Jolie, Christian Bale og Clint Eastwood.

Guðmundur ber fræga fólkinu einstaklega vel söguna og tekur fram að allt sé þetta ósköp venjulegt fólk inn við beinið. „Ég er nú yfirleitt frekar ósýnilegur fyrir því svona framan af, eða þar til það smakkar á matnum mínum," segir hann brosandi og blikkar blaðamann.

Þannig að erlendu gestirnir kunna vel að meta matseldina? „Mjög vel, og sumir hafa meira að segja beðið mig um að koma út að vinna fyrir sig. Reinout Oerlemans, leikstjóri hollensku þrívíddarmyndarinnar Nova zembla, sem er eins konar Baltasar Kormákur Hollands, átti til að mynda ekki orð af hrifningu og spurði hvað ég væri eiginlega að gera hér. Slík tilboð hafa hins vegar ekki freistað mín því hér finnst mér langbest að vera. Annars væri ég fyrir löngu farinn."



Spurður hvort stjörnurnar geri miklar matarkröfur, svona í líkingu við þær sem meðlimir hljómsveitarinnar Eagles settu fram á dögunum, kannast Guðmundur ekki við það. „Mér fannst þær heldur ekkert yfirgengilegar. Það er bara verið að halda uppi ákveðnum staðli. Svo er ekkert nýnæmi að fræga fólkið vilji hollan og ferskan mat. Það er frekar regla en undantekning," segir hann og kveðst ávallt hafa þá ósk að leiðarljósi. „Ég og mitt fólk matreiðum lambakjöt, humar og allar tegundir af fiski, útlendingarnir eru vitlausir í hann þótt sumir séu feimnir að smakka í fyrstu. Allur matur er svo að sjálfsögðu búinn til á staðnum."



Guðmundur hefur fengið atvinnutilboð í Hollywood en honum þykir best að vera heima á Íslandi.

Talið berst að framtíðarverkefnum og þá verður Guðmundur þögull sem gröfin. „Þegar ég tek að mér ný verkefni er ég bundinn algjörum trúnaði og má því ekki fjalla um þau með nokkrum hætti fyrr en að þeim loknum," segir hann en fæst hins vegar til að ljóstra upp einu leyndarmáli í sárabætur; uppskrift að rétti sem stjörnurnar hreinlega dýrka. „Þetta er gljáður lax með mangó, límónu og myntupestó; rosalega góður og auðvelt og fljótlegt að elda hann á ferðalögum. Ég hvet því sem flesta til að prófa sjálfir!"

- rve

## SANNKÖLLUÐ STJÖRNUMÁLTÍÐ

*Fyrir 4*

### GLJÁÐUR LAX MEÐ MANGÓ, LÍMÓNU OG MYNTU

**800 g laxaflök (4 bitar)**
**1 stk. mangó saxað smátt**
**1 stk. límóna**
**fersk mynta rifin niður / söxuð**
**salt og pipar**
**1 dl hvítvín**
**olía**



*Gljáið lax í olíu á pönnu í 5 mínútur. Setjið mangóbita og rifna myntu yfir. Hellið hvítvíni yfir og látið jafna sig í 5 mínútur undir loki.*

*Kreistið límónu yfir þegar laxinn er borinn fram.*

### KREMAÐ VILLISVEPPA-BANKABYGG

**200 g bankabygg**
**600 dl vatn – grænmetissoð (notið grænmetisteninga í vatnið)**
**30 g villisveppir, helst úr íslenskri náttúru**
**2 dl rjómi**

*Sjóðið bankabygg í 20 mínútur í grænmetissoði með villisveppunum. Setjið rjóma í þegar bankabyggið er orðið mjúkt og sjóðið í 5 mínútur.*

*Kryddið með salti og pipar eftir smekk.*

*Berið fram með fersku sumarsalati.*





HEITASTA SPENNUBÓK garðyrkjumannsins!

*„Árstíðirnar í garðinum"* er fimmta bókin í bókaflokknum ***Við ræktum***, sem Sumarhúsið og garðurinn gefur út. Höfundur er Vilmundur Kip Hansen garðyrkju- og þjóðfræðingur, einn þekktasti penni í garðyrkju á Íslandi. Ljósmyndir Páls Jökuls Péturssonar úr íslenskum görðum prýða bókina. Páll hefur á undanförnum árum getið sér gott orð fyrir myndir af plöntum og úr náttúru Íslands.

Bókin skiptist í fjóra meginkafla, vor, sumar, haust og vetur, og fjallar höfundur um verkin sem tengjast árstíðunum. Leitast er við að gera bókina aðgengilega öllum þeim sem dreymir um að rækta garðinn sinn. Í bókinni er fjallað um fjölda plantna, hvort sem um er að ræða sumarblóm, haustlauka, grænmeti, laukjurtir, fjölda kryddtegunda, sígræn og lauffellandi tré og runna, úrval ávaxtatrjáa og berjarunna.

VIÐ RÆKTUM

***Bókaklúbburinn Við ræktum*** var settur á laggirnar vorið 2005 þegar fyrsta bókin kom út, Garðurinn allt árið. Árstíðirnar í garðinum er fimmta bókin í flokknum, en einnig hafa komið út bækurnar Lauftré á Íslandi, Barrtré á Íslandi og Matjurtir.

- Félagar í bókaklúbbnum fá bækurnar á betra verði.

**Skráning í bókaklúbbinn er í síma 578 4800 eða á www.rit.is.**

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

www.rit.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



BBQ Beikon
Nýtt á KFC
BoxMaster™
Orginal kjúklingabringa, ostur, brakandi beikon, ferskt salat, tómatar, kartöfluskífa, toppað með æðislegri BBQ sósu
KFC
svoooogott™
0gr. trans-fita
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...



**... KAKÓBRÚSA MEÐ SJÓÐANDI HEITU KAKÓI** Þrátt fyrir að dagatalið bendi til þess að sumarið sé komið sýnir hitamælirinn annað. Yljið ykkur með kakóinu þangað til sumarið kemur í raun og veru.



**... SKIPULAGNINGU** Áður en lagt er af stað í ferðalag er gott að skrifa niður það sem taka á með, bæði í matarkörfuna og í ferðatöskuna. Það flýtir fyrir og kemur í veg fyrir að mikilvægir hlutir gleymist heima.



**... MATARFERÐALÖGUM** Planið ferðalagið með tilliti til matsölustaða víða um land. Búa má til skemmtilegan ferðaleik og gefa mismunandi veitingastöðum stjörnur eftir gæðum.

**... DÖÐLUM** í gönguferðir því þær eru hitaeininga- og næringarríkar. Ein helsta ástæðan fyrir því er að vatnsinnihald þeirra er einungis 27 prósent á en margar aðrar tegundir ávaxta eru um eða yfir níutíu prósent vatn.






# 110% leiðin – átt þú rétt?

- Ef skuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar er hægt að sækja um að skuldirnar verði færðar niður að 110% af verðmæti eignarinnar.
- Á við um lán til kaupa á íbúð til eigin nota sem áttu sér stað fyrir árið 2009.
- Ef veðrými er á öðrum eignum umsækjanda lækkar niðurfærsla skulda sem því nemur.
- Kannaðu málið fyrir 1. júlí nk., en þá rennur út frestur til að sækja um þessa niðurfærslu.
- Sækja skal um rafrænt á www.ils.is.
- **Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2011.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir


KOMNAR Í EYMUNDSSON
NÝJAR BÆKUR FRÁ Disney
SAFNAÐU ÞREMUR LUKKUSEÐLUM JÓAKIMS!
NÝTT
MÚSAHÚS MIKKA
STÆRRA OG SKEMMTILEGRA BLAÐ FYRIR ALLA!
ÞANKA STRIK
NÝTT
ANDRÉS EXTRA
SÍNÁ SYRPA
BRANDARABÓK ANDRÉSAR NÚMER 2
©Disney
ÞÚ FÆRÐ AUKA LUKKUSEÐIL JÓAKIMS EF ÞÚ KAUPIR DISNEY-BLÖÐ Í EYMUNDSSON!
SUMARLEIKUR Disney
Taktu þátt í sprellfjörugum Sumarleik Disney og þú getur unnið glæsilega vinninga.
LUKKUSEÐILL JÓAKIMS FYLGIR DISNEY-BLÖÐUM Í SUMAR!
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**Sjónarhorn**
**Ljósmynd: Stefán Karlsson**

**ERNIRNIR SETJAST** Góður rómur var gerður að tónleikum bandarísku hljómsveitarinnar Eagles í Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöld. Sveitin á tvær af tíu mest seldu hljómplötum sögunnar, Hotel California og Best of Eagles, og hefur alls selt yfir 120 milljón eintök af plötum sínum um allan heim.

66°02'47"N 17°21'02"W

SAIL HÚSAVÍK
Norræn strandmenningarhátíð




*Þú ferð um borð í heimsfrægar seglskútur, lærir að sigla, smakkar á lostæti, nýtur tónlistar, kvikmynda og listasýninga, dansar og syngur.*

Ævintýraleg og heillandi fjölskylduhátíð í sérflokki.

*Stútfull dagskrá frá morgni til kvölds fyrir alla fjölskyldumeðlimi.*
*Nánari upplýsingar á www.sailhusavik.is og á Facebook.*

SAIL HÚSAVÍK
NORRÆNA HÚSIÐ
NORÐURÞING
norden

# Hvað viljum við?

Á Forvarnardaginn eru ungmenni í 9. bekk spurð út í ýmsa þætti sem snúa að vímuefnaforvörnum en rannsóknir hafa sýnt fram á að þrír þættir eru mikilvægastir: Samvera með fjölskyldu, íþrótta- og tómstundastarf og skýr skilaboð. Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is eða á facebook.com/forvarnardagur. Sýnum ungmennum að við höfum áhuga á þeirra lífi og verum vinir barnanna okkar.

FORVARNARDAGURINN

TAKTU ÞÁTT!

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

## Hvað viljum við gera með fjölskyldunni?




1. Útilega/ferðalög
2. Bíó/leikhús
3. Borða saman
4. Spila
5. Chill/kósíkvöld
6. Spjalla/tala saman
7. Horfa á sjónvarp/myndir
8. Sund
9. Ganga/fjallganga
10. Skíði/snjóbretti

### - Samvera -

**„ ... það er gott að hafa fjölskyldu sem maður getur alltaf treyst ... “**

Samvera, nánd, traust og sterk tengsl við foreldra segja ungmenni að veiti þeim sjálfstraustið til þess að segja nei.

### - Íþrótta- og tómstundastarf -

**„Auka sjálfstraust, góður félagsskapur, halda sér í formi og hafa gaman.“**

Ungmenni eflast félagslega og líkamlega við ástundun tómstunda og íþrótta. Hjálpum þeim að finna áhugamál við hæfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.

### - Skýr skilaboð -

**„Ef maður er ekki með nóg sjálfstraust þá er auðvelt að fá mann til að gera hluti sem maður sér svo eftir seinna.“**

Ungmenni þurfa stuðning við að móta sér skoðun á drykkju áður en þeim er boðið upp á áfengi eða vímuefni. Sýnum þeim hver okkar afstaða er, afdráttarlaust.



Forseti Íslands Reykjavíkurborg UMFÍ Skátarnir SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ofangreindar tilvitnanir eru teknar beint upp eftir ungmennunum. Árlega er Forvarnardagurinn haldinn í öllum grunnskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greiningu auk lyfjafyrirtækisins Actavis, sem er sérstakur stuðningsaðili verkefnisins.

Verkefnið er styrkt af

actavis

# tímamót

timamot@frettabladid.is



73 **TRYGGVI GÍSLASON**, fyrrverandi skólameistari, er 73 ára.
*„Algert frelsi er fullkomin ánauð nema sterkur sjálfsagi fylgi.“*



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Magnús Daníelsson**

fyrrverandi lögregluvarðstjóri,
Strikinu 8, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi, laugardaginn 4. júní. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ, þriðjudaginn 14. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknar- og hjálparsjóð Landssambands lögreglumanna.

**Elín Ringsted**
**Guðmundur Ringsted Magnússon** **Þórunn Aldís Pétursdóttir**
**Guðríður Kristín Magnúsdóttir** **Kristján G. Hálfdánarson**
**Daníel Þorkell Magnússon**
**Hrönn Magnúsdóttir** **Guðmundur Skúli Hartvigsson**
**Geirlaug Magnúsdóttir** **Theodór Ásgeirsson**
**Magnús Már Magnússon** **Sigríður Kristín Hafþórsdóttir**
**afa- og langafabörn**



*Innilegar þakkir fyrir allar þær fallegu og hlýlegu kveðjur sem okkur bárust vegna andláts*

**Jóns Kr. Sólnes**

hæstaréttarlögmanns, Aðalstræti 72,
Akureyri.

**Halla Elín Baldursdóttir**
**Lilja Björk Sólnes** **Rawn Salenger**
**Baldur Már Helgason** **Svanhildur Sigurðardóttir**
**Jón Ragnar Sólnes**
**Valgerður Sólnes**
**Kristín Sólnes**
**og barnabörn**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Hrefnu Júlíusdóttur**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 24. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir til heimilisfólks og starfsfólks Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**Bjarkey Magnúsdóttir**
**Jóhannes Kristjánsson** **Sólveig Sigurðardóttir**
**Brynja Kristjánsdóttir** **Örn Bergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Guðmundsson**

Höfða, Akranesi, áður til heimilis að
Akursbraut 22, andaðist 8. júní.

Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 14.

**Grétar Bjarnason** **Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir**
**Viðar Bjarnason** **Ingibjörg Hulda Björnsdóttir**
**Valur Bjarnason** **Sólrún Ósk Aðalsteinsdóttir**
**og afabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JÚNÍ 1994

## *Íslandssíld landað á ný eftir 27 ára hlé*

Arnþór EA 16 kom með fullfermi af Íslandssíld til Neskaupstaðar þennan mánaðardag árið 1994 en síld úr þeim stofni hafði þá ekki verið landað á Íslandi í 27 ár.

Arnþór EA 16, sem gerður var út frá Árskógssandi, var við veiðar um 210 sjómílur norðaustur af Langanesi og fékk tæp 300 tonn af Íslandssíld í tveimur köstum. Ingvar Guðmundsson skipstjóri var bjartsýnn á framhaldið og hvatti aðra til að fara á miðin, þótt torfurnar sem hann hefði orðið var við væru ekki ýkja stórar.

Síldin var stór og þótti í góðu ástandi miðað við árstíma, með um 20 prósenta fituinnihald. Mestallur aflinn fór þó í bræðslu en sýnishorn voru tekin til söltunar. Fleiri skip köstuðu á sömu slóðum í framhaldinu og fengu líka dágóðan afla.

**Heimild: timarit.is**





**MARKAÐSSTJÓRI** Íslensk náttúra er áþreifanleg á hótelinu að sögn Hildar Ómarsdóttur.



**Í GÖMLUM ANDA** Reynt var að fanga anda þess tíma þegar hótelið var byggt árið 1966.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HÓTEL LOFTLEIÐIR:** ENDURBÆTT OG BREYTT Í REYKJAVÍK NATURA

# Náttúran er rauði þráðurinn

Gagngerar endurbætur upp á tæpan milljarð króna hafa verið gerðar á húsnæði Hótel Loftleiða undanfarið, en auk nýs útlits fær hótelið nú nýtt nafn, Reykjavík Natura.

„Í hönnun húsnæðisins höfðum við að leiðarljósi að endurspegla annars vegar þann tíma þegar hótelið var byggt árið 1966 og að hafa það vinalegt og íslenskt, og hins vegar nafnbreytinguna,“ segir Hildur Ómarsdóttir, markaðsstjóri hótelsins. Lögð var áhersla á að gera þessa nálgun við íslenska náttúru áþreifanlega með ýmsum hætti. Til dæmis eru nýuppgerð herbergin þematengd. „Þannig geta gestir valið milli þess að gista í jökla-, norðurljósa-, mosa-, jarðhita-, eldvirkni- og vatnaherbergjum,“ segir Hildur, en auk þess eru ný fjölskylduherbergi hótelsins skreytt teikningum Eggerts Péturssonar af flóru Íslands.

Íslenskir listamenn fá stóran sess á hótelinu, en verkin voru valin af kostgæfni. „Við erum í góðri samvinnu við íslenska listamenn og höfum fengið verk sem voru gerð sérstaklega í tilefni af endurbótunum,“ segir Hildur og nefnir listaverkið Blik eftir Rúrí Fannberg í gestamóttöku og skúlptúra eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur.

Meðal annarra nýjunga á hótelinu má nefna veitingastaðinn Satt á jarðhæð og Sóley Natura Spa í kjallaranum auk þess sem gamla sundlaugin hefur verið algjörlega endurnýjuð. Þá hefur rekstur hótelsins verið umhverfisvottaður.

„Nýting hótelsins er mjög góð,“ segir Hildur ánægð, en á hverju ári gista um 50 þúsund einstaklingar á hótelinu í 220 herbergjum og gistinætur eru um 88 þúsund talsins. Níutíu prósent gesta hótelsins eru erlendir ferðamenn og á nafnabreyting hótelsins einnig rætur að rekja til þess. Einnig er áætlað að byggja annað hótel við höfnina í Reykjavík, sem mun bera nafnið Reykjavík Marina. „Með nafnbreytingunni sköpum við þannig vettvang fyrir fleiri hótel í keðjuna,“ segir Hildur.

solveig@frettabladid.is



**NÁTTÚRAN** Íslenskt Drápuhlíðargrjót var notað til að gæða hótelið íslenskum anda.



**GESTAMÓTTAKA** Hótel Loftleiðir, nú Reykjavík Natura, er vel nýtt. 50 þúsund gestir dvelja þar árlega í 220 herbergjum og gistinætur eru um 88 þúsund talsins.



**NOTALEGT** Lögð var áhersla á að gera hótelið vinalegt og íslenskt.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

Kr. 499
Þægilegustu vettlingar í heimi

~~Kr. 699~~
Kr. 499
Kósí sokkar

~~Kr. 699~~
Kr. 499
Sokkabuxur á krakka

Kr. 999
sæng og koddi með polyesterfyllingu

Kr. 1.990
sæng og kodda með holofiber/tencel fyllingu

Sæng og koddi í sumarbústaðinn!
Fáránlegt verð

# TILBOÐSVERÐ!

~~Kr. 3.290~~
Kr. 2.999
Sumarnáttföt

~~Kr. 3.290~~
Kr. 2.999
Sumarnáttföt

Kr. 4.999
Hettupeysa

~~Kr. 4.990~~
Kr. 2.999
Eigum einnig joggingbuxur í stíl

Kr. 1.499
Heat barna jogging buxur

Kr. 2.790
Gallabuxur

~~Kr. 10.990~~
Kr. 7.990

~~Kr. 12.990~~
Kr. 7.990

~~Kr. 8.490~~
Kr. 6.990

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÓDÝRT & GOTT

Opið 11 - 19 - LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG - OPIÐ MÁNUDAG 12-17 / Sími 534 4451

# Viðundrin eru af ýmsum meiði

Viðundrin nefnist myndlistarsýning sem nú stendur yfir í Lost horse gallerí að Hverfisgötu 71. Að baki sýningunni stendur listahópurinn Þiðundrin, en hann skipa þær Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir, Inga María Brynjarsdóttir og Ninna Þórarinsdóttir.

Í tilkynningu um sýninguna segir að Viðundur séu af ýmsum meiði, sum séu mennsk en önnur úr dýraríkinu. Önnur viðundur séu hvorki menn né dýr, heldur af óþekktum uppruna, hrærigrautur frá sagnaminni heimsins. Enn fremur segir að síðustu árin hafi listamennirnir í Þiðundrunum sökkt sér í hinn undraverða heim viðundra og þessi sýning sé afrakstur þeirrar vinnu.

Sýningin stendur til 15. júní og er að öllu jöfnu opin frá 14 til 17 fimmtudaga til sunnudaga.

Þórey Mjallhvít útskrifaðist 2003 úr UWCN, University of Wales College Newport, af teiknimyndabraut. Síðan hefur hún unnið í lausamennsku í teiknimyndagerð og myndskreytingum.

Inga María útskrifaðist árið 2004 sem grafískur hönnuður frá Listaháskólanum á Íslandi. Hún vinnur nú sem myndskreytingarmaður.

Ninna útskrifaðist sem hönnuður frá Design Academy Eindhoven árið 2006. Hún starfar nú á Íslandi sem listamaður.

- fsb



**SKYGGNST INN Í ANNAN HEIM** Eitt verkanna á sýningunni Viðundrin í Lost horse gallerí.

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Guðríður Guðmundsdóttir**

lést á Kjarnalundi 3. júní. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Kjarnalundi fyrir góða umönnun.

**Elín Skúladóttir**
**Oddfríður Skúladóttir**
**Kristinn Skúlason** — **Anna Pétursdóttir**
**Jóhann Skúlason**
**Skúli J. Skúlason** — **Þórhildur Höskuldsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn**

---



†

*Einlægar þakkir flytjum við öllum er heiðruðu minningu föður okkar, tengdaföður, bróður og afa,*

**Bjarna Ólafssonar**
fyrrverandi lektors

og sýndu okkur vináttu og samúð við fráfall hans. Sérstakar þakkir til starfsfólks á V-3 á hjúkrunarheimilinu Grund.
Guð blessi ykkur öll.

**Gunnar Bjarnason** — **Kristín Sverrisdóttir**
**Ólafur Bjarnason**
**Hallfríður Bjarnadóttir** — **Terje Fjermestad**
**Felix Ólafsson**
**og barnabörn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurfljóð Jónsdóttir**
frá Litla-Langadal á Skógarströnd, Sóltúni 2,

sem lést sunnudaginn 5. júní 2011, verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 14. júní 2011 kl. 15.00.

**Halldóra Guðmundsdóttir**
**Sigrún Ögmundsdóttir** — **Þórarinn Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Halldóra Anna Traustadóttir**
frá Grímsey,

lést á heimili sínu að Mýrarvegi á Akureyri, þann 5. júní. Jarðsett verður frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 10.30.

**Óli Hjálmar Ólason og fjölskylda.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Garðar Karlsson**
flugvirki og gítarleikari,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 8. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þuríður Helga Guðjónsdóttir**
**Viðar Garðarsson** — **Ólöf Sigurgeirsdóttir**
**Agnes Garðarsdóttir** — **Gísli Ólafsson**
**Jón Sigurður Garðarsson** — **Helga Þorkelsdóttir**
**Rannveig Garðarsdóttir** — **Bjarki Halldórsson**
**og barnabörn**

---



†

*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,*

**Ármanns Sigvaldasonar**
Borgartúni, Þykkvabæ.

Sérstakar þakkir færum við öllum í Álftarima 2 og á Vinnustofunni Viss.

**Jóna Katrín Guðnadóttir** — **Sigvaldi Ármannsson**
**Dagný Sigvaldadóttir**
**Guðni Sigvaldason** — **Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Sigurjóna Sigvaldadóttir** — **Emil Jakob Ragnarsson**
**Margrét Árdís Sigvaldadóttir** — **Óskar Eyberg Aðalsteinsson**
**Guðfinna Björk Sigvaldadóttir** — **Erlendur Reynir Guðjónsson**
**Eyþór Jónsson**
**og frændsystkini.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Garðar Sigurðsson**

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 14. júní kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og líknardeild Landspítalans.

**Valgerður Garðarsdóttir** — **Svanur M. Kristvinsson**
**Guðrún Garðarsdóttir** — **Guðmundur Guðmundsson**
**Bergur Garðarsson** — **Nína Margrét Perry**
**Hrafnhildur Garðarsdóttir** — **Ríkarður Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Ingibjörg Stefanía Þorvaldsdóttir**
Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 29. maí.
Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Helgi Gunnarsson** — **Þorbjörg Ásgrímsdóttir**
**Egill Helgason** — **Hrönn Huld Baldursdóttir**
**Ásgrímur Haukur Helgason** — **Helga Nína Aas**
**Ingibjörg Helga Helgadóttir** — **Ólafur Árni Sveinsson**
**Guðrún Helgadóttir**
**barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jakobsdóttir**
Hverahlíð 20, Hveragerði,

áður til heimilis að Dalbraut 17, Bíldudal, lést miðvikudaginn 8. júní á Landspítalanum. Útför fer fram fimmtudaginn 16. júní frá Fossvogskirkju kl. 13.00

**Ásgeir M. Kristinsson** — **Guðjóna Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Kristinsdóttir**
— **Birna Kristinsdóttir**
— **Guðbjartur Ólafsson**
**Jóna Elín Kristinsdóttir** — **Guðbjörg Benjamínsdóttir**
**Guðmundur Kristinsson** — **Valdís Valdimarsdóttir**
**Kristján Hörður Kristinsson** — **Þórarinn Viðar Hjaltason**
**Helga Kristinsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn**

---



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Ingibjargar Sigvaldadóttur**
frá Svanshóli.

Starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar Hólmavík eru færðar bestu þakkir fyrir góða umönnun.

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingimundur Ingimundarson** — **Ragnheiður E. Jónsdóttir**
**Pétur Ingimundarson** — **Margrét Ingadóttir**
**Svanur Ingimundarson** — **Anna Inga Grímsdóttir**
**Ólafur Ingimundarson** — **Hallfríður Sigurðardóttir**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns og föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Konráðs Páls Ólafssonar**
Asparási 2, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við Höllu Skúladóttur krabbameinslækni, starfsfólki Heimahlynningar og Deildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Ingigerður St. Óskarsdóttir**
**Guðjón Árni Konráðsson** — **Teresita Ragmat**
**Jóna Ósk Konráðsdóttir** — **August Håkansson**
**Guðmundur Kr. Konráðsson** — **Krittiya Huadchai Konráðsson**
**barnabörn og langafabörn**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**FJARAN OG HAFIÐ** er vefsíða sem snýst um lífverur í fjörum og hafinu. Slóðin er http://iis.nams.is/hafid/






## BRANDARAKISTAN

**Einu sinni voru tvær appelsínur í göngutúr. Skyndilega datt önnur appelsínan í læk. Þá sagði hin appelsínan: „Fljót, skerðu þig í báta!"**

**Hvað er rautt og svart inni í ískáp?**
**Svar: Tómatur í leðurjakka!**

**Af hverju hætti tannlæknirinn störfum?**
**Svar: Hann reif kjaft!**

**Mamma: „Af hverju er litla systir þín að gráta?"**
**Nonni: „Vegna þess að ég vildi ekki gefa henni af namminu mínu."**
**Mamma: „Er nammið hennar búið?"**
**Nonni: „Já, hún var líka hágrátandi á meðan ég borðaði það."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# VAR EITT SINN AFTURGANGA

**Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson er efstur á vinsældalista íslenskra barna og unglinga fyrir spennandi bækur sínar og hlaut fyrir skemmstu Bókaverðlaun barnanna 2010 fyrir bók sína Ertu guð, afi?**

**Hvað er það skemmtilegasta við að vera rithöfundur og hvað er það leiðinlegasta?** „Það skemmtilegasta er að hitta áhugasama og spurula lesendur, en það leiðinlegasta er að geta ekki helgað sig ritstörfum."

**Hver er uppáhaldssögupersónan úr bókunum þínum?** „Mér þykir óskaplega vænt um allar persónurnar í bókinni Svalasta 7an og framhaldsbókunum, en Guðbjörg Guðrúnardóttir og Starkaður í bókinni Allt hold er hey standa mér næst."

**Hver þeirra er líkust þér sjálfum þegar þú varst barn og unglingur?** „Ég tel að Kiddi í Tár, bros og takkaskór sé líkastur mér, sem og Jóel og Álfhildur í Þokunni."

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera með þínum börnum?** „Mér þykir skemmtilegast að spæla egg á hausnum á þeim og krota á kinnarnar þeirra með rauðum tússpenna."

**Kunna krakkarnir þínir að meta bækurnar þínar?** „Kolfinna, fjórtán ára, uppgötvaði bækurnar mínar í fyrra og sefur með þær undir koddanum. Yngri sonurinn, Þorlákur Helgi tíu ára, ritstýrði bókinni Ertu guð, afi?

**Er gaman að vera þú?** „Það er svo gaman að ég vildi að það væru 48 klukkustundir í sólarhringnum svo ég gæti notið þess enn betur. Og skrifað enn fleiri bækur."

**Hver er uppáhaldssetningin þín úr eigin bókum?** „Guð minn góður, ég meina Jesús Kristur, hvernig á ég að muna það?"

**Hver eru áhugamál þín?** „Áhugamálin snúast fyrst og fremst um að búa til sögur, vera heilbrigður og gera góðverk."

**Hvaðan koma hugmyndirnar að sögunum?** „Hugmyndirnar koma af himnum ofan á hverjum degi og allar nætur, endalaust."

**Áttu þér uppáhaldsrithöfund?** „Það fer allt eftir því hvernig mér líður hverju sinni."

> Guð minn góður, ég meina Jesús Kristur, hvernig á ég að muna það?



**Segðu okkur þrjá áhugaverða hluti um þig sem enginn veit.** „Ef enginn veit það er það vegna þess að enginn má vita það. En ég get til dæmis staðið á öðrum fæti og ropað. Ég elska að syngja. Og get sofið undir stýri á rauðu ljósi."

**Saknarðu stundum sögupersóna þinna og grætur með þeim?** „Ég sakna þeirra oft, sérstaklega þess að hafa sagt skilið við krakkana í Þokunni. Langar að halda áfram að spinna með þeim, en aðrar persónur eru frekari. Ég grét heilmikið með Starkaði þegar hann var að kveðja Guðbjörgu í Allt hold er hey."

**Þú skrifar mikið um tilveru unglinga. Fékkst þú unglingaveikina?** „Er unglingaveiki að skella hurðum, fá bólur, nenna ekki að læra og æla eftir sælgætisát? Jú, vitanlega, en mín unglingaveiki í Ólafsvík var að vinna í fiski tólf tíma á dag og spila fótbolta hina tólf tímana."

**Hvers vegna verða börn í sveit, afar og ömmur, fótbolti og dularfullir atburðir þér svo oft að yrkisefni?** „Vegna þess að ég var einu sinni afi minn og afturganga, bjó í París fyrir 200 árum og flýg út úr líkamanum á nóttunni. Mér þykir gaman að deila því með öðrum."

**Hvað ætlarðu að gera í sumar?** „Í sumar ætla ég að skrifa eins og brjálæðingur, hér og þar um landið, skemmta mér með fjölskyldunni en svo telja á mér tærnar í haust."






## UPPSKRIFTIN

## Latar pylsur í teppi

- **5 dl hveiti**
- **2 dl ylvolgt vatn**
- **3 tsk. þurrger**
- **1/2 tsk. salt**
- **2 msk. ólífuolía**
- **5 stk. pylsur**

Blandið hveiti, geri og salti saman í skál. Bætið ólífuolíu og ylvolgu vatni saman við. Notið sleif til að blanda hráefnunum varlega saman í skálinni og hnoðið það svo vel á hreinu borði. Setjið deigið aftur í skálina, hreint viskustykki yfir og látið það hefast í 30 mínútur.

Fáið aðstoð einhvers fullorðins við að kveikja á bakaraofninum, hann á að vera 180° heitur.

Takið deigið úr skálinni og fletjið það út á borðinu. Ekki spara hveitið á kökukeflið og borðið til að deigið festist ekki við. Fletjið deigið þunnt út. Notið hníf og skerið út 10 stykki tígla. Gott er að miða við að hver tígull sé sirka á stærð við lófa. Skerið pylsurnar í tvennt og leggið einn pylsubita í miðju hvers tíguls. Leggið deigið saman þannig að pylsuendarnir standi út. Raðið bitunum á bökunarpappír og setjið á bökunarplötu. Bakið í miðjum ofni í 10-12 mínútur.




Jibbí jei!
9.-16. júní
Hverskyns „Body Butter“-húðnæring
með 25% afslætti
Verðdæmi: Coconut Body Butter verð áður 2190 kr. Verð nú 1640 kr.
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** himinn, **6.** ullarflóki, **8.** blása, **9.** heyskaparamboð, **11.** mun, **12.** deyfa, **14.** yfirstéttar, **16.** í röð, **17.** gagn, **18.** kæla, **20.** eyrir, **21.** yndi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gleðimerki, **3.** hola, **4.** pensillín, **5.** þvottur, **7.** ráðning, **10.** fálæti, **13.** of lítið, **15.** bakhluti, **16.** tugur, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** rú, **8.** púa, **9.** orf, **11.** ku, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** tu, **17.** nýt, **18.** ísa, **20.** fé, **21.** unun.

**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** tau, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** tíu, **19.** au.






# Tíunda deild

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Nýlega léku Íslendingar landsleik við Dani í fótbolta. Fyrir leikinn var talað um það í fjölmiðlum að nú væri tími til kominn að vinna Danina, það hefði enn ekki tekist. Svo fór að Danir unnu 2:0. Í kjölfarið spratt upp gagnrýnin umræða um gengi íslenska landsliðsins í undankeppninni sem nú fer fram, en liðið er aðeins með eitt stig eftir að hafa leikið við Portúgala, Norðmenn, Dani og Kýpurbúa. Jafnvel var rætt um það hvort þessi ósigur væri ekki kornið sem fyllti mælinn og nú væri ekki seinna vænna að láta þjálfarann fjúka.

**MÉR DATT** í hug að skoða þessa gagnrýni og reyna að meta það hve raunhæf krafan um árangur er í ljósi styrkleika þessara liða. Besta myndin sem hægt er að gera sér af honum er styrkleikalisti FIFA, Alþjóða knattspyrnusambandsins. Þar eru Portúgalar í 8. sæti, Norðmenn í 11. sæti, Danir í 27. sæti, Kýpurbúar í 89. sæti og Íslendingar í 116. sæti.

**ÞAÐ ER** erfitt að setja þetta í samhengi. Til dæmis er, vegna smæðar þjóðarinnar, ekki hægt að setja þetta í íslenskt samhengi. Ef ég myndi á morgun stofna Knattspyrnufélagið Hrum, þar sem liðsmenn væru allir farlama gamalmenni, myndi Hrumur nefnilega vera betra lið á íslenskan mælikvarða en íslenska landsliðið er á heimsmælikvarða, einfaldlega vegna þess að á Íslandi eru ekki 115 lið til að vera betri en Hrumur væri. Ef landslið heims væru félagslið sem kepptu í 12 liða deildum, eins og hér tíðkast, þá væru Portúgalar og Norðmenn í efstu deild, Danir í þriðju, Kýpurbúar í sjöundu og Íslendingar í tíundu. Krafan um sigur á Dönum er því jafnraunhæf og ef Katarbúar krefðust sigurs á Brasilíu, en brasilíska landsliðið er einmitt jafnlagt fyrir ofan það katarska á styrkleikalista FIFA og það danska er fyrir ofan það íslenska.

**MEÐ ÞESSU** er ég ekki að segja að það eigi ekki að púkka upp á landsliðið eða að hætta eigi að leggja metnað í að hér sé leikinn almennilegur fótbolti. Allir ættu aftur á móti að geta gert sér það í hugarlund hve óbærilegt það er að vera undir svona ósanngjarnri pressu, að væntingarnar, sem til manns eru gerðar, einkennist af svona fullkomnum skorti á lágmarks raunveruleikaskynjun. Hvað fótbolta varðar er Ísland í flokki með Norður-Kóreu, Miðafríkulýðveldinu, Tansaníu og Síerra Leóne, ekki Portúgal eða Noregi. Ef við myndum miða væntingar okkar við það liði okkur öllum sjálfsagt betur.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Það er
# SPORT AÐ SPARA



FIREFLY SOLID TRIANGLE
Bikinitoppur. Litir: Bleikur, turkisblár.
Stærðir: 36-42. kr. **1.990**

FIREFLY SOLID TRIANGLE
Bikinibuxur. Bleikar, turksibláar.
Stærðir: 36-42. kr. **1.990**

SETTIÐ
**3.980**





FIREFLY SQUARED BOARD SHORTS JR
Sundbuxur. Litur: Grænar. Stærðir: 120-160.
**3.490**



FIREFLY SPLATTER BOARD SHORTS JR
Sundbuxur. Litur: Svartar. Stærðir: 120-160.
**3.490**



FIREFLY FLOWER BIKINI JR
Bikini. Litir: Hvítt / svart með blómum. Stærðir: 120-160.
**3.490**



FIREFLY LOVE ROCK BIKINI JR
Bikini. Litir: Bleikt, turkisblátt. Stærðir: 120-150.
**3.490**



FIREFLY SHINY HEART BIKINI JR
Bikini. Litur: Bleikt. Stærðir: 80-120.
**2.990**



ETIREL ZOLA JR
Sundbolur. Litir: Svartur, blár. Stærðir:128-164.
**2.690**




INTERSPORT SUNDSETT
Bolti, sundkútur og flotdýna.
**1.490**



ETIREL MIQUEL JR
Sundskýla. Litur: Svört. Stærðir: 128-164.
**2.690**

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

# menning

menning@frettabladid.is

**ÁRBÆJARSAFN** tileinkar morgundaginn, sunnudag, hestvögnum og vagnasmíði og af því tilefni verður þar opnuð sýningin Kerruöldin. Auk sýningarinnar verður hægt að fylgjast með eldsmið að störfum í smiðjunni, á baðstofuloftinu verður situr kona við tóskap og á svæðinu verður dragspilið þanið.










Tónlist ★★

**Barbara Bonney**

Listahátíð Reykjavík

**Barbara Bonney ásamt píanóleikaranum Thomas Schuback í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík**

## Viðskiptafundur, ekki tónleikar



Það olli mikilli eftirvæntingu í tónlistarheiminum á Íslandi (hjá elítunni, ha ha) þegar fréttist að sópransöngkonan Barbara Bonney myndi koma fram á lokatónleikum Listahátíðarinnar í Hörpu. Bonney er jú ein fremsta söngkona heims, hún hefur einstaklega fallega rödd og túlkar alls konar tónlist af næmi og innsæi. Hvílíkur hvalreki fyrir tónlistarlífið!

En tónleikarnir ollu nokkrum vonbrigðum. Fyrir hlé flutti Bonney, ásamt píanóleikaranum Thomas Schuback, Dichterliebe eftir Schumann. Þessi ljóðaflokkur er oftar sunginn af karlmanni, en látum það liggja milli hluta. Innhverfan í túlkuninni var einfaldlega of mikil. Bonney söng flest í lágum hljóðum. Fínleg smáatriði, þar sem alls konar tilfinningar eiga að vera gefnar í skyn fremur en að þeim sé otað framan í áheyrendur, fóru á mis. Það var eins og söngkonan kæmist aldrei út úr sjálfri sér. Hún var í eigin heimi og hleypti fólki ekki að. Áheyrendur þurftu að liggja á hleri allan tímann.

Píanóleikurinn var líka fremur daufur og óspennandi. Kannski hefði bætt að hafa flygilinn alveg opinn, hljómurinn var leiðinlega flatur, jafnvel mattur. Píanistinn spilaði samt vel, hann fylgdi söngkonunni prýðilega og allar nótur voru á sínum stað. Það var bara ekki nóg.

Stemningin skánaði eftir hlé. Nokkur lög eftir Grieg voru fyrst á dagskránni, röddin var bjartari og fyllri, flutningurinn óheftari og athyglisverðari. Og lög eftir Richard Strauss voru kraftmikil og safarík. En samt komst Bonney aldrei almennilega í gang. Maður hafði á tilfinningunni að hún væri á viðskiptafundi, ekki á sviðinu í Hörpu.

Ég get því miður ekki gefið þessum tónleikum sérlega góða einkunn. Þeir voru einfaldlega of leiðinlegir.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Furðulega litlausir tónleikar með annars frábærri söngkonu.



**FUGLASÖNGUR** Norður-Írinn, tónskáldið og fuglaáhugamaðurinn Simon Mawhinney og flautuleikarinn Kolbeinn Bjarnason taka saman höndum í Hörpu í kvöld. Kolbeinn segir útkomuna úr því að tengja saman bassaflautu og fuglasöng vera mjög sérstaka. FRÉTTABLAÐ/GVA

# Fuglasöngur og allsherjar tónskáldaveisla í Hörpu

**Tónlistarhópurinn Caput stendur fyrir tvennum tónleikum í Hörpu um helgina. Í kvöld ráða fuglar og bassaflauta ríkjum en tónskáld víða að verða viðstödd tónleikana annað kvöld.**

„Að tengja saman bassaflautu og fugla er nánast eins fáránleg hugmynd og hægt er að fá. En útkoman er mjög sérstök og ég get lofað því að þetta verk hljómar ekki líkt neinu öðru sem samið hefur verið, að minnsta kosti ekki fyrir bassaflautu,“ segir Kolbeinn Bjarnason, flautuleikari og annar listrænna stjórnenda tónlistarhópsins Caput sem stendur fyrir tvennum hljómleikum í Hörpu um helgina.

Fyrri tónleikarnir fara fram í kvöld og eru það bassaflaututónleikar Kolbeins í samstarfi við norður-írska tónskáldið Simon Mawhinney. Frumflutt verða þrjú samstæð verk eftir Mawhinney sem heita Xewkija, Drangar og Cornageerie.

Kolbeinn segir Norður-Írann, sem er mikill áhugamaður um fugla, hafa fengið þá hugmynd að skrifa tónlist út frá fuglasöng. „Hlutar verksins eru raunar ekki eftir Simon heldur nákvæm umskrift af hljóðritunum af svartþresti, skrifað fyrir bassaflautu og fjórum áttundum neðar. Þetta er dálítið skrýtið verk,“ útskýrir Kolbeinn. Að auki verða á tónleikunum í kvöld flutt verkin En fuglarnir munu alltaf syngja eftir danska tónskáldið Hans-Henrik Nordström og Mnemosyne eftir Englendinginn umdeilda Brian Ferneyhough. Síðarnefnda verkið segist Kolbeinn nánast ávallt leika á tónleikum á ferðum sínum erlendis.

> Að tengja saman bassaflautu og fugla er nánast eins fáránleg hugmynd og hægt er að fá.
>
> KOLBEINN BJARNASON

Hópurinn lætur ekki staðar numið þar heldur stendur hann fyrir öðrum tónleikum í Hörpu annað kvöld. Þá leikur Caput-sveitin í fullri stærð verkið Hrím eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur og að auki verk eftir Gunnar Andreas Kristinsson, Luis Tinoco, Chrichan Larson og téðan Simon Mawhinney. Stjórnendur eru þeir Guðni Franzson og Snorri Sigfús Birgisson.

Kolbeinn lofar einni allsherjar tónskáldaveislu á hljómleikum sunnudagsins. „Okkur hefur lengi dreymt um að Harpa geti orðið það heimili okkar í Reykjavík sem okkur hefur alltaf vantað og ákváðum því að byrja þetta „grand“. Því buðum við öllum tónskáldunum sem eiga verk á sunnudagskvöldinu, fyrir utan Önnu sem býr í Kaliforníu, til landsins til að vera viðstödd á tónleikunum. Þau eru öll afar hrifin af Hörpu. Simon Mawhinney, sem kemur frá Belfast, hafði meira að segja á orði að hann vildi óska þess að slíkt hús væri til staðar í heimaborg sinni,“ segir Kolbeinn og hlær.

Báðir tónleikarnir hefjast klukkan 20 og eru miðar seldir á midi.is.

kjartan@frettabladid.is






**Styrkþegar** Hagþenkis árið 2011.

# Hagþenkir veitir styrki

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, úthlutaði á fimmtudag styrkjum til 31 verkefnis. Alls var sótt um 72 starfsstyrki til ritstarfa og hlutu sextán höfundar hæsta styrk, 600.000 krónur.

Í úthlutanaráði fyrir árið 2011 voru Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur, Snorri Baldursson náttúrufræðingur og Hulda Þórisdóttir stjórnmálasálfræðingur. Meðal höfunda sem hlutu hæstan styrk má nefna Guðjón Friðriksson fyrir verkefnið Allt um Reykjavík, Margréti Elísabetu Ólafsdóttur fyrir sögu íslenskrar vídeólistar og Stefán Pálsson fyrir sögu og leturgerð bókstafsins „Ð“.

# KILJU MARKAÐUR


















## VERÐ FRÁ 399 KR.

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!**


























Fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Hagkaup **OPIÐ** *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 16. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




KOLAPORTIÐ

Opið síðan 1989

Opið

laugardag og mánudag frá kl. 11-17.

Lokað

hvítasunnudag.



Tryggvagötu 19 | 101 Reykjavík

Sími 562 5030 | www.kolaportid.is

# Völuspá í Hörpu

Óperukórinn í Reykjavík og Bærum sinfóníuhljómsveit frá Noregi halda tónleika í salnum Eldborg í Hörpu mánudagskvöldið 13. júní klukkan 20.

Stærsta verk tónleikanna er kórverkið Völuspá eftir David Monrad Johansen, samið fyrir blandaðan kór, þrjá einsöngvara og hljómsveit. Einnig eru á efnisskránni þekkt verk eftir norska tónskáldið Edvard Grieg, meðal annarra tvö af þekktustu sönglögum hans, Jeg elsker dig og Söngur Sólveigar úr Pétri Gauti. Þá flytja Óperukórinn og Jóhann Smári Sævarsson bassi kórverkið Landsýn; óð til Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs, sem flutt er í íslenskri þýðingu Sigurðar Júlíusar Jóhannessonar læknis í Kanada, auk fleiri verka.

Einsöngvarar eru Þóra Einarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir messósópran og Jóhann Smári Sævarsson bassi. Stjórnandi er Garðar Cortes.



**TÓNLEIKAR** Garðar Cortes stjórnar tónleikum Óperukórsins í Reykjavík og Bærum sinfóníuhljómsveitarinnar í Hörpu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 11. júní 2011

**➜ Tónleikar**

**15.00** **Kvintett Reynis Sigurðssonar** flytur dagskrá helgaða djassistanum George Shearing utandyra á **Jómfrúartorginu** og er aðgangur ókeypis.

**19.00** Hljómsveitirnar **Cliff Clavin**, **Myrká**, **Chino**, **Gunslinger**, **Made my mud** og **Deaf Happiness** spila á rokktónleikunum **Vegareiði** í **Bragganum**, Egilsstöðum. Aðgangur ókeypis.



**21.00** **Brasilísk tónlistarveisla** með **Jussanam** og **Agnari Má Magnússyni** verður á **Café Haiti** í kvöld. Aðgangseyrir er kr. 1000.

**21.00** **Blúsfagnaður** verður á **Gallery Bar 46** í kvöld þar sem hljómsveitirnar **Brimlar**, **Bergþór Smári og Mood** og **Lame Dudes** spila. Aðgangseyrir er kr. 1.000, kaldur á krana innifalinn.

**22.00** Hljómsveitin **Miri** mun spila á tónlistarhátíð í Kanada og heldur upphitunartónleika á **Faktorý** í kvöld ásamt hljómsveitunum **Bob** og **Vigri**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitin **Creedence Travellin Band** heldur tónleika á **Græna hattinum**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**22.00** Tónleikaveisla verður á **Sódómu** í kvöld með hljómsveitunum **Green Lights**, **Samaris** og **Útidúr**. 18 ára aldurstakmark. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**➜ Tónlistarhátíð**



**16.00** Einleikstónleikar í **Reykholtskirkju** með **Ástríði Öldu Sigurðardóttur** píanóleikara. Tónleikarnir eru hluti af árlegu tónlistarhátíðinni IsNord. Miðaverð á hátíðina er kr. 2000.

**➜ Heimildamyndir**

**10.00** **Skjaldborg**, hátíð íslenskra heimildarmynda, er haldin á **Patreksfirði** um helgina. Armband á hátíðina kostar kr. 3.000. Frekari upplýsingar á skjaldborg.is.

**➜ Sýningarspjall**

**14.00** **Einar Garibaldi** ræðir við gesti um sýninguna **Myndin af Þingvöllum** í **Listasafni Árnesinga** í Hveragerði í dag. Aðgangur ókeypis.

**➜ Kvikmyndir**

**20.00** **Pólskir kvikmyndadagar** eru í **Bíó Paradís** þessa helgina. Sýndar verða fjórar kvikmyndir frá sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, gullaldarskeiði pólskra kvikmynda og er aðgangur ókeypis.

**➜ Bæjarhátíðir**

**10.00** **Fjölskylduhátíðin Kótilettan** er haldin um helgina á **Selfossi**. Þekktir tónlistarmenn, tívolí og ýmis skemmtiatriði. Helgarpassi á böll og tónleika kr. 5.900. Nánari upplýsingar á kotilettan.is

**➜ Tónlist**

**20.00** **Margrét Lóa Jónsdóttir** skáldkona og **Páll B. Szabo** tónlistarmaður flytja frumsamið tónverk Páls við ljóð Margrétar úr bókinni Tímasetningar í verksmiðjunni á **Hjalteyri**.

**➜ Leiðsögn**

**14.00** **Gönguferð** um hinn forna kaupstað Gásir fer fram undir leiðsögn **Herdísar S. Gunnlaugsdóttur**. Gangan hefst á bílastæði **Gásakaupstaðar** og þátttökugjald er kr. 500.

**➜ Myndlist**

**10.00** Listmálarinn **Steinþór Marinó Gunnarsson** er með málverkasýningu á **Café Milanó**. Síðustu dagar sýningarinnar.

**14.00** Listamaðurinn **Magnús Helgason** tekur á móti gestum og gangandi milli kl. 14-16 og leiðir um sýningu sína **Guð birtist mér** sem nú stendur yfir í **Gallerí ágúst**.

**➜ Markaðir**

**12.00** **Pop-up** markaður verður haldinn á **Grettisgötu 3** frá kl. 12-18. Hönnuðir sem selja eru **Mokomo**, **Helicopter**, **Beroma**, **Royal Extreme**, **Begga design** og **Eight of Hearts**.

**13.00** **Fatamarkaður** verður haldinn á skemmtistaðnum **Faktorý**.

### Sunnudagur 12. júní 2011

**➜ Tónleikar**

**23.00** Þungarokkssveitirnar **Exizt**, **Darknote** og **Thingtak** spila á **Sódóma** í kvöld. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**➜ Tónlistarhátíð**

**16.00** Sönghópurinn **Voces Thules** flytur miðaldatónlist í **Stefánshelli** (tilheyrir Surtshellakerfinu). Hlýr fatnaður æskilegur. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni IsNord og er miðaverð á hátíðina kr. 2.000.

**➜ Sýningarspjall**

**15.00** **Pétur H. Ármannsson** arkitekt verður með sýningarstjóraspjall um sýninguna **Hugvit** í **Hafnarborg**. Ræðir hann um sýninguna og hugmyndir **Einars Þorsteins Ásgeirssonar** hönnuðar. Einnig verður vinnustofa opin fyrir fjölskylduna kl. 14. Aðgangur ókeypis.

### Mánudagur 13. júní 2011

**➜ Tónleikar**

**20.00** Árlegir styrktartónleikar **Lauf**, **Félags flogaveikra**, verða í **Fríkirkjunni** í kvöld. Flutt verða íslensk og erlend dýralög. Allur ágóði rennur til Laufs.

**20.00** **Óperukórinn í Reykjavík** og **Bærum sinfóníuhljómsveitin** í Noregi munu fylla Eldborg, sal **Hörpu**, af norskri tónlist í kvöld. Miðaverð er kr. 2.900.

**21.00** Hljómsveitin **Dægurflugurnar** spilar íslensk dægurlög á **Café Rósenberg** í kvöld. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### Þriðjudagur 14. júní 2011

**➜ Opin æfing**



**20.00** Píanóleikarinn **Víkingur Heiðar Ólafsson** og bassasöngvarinn **Kristinn Sigmundsson** munu flytja einn áhrifamesta söngljóðaflokk allra tíma, Vetrarferðina, í Eldborgarsal **Hörpu** næstkomandi fimmtudag. Tónleikarnum býðst að koma á opna æfingu í kvöld þar sem þeir veita innsýn inn í vinnu sína og dýpka skilning áhorfenda á verkinu.

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM A WINNER

## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 119.995.-***

## KAUPAUKI!

Innifalið í kaupum á D3100 SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið, Taska og 4GB minniskort að verðmæti kr 22.000kr

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

# Fólk

folk@frettabladid.is



**21 ÁR** var leikkonan Fran Drescher gift Peter Marc Jacobson. Eftir skilnaðinn viðurkenndi hann fyrir henni að hann væri samkynhneigður. Hjónin fyrrverandi eru enn miklir vinir og er Drescher mikil baráttukona fyrir réttindum samkynhneigðra.

# Mynd um unglinga, fyrir fullorðna

Bíó ★★★

**The Myth of the American Sleepover**

Leikstjóri: David Robert Mitchell

**Aðalhlutverk:** Claire Sloma, Marlon Morton, Amanda Bauer



David Robert Mitchell heitir leikstjóri þessarar lágstemmdu myndar um eina nótt í lífi unglinga í ónefndu úthverfi í Bandaríkjunum. Persónurnar eru nokkuð margar og sögur þeirra fléttast saman eftir því sem líða tekur á nóttina. Claudia fer í náttfatapartí til ókunnugrar stúlku og fer þaðan með glóðarauga. Rob er ástsjúkur furðufugl með fótablæti sem ráfar um hverfið í leit að stúlku sem hann sá í stórmarkaði. Scott er sjúklega ástfanginn af tvíburasystrum og getur ekki gert það upp við sig hvora hann girnist meira. Og svo er það Maggie, en hún dröslast um á reiðhjóli með nördalegri vinkonu sinni í leit að eldri strákum.

Hér höfum við prýðilegt dæmi um mynd sem hefur kostað lítið sem ekkert í framleiðslu en tekst þrátt fyrir það að halda áhorfandanum við efnið og nokkuð spenntum. Þetta er fyrsta mynd leikstjórans og hún ber þess merki að hér er hæfileikaríkur maður á ferð. Leikarahópurinn er nokkuð góður og fæstir leikaranna hafa leikið áður í kvikmynd. Claire Sloma er áberandi efnilegust og líklega er það henni að þakka fremur en höfundinum að persóna hennar, Maggie, verður hálfgerð aðalpersóna.

The Myth of the American Sleepover er nostalgísk mynd um unglinga en höfðar líklega frekar til fullorðinna. Væri ég unglingur í dag og líf mitt á einhvern máta líkt því sem við sjáum í myndinni hefði ég eflaust takmarkaðan áhuga, en sem fullorðinn var myndin óþægileg upprifjun á því hversu mikið skemmtilegra það var að vera unglingur.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Nokkuð gott þrátt fyrir galtóma pyngju. Ég hlakka til að fylgjast með höfundinum.



**FÖGNUÐU HNOTUBRJÓTUNUM** Jón Ólafsson, Alda Karen Rúnarsdóttir og Rúnar Þór Pétursson, bróðir Heimis Más, mættu á Jómfrúna til að heyra afraksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Plötu Hnotubrjótanna vel fagnað

**Liðsmenn hljómsveitarinnar Hnotubrjótanna fögnuðu útgáfu fyrstu plötu sinnar á Jómfrúnni á fimmtudagskvöldið. Heimir Már Pétursson og Þór Eldon eru aðalmennirnir í bandinu.**

Góður andi var á Jómfrúnni á fimmtudagskvöldið þegar liðsmenn Hnotubrjótanna buðu vinum og vandamönnum í hlustunarpartí. Plata sveitarinnar, Leiðin til Kópaskers, er nýkomin út og markar hún endurkomu Heimis Más Péturssonar fréttamanns á tónlistarsviðið. Þór Eldon gítarleikari vann plötuna með Heimi og ýmsir kunnir aðstoðarmenn spila með þeim félögum.



Heimir Már Pétursson og Þór Eldon voru ánægðir með veisluna.



Hrund Einarsdóttir og Andrea Jónsdóttir útvarpskona.



Heimir Már heilsaði upp á Láru Ómars fréttakonu og Hauk Ólavsson eiginmann hennar.



Vinnufélagar Heimis Más af Stöð 2, þau Erla, Andri og Eva, studdu sinn mann.



Andrea Gylfadóttir og Didda voru hressar.



Ási í Gramminu og Árni Glóbó seldu grimmt af nýju plötunni.









# J-Lo baðaði sig upp úr hænsnablóði

Jennifer Lopez giftist þjóninum Ojani Noa í byrjun árs 1997 og entist hjónabandið í heilt ár. Eiginmaðurinn hefur þó ekki alveg horfið úr lífi Lopez því hann veitir enn viðtöl um tíma þeirra saman.

Í nýlegu sjónvarpsviðtali sakar Noa söngkonuna um að hafa haldið ítrekað framhjá honum og í tilraun til að bjarga hjónabandinu hafi þau leitað ráða hjá göldróttri ömmu hans. „Við tókum þátt í fórnarathöfn þar sem Jennifer var böðuð upp úr hænsnablóði til þess að hreinsa burtu syndir hennar. Á eftir var hún böðuð upp úr vígðu vatni og nudduð með hreinsandi jurtum. Á meðan bað amma mín guðina um að bjarga hjónabandi okkar,“ sagði Noa.

Dýrafórnir eru algengur hluti af santería, heiðinni trú sem er stunduð í Púertó Ríkó en þaðan koma foreldrar Lopez. Söngkonan hefur þó neitað að hafa nokkru sinni stundað santería.



**FÓRNAÐI HÆNSNUM** Jennifer Lopez á sér skuggalega fortíð.

# Tónleikahaldari leitar sátta við lögreglu

„Þetta kom flatt upp á mig, ég man ekki eftir því að þetta hafi verið gert áður. Maður skyldi ætla að það væri hægt að líta fram hjá þessu þegar svona stórir tónleikar fara fram. Ég veit ekki alveg hvaða tilgangi þetta þjónar, þetta virkar á mig eins og fjáröflun,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson tónleikahaldari. Hann er ósáttur við aðgerðir lögreglunnar á tónleikum Eagles á fimmtudagskvöld, en fjöldi fólks fékk sekt fyrir að leggja ólöglega fyrir utan Laugardalshöllina.

Ísleifur segir tónleikahaldara hafa verið í góðu samstarfi við lögregluna og hann vonast til að hægt verði að ná sáttum í þessu máli þannig að þetta endurtaki sig ekki. „Allur fjöldinn dreifðist vel og forsvarsmaður brunaeftirlitsins var mjög ánægður með hvernig tónleikarnir tókust.“

Eagles-liðar þóttu fara á kostum á tónleikunum í Laugardalshöll og voru feykilega ánægðir með allt hér á Íslandi. Þeir létu sig hverfa um leið og tónleikunum lauk, fóru út um bakdyrnar þar sem þeirra biðu glæsikerrur sem keyrðu þá upp á Hilton-hótelið. Aðstoðarfólk hljómsveitarinnar vann síðan baki brotnu um nóttina við að taka niður sviðið og hljóðkerfið. Síðan var keyrt út á Keflavíkurflugvöll klukkan þrjú í fyrrinótt, en sveitin spilar næst á tvennum tónleikum í Noregi um helgina. Eagles-menn flugu af landi brott í hádeginu í gær á tveimur einkaflugvélum. - fgg



**SÁTTIR** Eagles-menn voru sáttir við allt sem þeir fengu hér á Íslandi og lýstu yfir ánægju sinni með matinn, en eins og Fréttablaðið greindi frá gerðu þeir miklar kröfur hvað matinn varðaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NÆLDI Í OLSEN-TVÍBURA** Kanye West og Mary-Kate Olsen voru innileg í afmælisveislu rapparans á miðvikudag.

## Kanye West og Mary-Kate náin

Kanye West hélt upp á 34 ára afmælið sitt á miðvikudaginn. Rapparinn sást skemmta sér á næturklúbbnum Submercer í New York og tóku gestir eftir því að hann var farinn að eiga óvenju náin kynni við unga stúlku á klúbbnum. Stúlkan umrædda reyndist síðan engin önnur en Olsen-tvíburinn Mary-Kate. Á þeim skötuhjúum er tíu ára aldursmunur.

## Pippa vildi verða módel

**Pippa Middleton reyndi fyrir sér sem fyrirsæta þegar hún var við nám í Edinborgar-háskólanum. Hún kom fram á svipaðri góðgerðasýningu og systir hennar gerði þegar hún fangaði hug og hjarta Vilhjálms Bretaprins.**

**Það er staðarblaðið Edinborg Evening News sem greinir frá þessu. Þar kemur fram að Pippa hafi á tískusýningunni klætt sig í föt eftir hönnuði á borð við Vivienne Westwood og Jean-Paul Gaultier. „Um leið og Pippa kom til Edinborgar var flestum ljóst að hún ætlaði að leita að rétta félagsskapnum,“ hefur Edinborgar-blaðið eftir heimildarmanni sínum.**



**MAMMA ÁNÆGÐ MEÐ BIEBER** Selena Gomez sagði í viðtali hjá Jay Leno að móðir sín væri ánægð með kærastann, Justin Bieber.

## Tengdó sátt við Bieber

Leikkonan Selena Gomez mætti í viðtal til Jay Leno á dögunum, en þar var hún meðal annars spurð út í samband sitt og Justins Bieber. Leno spurði hana meðal annars að því hvort móðir leikkonunnar hefði hitt Bieber. Gomez svaraði því játandi og þegar hún var innt eftir því hvernig mömmu hefði líkað nýi tengdasonurinn svaraði stúlkan: „Hann stóðst prófið.“






**BESTA BANDIÐ Í BANDARÍKJUNUM** Timothy B. Schmit, Don Henley og Glenn Frey eru hæfileikamenn af hæsta klassa eins og heyrðist í Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Reykjavík tekin með hátrompi

Tónleikar ★★★★★

**Eagles**

Nýja Laugardalshöllin 9. júní 2011

Eftir 35 ára bið tíndust miðaldra unglingar úr smáíbúðahverfum Reykjavíkur inn í Laugardal á stefnumót við Eagles.

Vopnuð einum glæsilegasta katalóg dægurlagasögunnar steig hljómsveitin á svið eftir að Magnús og Jóhann höfðu komið mannskapnum í sólskinsskap. Hverju stórlaginu á fætur öðru var einfaldlega blastað yfir áhorfendaskarann, sem var aldeilis velupplagður þetta svala fimmtudagskvöld í Reykjavík.

Það fór ekkert á milli mála: Fyrir framan sig hafði fólkið hæfileikamenn af hæsta klassa. Glenn Frey, bókstaflega hokinn af reynslu, fremstur í flokki með sína yfirgengilega góðu söngrödd. Gráskeggjaður Don Henley sannaði það svo hafið var yfir allan skynsamlegan vafa að hann býr að einni fallegustu rödd á byggðu bóli. Bassaleikarinn Timothy B. Schmit er sömuleiðis framúrskarandi frábær söngvari og sýndi það í laginu I Can't Tell You Why. Rúnum ristur – en búinn að skipta út gráa hárinu fyrir ljósa lokka – virkaði Joe Walsh örlítið afundinn á gítarnum framan af en á daginn kom að kappinn var bara í góðum gír og uppskar góð viðbrögð úr salnum.

Hápunktur kvöldsins var túlkun Glenns Frey á Lyin' Eyes. Vá! Algjör forréttindi að upplifa flutninginn. Einn og sér var hann allrar ferðarinnar virði. Áhorfendur hefðu staðið á höndum ef Frey hefði bara nefnt það.

Það er erfitt að ímynda sér þá hljómsveit sem kæmist upp með það á rúmlega tveggja tíma stanslausum tónleikum að sleppa bara mörgum af albestu lögum tónlistarsögu þjóðar sinnar þrátt fyrir að hafa sjálf gert þessi sömu verk. Lög sem hvert og eitt myndu gera hverja sem er að gegnheilum stjörnum. Dæmi eru One of These Nights, New Kid in Town og Tequila Sunrise. En Eagles slepptu þeim og það sá ekki högg á vatni. Enda besta bandið í sjálfum Bandaríkjunum.

**Garðar Örn Úlfarsson**

**Niðurstaða:** Eagles heillaði áhorfendur í Laugardalshöll upp úr skónum með gegndarlausri snilld og handbragði sannra meistara í sinni list.


SAMBÍÓIN

FORSÝND UM HELGINA

SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUGARDAG - SUNNUDAG OG MÁNUDAG, NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 |
| THE HANGOVER 2 Luxus VIP | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| SUPER 8 Forsýning laugardag | kl. 10:50 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 2 - 4 - 6 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 2 - 4 - 6 |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali 3D | kl. 10:50 |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali 3D | kl. 2 - 4 - 6 - 10:20 M/Texta |
| PIRATES 4 | kl. 4(2D) - 7(2D) - 8(3D) - 10(2D) |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 2 - 4 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:25 - 11 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5 - 8 - 10.45 |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D | kl. 2 - 4 - 6 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 2 - 5 - 8 - 10.40 |
| ANIMAL'S UNITED ísl tal 3D | kl. 2 |
| HANGOVER PART II (Eingöngu Laugardag og Mánudag) | kl. 8.20 |
| SUPER 8 (Eingöngu Sunnudag) | kl. 8.20 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | |
|---|---|
| X-MEN : FIRST CLASS | kl. 8 - 10:40 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 |
| ANIMALS UTD M/ ísl. Tali | kl. 2 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 2 - 4 - 6 |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. 3D | kl. 8:10 - 10:20 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 10:20 |
| SUPER 8 Forsýning sunnudag | kl. 8 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 2D kl. 3 - 6 - 9 |
| DÝRAFJÖR 3D M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 2 - 4 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | kl. 2 - 4 |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | kl. 6 |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 2 - 4 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 |

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| PÓLSKIR DAGAR: LOFTKÖST (FRÍTT INN) | 20:00 |
| PÓLSKIR DAGAR: EINKENNI: ENGIN (FRÍTT INN) | 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00 |
| SKÝJAHÖLLIN (M. ENSK.) | 18:00 |
| HAFIÐ (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| MÝRIN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| PÓLSKIR DAGAR: HNÍFUR Í VATNI (FRÍTT INN) | 20:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ROUTE IRISH | 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00 |
| BENJAMÍN DÚFA (M. ENSK.) | 18:00 |
| ROKLAND (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| DRAUMURINN UM VEGINN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

BRIDESMAIDS — UPPLIFÐU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM! X-MEN FIRST CLASS

STÓRKOSTLEG PRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND — FRÁBÆR PRÍVÍDD MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI midi.is

SMÁRABÍÓ

| | |
|---|---|
| BRIDESMAIDS KL. 1 (TILBOÐ) - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| BRIDESMAIDS Í LÚXUS KL. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ENSKT TAL 3D KL. 8 | L |
| PIRATES 4 3D KL. 5 - 8 - 10 | 10 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| BRIDESMAIDS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| HÆVNEN KL. 3 (TILBOÐ) - 5.40 | 12 |
| FAST FIVE KL. 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ

| | |
|---|---|
| BRIDESMAIDS KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |
| PAUL KL. 3.40 (TILBOÐ) | 12 |
| GNÓMÍÓ & JÚLÍA 3D KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

TILBOÐSSÝNINGAR LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

KUNG FU PANDA 2 — tryggðu þér miða á www.sambio.is SAMBÍÓIN

TILBOÐSBÍÓ — SMÁRABÍÓ LAUGARDAG - SUNNUDAG & MÁNUDAG

| | |
|---|---|
| BRIDESMAIDS KL. 1 (TILBOÐ) | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 3D KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 2D KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 1 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| BRIDESMAIDS KL. 3 (TILBOÐ) | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS KL. 3 (TILBOÐ) | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS KL. 3 (TILBOÐ) | L |
| HÆVNEN KL. 3 (TILBOÐ) | 12 |

midi.is facebook /smarabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

SÝND Í 2D OG 3D — ATH! FORSÝND SUNNUDAG KL 23:30

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30 og 9 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10.10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ISL TAL | 2(950 kr), 4 og 6 |
| KUNG FU PANDA 2 2D - ISL TAL | 2(700 kr) og 4 |
| PAUL | 8 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10 |
| GNÓMEO OG JÚLÍA 3D | 2(950 kr) |

TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 11., 12. OG 13. JÚNÍ

Sími: 553 2075 BÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó

KUNG FU PANDA 2 — ATH 950 KR Í 3D. SÝND KL.2 — 700 KR. — Gnómíó og Júlía ATH 950 KR Í 3D. SÝND KL.2

TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 11., 12. OG 13. JÚNÍ — TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



STANDIÐ' YKKUR STRÁKAR!
KSÍ
Alltaf í boltanum
10
9
4
Við erum stoltir styrktaraðilar KSÍ og óskum U21-árs landsliðinu alls hins besta á Evrópumótinu í Danmörku.
Lengjan
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI
Coca-Cola
ICELANDAIR

# sport

sport@frettabladid.is



**ÆFINGU U-21 LANDSLÐSINS** seinkaði um 40 mínútur í gær þar sem rútubílstjóri liðsins átti erfitt með að skila liðinu á réttan áfangastað. Bílstjórinn ætlaði fyrst að fara með liðið á vitlausan stað en villtist svo á leið sinni á æfingasvæði AaB, þar sem strákarnir hafa æft síðustu tvo daga. Rútan lenti einnig í umferðateppu sem seinkaði för hennar enn. Strákarnir létu það þó ekki á sig fá og mættu óvenju vel gyrtir í brók á æfinguna - allir sem einn.



**SNORRI STEINN** Reynir allt til þess að geta spilað leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meiddu leikstjórnendurnir:

## Aron sprækur, Snorri tæpur

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið mætir Austurríki í Laugardalshöllinni á morgun klukkan 16.30 í hreinum úrslitaleik um sæti á EM í Serbíu. Snorri Steinn Guðjónsson og Aron Pálmarsson gátu ekki verið með í sigrinum í Lettlandi en landsliðsþjálfarinn vonast eftir því að þeir verði með á morgun.

Aron var sprækur á æfingu í gær og Snorri Steinn er í stífri meðhöndlun fram að leik.

„Við getum ekki leyft okkur að spila með sama hætti gegn Austurríki og við gerðum á miðvikudaginn gegn Lettum. Austurríkismenn hafa reynst okkur erfiðir í síðustu leikjum og á HM í Svíþjóð tók það okkur 50 mínútur að brjóta þá á bak aftur,“ sagði Guðmundur. Hann segir góðan stuðning nauðsynlegan og markvörðurinn tók undir það. „Það er ekkert skemmtilegra en að vinna svona leiki fyrir framan troðfulla höll,“ sagði Björgvin Páll Gústavsson.

- óój

# Vitum sjálfir að við erum góðir

**Íslenska U-21 landsliðið mætir Hvíta-Rússlandi í sínum fyrsta leik á EM í Danmörku í dag. Tilhlökkunin er mikil hjá íslensku leikmönnunum, sem eiga engu að síður von á erfiðum leik. Liðið ætlar sér sigur í dag.**

**FÓTBOLTI** Stóra stundin rennur upp í dag hjá íslenska U-21 landsliðinu. Strákarnir mæta sterku liði Hvíta-Rússlands í Árósum í opnunarleik Evrópumeistaramótsins í Danmörku.

Biðin hefur verið löng, allt frá því að liðið tryggði sér farseðilinn til Danmerkur með 2-1 sigri á Skotum í Edinborg hinn 11. október síðastliðinn.

Allir leikmennirnir 23 gátu æft í gær og eru klárir í slaginn. Ísland æfði tvívegis í Álaborg, þar sem liðið gistir á meðan riðlakeppnin fer fram, en heldur til Árósa í dag. Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson verða þar með í för, en þeir veiktust báðir á miðvikudagsmorgun. Útlitið var tvísýnt með Kolbein en hann treysti sér til að æfa með liðinu í gær af fullum krafti.

Þjálfarinn Eyjólfur Sverrisson var ekki búinn að velja byrjunarliðið sitt þegar hann hitti fjölmiðla á blaðamannafundi í gær.

„Það verður tilkynnt á töflufundi fyrir leikinn, eins og venjulega. Ég er ekki búinn að ákveða mig en er með nokkrar uppstillingar í huga. Við eigum enn eftir að sofa eina nótt og ýmislegt getur gerst,“ sagði Eyjólfur.

„Ég á von á hörkuleik á morgun. Hvít-Rússar voru með á síðasta móti líka og slógu Ítali út í umspilinu fyrir þessa keppni. Það er félagsliðabragur á liðinu, sem er gríðarlega öflugt og vinnusamt,“ bætti þjálfarinn við.

Aðstoðarmaður hans, Tómas Ingi Tómasson, hefur ásamt Eyjólfi skoðað andstæðinginn vel. „Við erum ekkert ósvipuð lið,“ sagði hann.

„Þeir hafa að vísu spilað 4-4-2 í síðustu leikjum og við ættum því að vinna miðjuna á móti þeim, sem við þurfum að gera. En þeir eru duglegir, teknískir og fljótir að sækja þegar þeir fá sínar skyndisóknir. En það eru líka svæði opin hjá þeim sem við ætlum okkur að nýta.“

Mikilvægi leiksins er eðlilega mikið og gæti reynst erfitt að þurfa að elta önnur lið í riðlinum ef Ísland nær ekki í stig í dag.

„Við viljum þrjú stig,“ sagði Eyjólfur. „Við fáum þrjá leiki og verðum einfaldlega að sanka að okkur stigum til að ná okkar markmiði, sem er að komast upp úr riðlinum.“

Fyrirliðinn Bjarni Þór Viðarsson segir að þrátt fyrir knappan undirbúning standi leikmenn klárir á sínum hlutverkum.

„Ef við byrjum af krafti og gerum það sem Jolli vill hef ég engar áhyggjur. Við vitum að Hvít-Rússar eru með mjög sterkt lið en ef við verðum á tánum frá fyrstu mínútu verðum við í góðum málum,“ sagði Bjarni.

Eyjólfur tekur í sama streng og hefur tröllatrú á sínum mönnum. „Við værum ekki komnir svona langt ef við værum ekki með gott lið. Og það vitum við sjálfir.“

Leikurinn hefst klukkan 16 en eftir hann hefst viðureign Dana og Svisslendinga, sem eru með Íslandi í riðli. Keppni í B-riðli hefst svo á morgun.



**LÉTT Á ÆFINGU Í GÆR** Strákarnir nutu sín í blíðunni í Álaborg FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ef við byrjum af krafti og gerum það sem Jolli vill hef ég engar áhyggjur.
>
> **BJARNI ÞÓR VIÐARSSON**
> FYRIRLIÐI ÍSLENSKA U 21 LANDSLIÐSINS


**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink**





fjalla um EM U21 í Danmörku
eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid



20% AFSLÁTTUR AF GOLFSKÓM AÐEINS Í 5 DAGA



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 23.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-54411



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 19.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56904



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 23.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-56462



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 27.995
Verð nú kr. 22.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120023-56455



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 19.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120013-56938



Classic - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 23.995
Stærðir: 39 - 50 | Vörunr. 140524-51222



Comfort Classic - herra
Verð áður kr. 33.995
Verð nú kr. 27.995
Stærðir: 42 - 44 | Vörunr. 141004-56725



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 19.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56901



Comfort Classic - herra
Verð áður kr. 33.995
Verð nú kr. 27.995
Stærðir: 40 - 47 | Vörunr. 141004-01007

19 63
ecco.com
ecco KRINGLAN
Sími 553 8050




## PISTILLINN

**Edda Garðarsdóttir** landsliðskona í fótbolta

# Erum ekki í þessu fyrir peningana

Á minni lífsleið hef ég búið í fjórum löndum. Alls staðar hef ég verið spurð að því hvernig í ósköpunum við Íslendingar getum átt svona marga íþróttamenn í fremstu röð. Mín kenning er sú að meginþorri Íslendinga sé öfgasinnaður. Taki hlutverk sitt í samfélaginu alvarlega og sé mjög gjarn á að fara yfir strikið í áhugamálum sínum. Og við erum ávallt stolt af sjálfum okkur og því sem okkar er og verður.

Hvaða Íslendingur kannast ekki við það að fá einhverja dellu eftir að hafa prófað eitt skipti og þá liggur leiðin í verslunarleiðangur að kaupa bestu og flottustu græjurnar sem í boði eru?

Auðvitað er okkur lífsins ómögulegt að vera með gamlan driver á golfnámskeiðinu. Það er ekki hægt að taka heilsuna í gegn nema kaupa sér árskort í líkamsrækt, hlaupaskó og nýjan vatnsbrúsa. Stundum er fólk að byrja á vafasömum fæðubótarefnum af því að það vill breytast í einhverjar bölvaðar steríótýpur á nóinu.

Eftir hrunið vitum við að hálfrarmilljónarkróna flatskjáir og gasgrill með bakbrennara, snúningssteini og emaleruðum postulínsgrindum eru ekki lykillinn að hamingjunni. Svona öfgar ganga frá okkur.

Afreksíþróttafólk verður til þegar öfgarnar taka algjörlega yfir. Ég tek sjálfa mig og flesta kollega mína í landsliðinu sem dæmi. Á keppnistímabili er ekki nóg að æfa fótbolta 18 tíma í viku. Ég þarf líka að leika mér með bolta við hvert tækifæri sem gefst (já, ég er 31 árs). Lyfta lóðum fjóra tíma í viku til að halda við og bæta getu mína inni á fótboltavellinum.

Ég fylgist með enska, spænska, sænska og ítalska boltanum á meðan augun haldast opin og meistaradeildin, uh, já takk! Ég tala um fótbolta heima hjá mér, við vini mína og fjölskyldu, liðsfélaga mína, vinnufélaga og fólk sem ég hitti úti á götu.

Svo er langtímaplanið að þjálfa fótboltafólk með hjarta, metnað og eldmóð þegar ég hætti að geta spilað sjálf. Þetta hef ég gert í „nokkur“ ár og hef aldrei velt því fyrir mér að hætta þessu af því þetta er svo skemmtilegt og eitt er víst – við stelpurnar erum ekki í þessu fyrir peningana. Fótbolti er lífið.

A-landslið karla og kvenna í handbolta um helgina:

# Komast bæði á stórmót?

**HANDBOLTI** Íslensku A-landsliðin í handbolta eru í eldlínunni á morgun. Karlalandsliðið mætir Austurríki í Laugardalshöllinni klukkan 16.30 í hreinum úrslitaleik um sæti á EM í Serbíu 2012 og kvennalandsliðið er úti í Úkraínu, þar sem stelpurnar spila seinni leikinn í umspili um sæti á HM í Brasilíu í desember. Stelpurnar unnu fyrri leikinn með nítján marka mun og eru því í frábærum málum, en leikurinn hefst klukkan 14.30 að íslenskum tíma.

- óój


ÍSLAND Á STÓRMÓTI
SLAGURINN HEFST Í DAG
FREYR EYJÓLFSSON SÉR UM STEMNINGUNA FYRIR OG EFTIR LEIK
UNDER21 CHAMPIONSHIP
EM U-21 ÁRS LANDSLIÐA
DAGS. KL. RÁS
11. JÚNÍ 16.00 HV. RÚSSLAND ÍSLAND RÚV
11. JÚNÍ 18.45 DANMÖRK SVISS RÚV
12. JÚNÍ 16.00 TÉKKLAND ÚKRAÍNA RÚV+
12. JÚNÍ 18.45 SPÁNN ENGLAND RÚV
14. JÚNÍ 16.00 SVISS ÍSLAND RÚV
14. JÚNÍ 18.45 DANMÖRK HV.RÚSSLAND RÚV+
14. JÚNÍ 19.40 DANMÖRK HV.RÚSSLAND RÚV
15. JÚNÍ 16.00 TÉKKLAND SPÁNN RÚV
15. JÚNÍ 18.45 ÚKRAÍNA ENGLAND RÚV+
15. JÚNÍ 19.40 ÚKRAÍNA ENGLAND RÚV
18. JÚNÍ 18.45 ÍSLAND DANMÖRK RÚV
18. JÚNÍ 18.45 SVISS HV.RÚSSLAND RÚV+
19. JÚNÍ 18.45 ENGLAND TÉKKLAND RÚV
19. JÚNÍ 18.45 ÚKRAÍNA SPÁNN RÚV+
22. JÚNÍ 16.00 UNDANÚRSLIT FYRRI LEIKUR RÚV
22. JÚNÍ 19.00 UNDANÚRSLIT SEINNI LEIKUR RÚV
25. JÚNÍ 13.00 BRONSLEIKUR RÚV
25. JÚNÍ 18.45 ÚRSLITALEIKUR RÚV
RÚV
SÝNIR ALLA LEIKINA

> **Julia Stiles**

„Mér líður alltaf eins og brjáluðu litlu barni.“

***Julia Stiles fer með aðalhlutverk í spennumyndinni A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák, en hann byggði handritið á sönnu sakamáli um tryggingasvik sem fóru skelfilega úrskeiðis. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíó kl. 18.***



# dagskrá
## mánudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.50**
**Glee**

Það er komið að lokaþætti annarar þáttaraðar af þessum frábæru verðlaunaþáttum. Glee-sönghópurinn heldur til New York og tekur þátt í landskeppni söngsveita þar sem allt getur gerst.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.00** Fréttir **09.03** Vopn í farangrinum **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Guðsþjónusta í Hvítasunnukirkjunni **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Við hafið **15.00** Afi minn og ég **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Listahátíð í Reykjavík 2011 **16.55** Smásaga: Systurnar **17.20** Litfríð og ljóshærð **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Heimsmenning á hjara veraldar **20.00** Leynifélagið **20.30** Kona - Femme **21.10** Í heimi fjöl-flötunganna **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Girni, grúsk og gloríur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.54 Loftslagsvinir** (3:10) (e)
**11.35 Njóttu lífsins** (e)
**11.40 Undrabarnið Alex** (e)
**12.30 Demantamót í frjálsum íþróttum** (e)
**14.35 Músíktilraunir 2011** (e)
**15.35 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Spánn - England) (e)
**17.20 Landinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Mærin Mæja** (18:52)
**18.08 Húrra fyrir Kela** (28:52)
**18.30 Sagan af Enyó** (24:26)
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.30 Nótan**
**20.30 Horfnir heimar – Grikkir** (3:6) (Ancient Worlds)
**21.25 Leitandinn** (28:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.10 Seinni fréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Liðsaukinn** (4:32) (Rejseholdet) Dönsk þáttaröð um sérsveit sem hjálpar lögreglu að upplýsa erfið mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.35 Hvít lygi** (Little White Lie)
**00.45 Fréttir (e)**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.30 Horton Hears a Who!**
**12.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**14.35 Smallville** (4:22)
**15.30 Total Wipeout** (2:12)
**16.35 ET Weekend**
**17.20 Oprah**
**18.05 The Simpsons** (11:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Veður**
**19.00 Two and a Half Men** (14:22)
**19.25 Modern Family** (1:24)
**19.50 Glee** (22:22)
**20.35 Fairly Legal** (2:10) Ný dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt.
**21.20 Nikita** (13:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir, það reynist henni þrautin þyngri þar sem yfirmenn hennar senda sína bestu menn á eftir henni.
**22.05 Saving Grace** (11:14) Önnur spennuþáttaröðin með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir því að koma henni aftur á rétta braut.
**22.50 Office** (1:6)
**23.25 How I Met Your Mother**
**23.50 Modern Family** (20:24)
**00.15 Bones** (11:23)
**01.00 Hung** (8:10)
**01.30 Bored to death** (1:8)
**01.55 The Tudors** (3:8)
**02.45 The Tudors** (4:8)
**03.35 Human Target** (1:12)
**04.20 Fairly Legal** (2:10)
**05.00 Two and a Half Men** (14:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - Dallas** Útsending frá sjötta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**18.10 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**18.45 Enski deildabikarinn: Scunthorpe Utd. - Man. Utd.** Útsending frá leik Scunthorpe Utd. og Man. Utd í enska deildabikarnum.
**20.30 Golfskóli Birgis Leifs** (12:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**21.00 Miami - Dallas** Útsending frá sjötta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**22.50 Enski deildabikarinn: Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik Tottenham og Arsenal í enska deildabikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 PL Classic Matches. Tottenham - Chelsea, 2001**
**18.30 Arsenal - Wigan** Útsending frá leik Arsenal og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**20.15 Man. Utd. - Man. City** Útsending frá leik Manchester United og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Chelsea - West Ham** Útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches. West Ham Utd. - Manchester Utd.**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.15 Ally McBeal** (9:22) Ally fellur fyrir gömlu húsi sem verið er að gera upp, kona lögsækir fyrrverandi eiginmann sinn fyrir að verða gjaldþrota eftir að hafa dælt í hana gjöfum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 The Office** (2:6)
**22.00 The Mentalist** (23:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.
**22.45 Rizzoli & Isles** (5:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kvenleynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Maura er hins vegar afar róleg og líður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látnu.
**23.30 Damages** (4:13)
**00.10 Ally McBeal** (9:22)
**00.55 The Doctors**
**01.35 The Office** (2:6)
**02.05 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**
**20.30 Golf fyrir alla** Við höldum áfram að spila Hamarsvöll í Borgarnesi.
**21.00 Frumkvöðlar**
**21.30 Eldhús meistaranna**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 2 gestir** Gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Rachael Ray** (e)
**12.45 America's Funniest Home Videos** (2:48)
**13.10 The Courageous Heart of Irena Sendler** (e)
**14.40 America's Funniest Home Videos**
**15.05 Video Game Awards** (e)
**16.35 An Idiot Abroad** (9:9) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Top Chef** (3:15) (e)
**19.00 Kitchen Nightmares** (e)
**19.45 Will & Grace** (21:25)
**20.10 One Tree Hill** (7:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Brúðkaupið nálgast og Brooke reynir að vingast við Sylviu á meðan Julian leitar að svaramanni á pókerkvöldi með vinunum.
**20.55 Hawaii Five-O** (15:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum.
**21.45 CSI LOKAÞÁTTUR** Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.35 Penn & Teller** (6:10)
**23.05 Californication** (11:12) (e)
**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (3:16) (e)
**00.25 CSI: Miami** (2:24) (e)
**01.10 Will & Grace** (21:25) (e)
**01.30 Hawaii Five-O** (15:24) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Fedex St. Jude Classic**
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Fedex St. Jude Classic**
**15.10 PGA Tour - Highlights**
**16.00 US Open 2000**
**17.00 US Open 2002**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Fedex St. Jude Classic**
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2006**
**23.50 ESPN America**

## BBC entertainment

**09.45** EastEnders **10.15** Fawlty Towers **10.45** The Weakest Link **11.35** Keeping Up Appearances **12.05** Fawlty Towers **12.35** ‚Allo ‚Allo! **13.05** ‚Allo ‚Allo! **13.40** ‚Allo ‚Allo! **14.10** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** Dalziel and Pascoe **23.50** Dalziel and Pascoe **00.40** Top Gear

## DR 1

**07.45** Garfield **08.00** Merlin **08.45** Verdens vildeste passagerfly **09.20** Funny Girl **11.45** Mord på hjernen **13.20** Kinamand **14.50** Gæt, hvem der ligger under sengen **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Gasolin **17.45** Gasolin United **18.00** Kyst til kyst **19.00** TV Avisen **19.10** SportNyt **19.20** Den du frygter **20.50** Blodrøde diamanter **22.15** Kodenavn. Jane Doe **04.00** Penelope **04.05** Chiro **04.10** Den lille røde traktor **04.20** Barbapapa **04.30** Dyk Olli dyk **04.45** Den travle by **05.00** Vestindiens hemmelighed

## NRK 1

**08.00** Folk **08.30** Små orgler og stor kunst i Venezia **09.00** Friluftsgudstjeneste fra Frøset Østre, Byneset **10.00** Ut i nærturen **10.15** Røst **10.45** Fredrikssons fabrikk **12.15** Nordsjøens livsnerve **12.30** Nærbilde av en fotograf - David Bailey **13.25** Damenes detektivbyrå nr. 1 **15.10** Ingen grenser **15.55** Billedbrev fra Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Store leker. Lego **18.25** Walkabout. India, i maharajaenes rike **18.55** Drageløperen **21.00** Kveldsnytt **21.20** Lewis **22.50** Sosialt sjølvmord **23.20** Sport Jukeboks

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Dramat på Tuvan **14.20** Animera = göra livlig **14.50** Samiska vantar **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Luftslott eller drömslott **17.05** K-märkt form **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Balett är kul! **19.00** Vem tror du att du är? **19.45** Semester, semester, semester **20.00** Ramp **20.30** Hela apparaten - om teknikens världar **21.00** Damages

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## 2 BÍÓ

**08.00 Something's Gotta Give**
**10.05 Step Brothers**
**12.00 Little Trip to Heaven**
**14.00 Something's Gotta Give**
**16.05 Step Brothers**
**18.00 Little Trip to Heaven**
**20.00 The Memory Keeper's Daughter**
**22.00 Into the Storm**
**00.00 CJ7**
**02.00 Fur**
**04.00 Into the Storm**
**06.00 Little Children**








# Komdu með á stærsta skemmtistað í heimi!

Við leitum að öflugum einstaklingum sem hafa áhuga á að ná árangri í starfi og efla okkar hóp. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstörf þar sem gerðar eru kröfur um öguð og fagleg vinnubrögð og samskiptahæfileika.
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi eru einnig nauðsynlegir eiginleikar.

*Forritaðu framtíðina!*

**Starfsmaður í forritun** – *ekkert endilega nördatýpa með þykk gleraugu, geitarskegg og í bol sem stendur á: I love my mother!*

Við leitum að konu eða manni við þróun hugbúnaðarlausna. Hjá upplýsingatæknisviði Nova eru þróaðar margar skemmtilegar lausnir í daglegum rekstri. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi sem býður upp á nýjar áskoranir á hverjum degi. Við nýtum Agile hugmyndafræði og tökum mið af skemmtilegum Scrum og Kanban vinnuaðferðum í hópavinnu. Þróun lausna fer fram í Windows og Java umhverfi.

**Hæfniskröfur:** Starfsmaður þarf að hafa brennandi áhuga á forritun hugbúnaðarlausna. Erum að nota .NET, LINQ, C#, Java, Spring, Hibernate, HTML, CSS, Javascript, SQL og allt hitt stöffið og því æskilegt að þekkja þetta eitthvað sem og að kunna að gúggla. Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði skilyrði.

*Meistaraflokkur Nova!*

**Söluráðgjafi í fyrirtækjaþjónustu** – *manneskja sem fyrirtæki elska að fá í heimsókn (það er ekki djók, söluráðgjafarnir okkar eru vinsælir í alvörunni).*

Hlutverk söluráðgjafa er m.a. fólgið í sölu á farsíma- og fastlínuþjónustu til fyrirtækja, tilboðsgerð og heimsóknum til nýrra og núverandi viðskiptavina. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund og frábæra samskiptahæfileika. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd.

**Hæfniskröfur:** Sölureynsla og þekking á fyrirtækjamarkaði. Háskólapróf eða önnur sambærileg menntun kostur. Áhugi á tækninýjungum og reynsla úr starfsumhverfi tæknifyrirtækja kostur.

*Enginn vandi, bara lausnir.*

**Viðgerðafulltrúi** – *manneskja sem veit að það er til lausn á öllum málum.*

Starfið felur í sér umsjón með viðgerðamálum Nova. Hlutverk viðgerðafulltrúa er m.a. fólgið í daglegum samskiptum við viðskiptavini og tryggja þannig að þjónusta Nova við þá sé fyrsta flokks.

**Hæfniskröfur:** Við leitum að manneskju með ríka þjónustulund og þolinmæði. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun.

**Sæktu um fyrir 21. júní á starf@nova.is**

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið **starf@nova.is** fyrir **21.júní**.

*Ertu á réttri línu?*

**Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver** – *týpan sem virkar róandi á alla og maður treystir á að hjálpi manni með hvað sem mann vantar.*

Fyrir þann sem elskar að tala í síma, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

*Ertu smitandi skemmtileg manneskja?*

**Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun** – *fólk sem er meira en fallegt andlit fyrirtækisins, það er líka hluti af bestu sölumönnum landsins.*

Fyrir þann sem elskar að koma fram, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

**Hæfniskröfur:** Jákvæðni, frumkvæði, kraftur og framúrskarandi þjónustulund einkennir þann frábæra hóp sem okkur vantar viðbót við. Allt þetta ásamt góðri tölvukunnáttu og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynlegt. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum.

*Stjórnaðu partíinu!*

**Verslunarstjóri** – *maður eða kona sem getur unnið með öllum og hefur gaman af því að skipuleggja og selja (eins og dökkhærða stelpan í Friends, en samt ekki).*

Okkur vantar öflugan einstakling sem ber ábyrgð á daglegum rekstri í einni af verslunum Nova. Verslunarstjóri sinnir m.a. starfsmannamálum, fræðslu, þjálfun, vaktaplani og frammistöðumati. Verslunarstjóri vinnur náið með sölu- og þjónustustjóra, innkaupastjóra, yfirmanni þjónustuvers og öðrum verslunarstjórum.

**Hæfniskröfur:** Við leitum að aðila sem hefur reynslu af stjórnunarstörfum (verslunarstjórn), er kraftmikill leiðtogi, hefur mikinn metnað og frumkvæði. Góð tölvukunnátta, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum.

*Við reiknum með þér!*

**Reikningagerð** – *starfsmaðurinn sem elskar Excel.*

Leitum eftir talnaglöggum einstaklingi við vinnslu reikninga, afstemmingar og gæðaeftirlit. Unnið er með fjárhags- og reikningakerfi.

**Hæfniskröfur:** Mjög góð þekking og Excel reynsla skilyrði sem og þekking á Navison eða öðru fjárhagskerfi. Menntun á sviði viðskipta nauðsynleg.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

DAGUR & STEINI

## > Angelina Jolie

„Við verðum ekki ástfangin með því að finna hina fullkomnu manneskju heldur sjáum við ófullkomna manneskju sem hina gallalausu.“

***Angelina Jolie leikur þokkagyðjuna Fox sem kemur inn í óspennandi líf Wesley og þjálfar hann til þess að feta í fótspor föður síns sem leigumorðingi í kvikmyndinni Wanted sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40

### Ramsay's Kitchen Nightmares

Íslandsvinurinn Gordon Ramsay er mættur aftur á Stöð 2 og í þessum þáttum heimsækir hann veitingahús þar sem allt er að fara í hundana, maturinn handónýtur, starfsfólkið gagnslaust, viðskiptavinirnir horfnir og staðurinn á góðri leið með að fara á hausinn. Kokkurinn kjaftfori tekur það að sér að snúa rekstrinum við á nokkrum dögum og gera veitingahúsið eftirsótt.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** „Þú Guð, sem stýrir stjarna her“ **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.13** Hvítasunna í skáldskap og ræðum **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Í heimi fjöl-flötunganna **14.00** Útvarpsleikhúsið: Skapalón **15.00** Amma mín og ég **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Listahátíð í Reykjavík 2011 **17.15** Kona - Femme **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Smásaga: Hráa hjarta **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Ólympíuleikarnir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Smásaga: Ionits **23.05** Innra eyrað **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Popppunktur** (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Horfnir heimar – Járnöld** (2:6) (Ancient Worlds) (e)
**12.50 Roðlaust og beinlaust** (e)
**13.40 Önnumatur frá Spáni – Sælkeramatur** (4:8) (e)
**14.30 Landsleikur í handbolta** (Úkraína - Ísland) Bein útsending frá leik kvennaliða í undankeppni Evrópumóts landsliða.
**16.15 Táknmálsfréttir**
**16.30 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Austurríki) Bein útsending frá leik Íslendinga og Austurríkismanna í undankeppni EM í handbolta karla.
**18.00 Fréttir**
**18.20 Veðurfréttir**
**18.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Spánn - England) Bein útsending.
**20.45 Evrópumót landsliða - samantekt**
**21.15 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**21.45 Sinfóníutónleikar í Hörpu**
**00.10 Sunnudagsbíó - Góða hjartað** (The Good Heart) Bíómynd eftir Dag Kára frá 2009. Viðskotaillur barþjónn tekur heimilislausan ungan mann undir verndarvæng sinn.
**01.50 Tríó** (1:6) (e)
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Darwin**
**10.00 Duplicity**
**12.05 Kalli á þakinu**
**14.00 The Darwin Awards**
**16.00 Duplicity**
**18.05 Kalli á þakinu**
**20.00 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**
**22.00 Wanted**
**00.00 The Green Mile**
**03.05 Rocky Balboa**
**04.45 Wanted**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.30 Sorry I've Got No Head**
**12.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Mad Men** (8:13)
**14.35 America's Got Talent** (2:32)
**15.20 Gossip Girl** (17:22)
**16.05 Amazing Race** (5:12)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (18:24)
**19.40 Ramsay's Kitchen Nightmares** (8:8) Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana.
**20.30 The Mentalist** (23:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**21.15 Rizzoli & Isles** (5:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kvenleynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Maura er hins vegar afar róleg og líður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látnu.
**22.00 Damages** (4:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki. Lögfræðingurinn Patty Hewes lætur ekkert stöðva sig og heldur upp óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga en Ellen Parsons vinnur fyrir saksóknara. Hún flækist þó í mál Patty og spennan eykst þegar náinn samstarfsfélagi þeirra finnst myrtur.
**22.40 Usual Suspects**
**00.25 60 mínútur**
**01:10 Daily Show: Global Edition**
**01:35 Glee** (21:22)
**02:20 Fairly Legal** (1:10)
**03:35 Nikita** (12:22)
**04:15 The Closer** (7:15)
**05:00 The Mentalist 3** (23:24)
**05.40 Fréttir**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**10.45 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar.
**11.30 Nanshan China Masters** Útsending frá móti í OneAsia-mótaröðinni í golfi.
**14.30 OneAsia Tour** Samantekt af því besta og markverðasta sem gerðist á OneAsia-mótaröðinni í golfi.
**15.25 Hermann Hreiðarsson** Annar í röðinni í þessari mögnuðu seríu um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar er Hermann Hreiðarsson.
**16.00 Golfskóli Birgis Leifs** (11:12)
**16.30 Kanada** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Montreal í Kanada.
**19.00 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**19.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Deportivo**
**21.15 Kanada**
**23.15 F1: Við endamarkið**
**23.45 Miami - Dallas** Bein útsending frá sjötta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Aston Villa - Arsenal** Útsending frá leik Aston Villa og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Batistuta** Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa stórkostlega leikmanns skoðaður.
**19.15 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**19.45 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.15 Newcastle - Liverpool** Útsending frá leik Newcastle og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Man. City - Everton** Útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches: Chelsea - Arsenal, 1997**

### STÖÐ 2 EXTRA

**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.55 Bold and the Beautiful**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 Sorry I've Got No Head** Stórskemmtilegir þættir þar sem margir af þekktustu grínurum Breta fara á kostum í hlutverkum ýmissa kynlegra karaktera eins og Ross sem er eini nemandinn í skólanum sínum og vígalegu víkingarnir sem eru hræddir við nánast allt.
**20.10 So you think You Can Dance** (1:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í áttunda sinn og hefur þáttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þáttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.
**21.30 Sex and the City** (3:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**22.00 Sex and the City** (7:20)
**22.30 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi um allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.
**23.15 Sjáðu**
**23.40 Sorry I've Got No Head**
**00.10 Fréttir Stöðvar 2**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**18.00 Fiskikóngurinn**
**18.30 Veiðisumarið**
**19.00 Gestagangur hjá Randver**
**19.30 Bubbi og Lobbi**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu**
**21.30 Kolgeitin**
**22.00 Hrafnaþing**

### N4

**Dagskrá N4 - Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.10 Rachael Ray** (e)
**12.50 Rachael Ray** (e)
**13.35 Million Dollar Listing** (6:9) (e)
**14.20 Top Chef** (3:15) (e)
**15.10 The Biggest Loser** (8:26)
**16.00 Survivor** (4:16) (e)
**16.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (5:5) (e)
**17.45 Happy Endings** (1:13) (e)
**18.10 Running Wilde** (1:13) (e)
**18.35 Girlfriends - LOKAÞÁTTUR**
**18.55 Rules of Engagement** (5:26) (e)
**19.20 Parks & Recreation** (5:22) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (6:50) (e)
**20.10 An Idiot Abroad - LOKAÞÁTTUR** (9:9) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar.
**21.00 Law & Order: Criminal Intent** (3:16)
**21.50 Californication** (11:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hanks Moody.
**22.20 Blue Bloods** (19:22) (e)
**23.05 Last Comic Standing** (2:12) (e)
**00.05 The Real L Word: Los Angeles** (3:9) (e)
**00.50 CSI: Miami** (1:24) (e)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.30 Fedex St. Jude Classic** (3:4)
**10.30 US Open 2008**
**11.30 Italian Open** (2:2)
**15.30 Fedex St. Jude Classic** (3:4)
**18.30 Inside the PGA Tour**
**19.00 Fedex St. Jude Classic** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2009**
**23.50 ESPN America**

### BBC entertainment

**10.00** 'Allo 'Allo! **10.35** 'Allo 'Allo! **11.05** 'Allo 'Allo! **11.40** 'Allo 'Allo! **12.15** 'Allo 'Allo! **12.45** 'Allo 'Allo! **13.20** 'Allo 'Allo! **13.55** 'Allo 'Allo! **14.35** 'Allo 'Allo! **15.10** 'Allo 'Allo! **15.55** 'Allo 'Allo! **16.30** 'Allo 'Allo! **17.05** 'Allo 'Allo! **17.35** 'Allo 'Allo! **18.00** 'Allo 'Allo! **18.30** 'Allo 'Allo! **19.00** 'Allo 'Allo! **19.30** 'Allo 'Allo! **20.00** Silent Witness **20.50** Silent Witness **21.45** 'Allo 'Allo! **22.30** 'Allo 'Allo! **23.05** 'Allo 'Allo! **23.40** 'Allo 'Allo! **00.10** 'Allo 'Allo! **00.35** 'Allo 'Allo! **01.00** 'Allo 'Allo! **01.25** 'Allo 'Allo! **01.50** 'Allo 'Allo!

### DR 1

**07.55** Fanboy og Chum Chum **08.05** ICarly **08.30** Loulou fra Montmartre **08.55** Historien om fjernsynet **09.05** Fodboldpigerne **09.35** That's So Raven **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **11.00** Kyst til kyst **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Merlin **13.05** Hjemvé **14.45** Håndbold **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Ægyptens gåder **18.00** Maria Wern **18.45** Det søde liv **19.00** TV Avisen **19.15** SportNyt **19.20** Storbydrømme **21.00** Blodrøde diamanter **22.30** Det grusomme udefra

### NRK 1

**06.55** Uventet besok **07.25** Synkronsvømming for herrer **08.30** Mysteriet Norge **09.00** Høytidsgudstjeneste fra Storetveit kirke i Bergen **10.10** Friidrett **12.25** Skjergardsmat **12.55** Ludvig den 15. - Konge mellom lys og mørke **14.30** Jakten på nyresteinen **16.00** Fysikk på roterommet **16.10** Ingen grenser **17.00** Søndagsrevyen **17.40** Fugleøya Runde **18.05** Frå Lark Rise til Candleford **18.55** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.25** Kriminalsjef Foyle **21.05** Kveldsnytt **21.20** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.05** Holby Blue

### SVT 1

**07.45** Hundra procent bonde **08.15** Grön glädje **08.40** Det söta livet **09.10** Kvinnor som hugger ved **09.25** Svaleskär **09.55** Rapport **10.00** Från Lark Rise till Candleford **11.00** På väg till Malung **11.30** Fikapaus **11.50** K Special **13.50** Rapport **13.55** tba **14.55** Speedway **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Engelska Antikrundan **19.00** Från Lark Rise till Candleford **20.00** Sommarpratarna **21.00** K Special

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Verslun
Ármúla 26
522 3000
Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
STÓRMÓT Í STOFUNNI
EM-tilboð
í Hátækni
37"
LG
37LD450N
tilboð 99.995
45% verð áður 179.995
Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður. 2 x HDMI. USB.2.0. SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.
42"
tilboð 159.995
verð áður 199.995 20%
LG
42LD650N
Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp. 100 Hz. 1920x1080 punkta upplausn. 3xHDMI, LAN, 2xUSB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur.
47"
LG
47LD450N
tilboð 169.995
19% verð áður 209.995
Flott 47 tommu Full HD LCD sjónvarp. 1920x1080 punkta upplausn. 2xHDMI. USB 2.0.
42"
tilboð 239.995
verð áður 269.995 11%
LG
42LV450N
Glæsilegt 42 tommu Full HD LED EDGE sjónvarp. 100 Hz. 1920 x 1080 punkta upplausn. 2 x USB 2.0 DivX HD
42"
LG
42PT351N
tilboð 149.995
17% verð áður 179.995
42" HD Ready 1024x768p plasma-sjónvarp. 2 HDMI tengi og spilar MKV-skrár í gegnum USB 2.0. DivX HD.
50"
tilboð 249.995
verð áður 299.995 17%
LG
50PV350N
50" Full HD 1920x1080p 600Hz plasmasjónvarp. 2 HDMI-tengi og spilar MKV-skrár í gegnum USB 2.0. DivX HD.
Hátækni
PIPAR\TBWA • SÍA • 110746

## > Robin Williams

„Orð og hugmyndir geta breytt heiminum.“

***Robin Williams leikur í gamanmyndinni Old Dogs, sem fjallar um vinina og samstarfsfélagana Charlie og Dan sem hafa engan áhuga á eðlilegu fjölskyldulífi. Líf þeirra breytist hins vegar snarlega þegar sjö ára tvíburar lenda í þeirra umsjá. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 20.20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON HÉLT Í SMÁ STUND AÐ VONT GÆTI EKKI VERSNAÐ

# *Hatarðu mig, Sigrún Stefánsdóttir?*

Ég veit ekki alveg hvað forsvarsmönnum Ríkissjónvarpsins gengur til. Af hverju sjá Páll Magnússon og Sigrún Stefánsdóttir ástæðu til þess með reglulegu millibili að ganga fram af mér? Nú er mér vel við RÚV og flesta þess króka og kima. Það er þarfur samfélagsþjónn og gjarnan skemmtilegur. En stundum kýs RÚV að ofbjóða mér. Það gerðist á fimmtudaginn.

Ég var nýlagstur í sófann og ætlaði að ná mér í kríu til að búa mig undir NBA-áhorf um nóttina. RÚV+ rúllaði undir – hljóðstyrkurinn í lágmarki. Samt tókst „gaman“þættinum Tríói að vekja mig með andfælum. Ég sofnaði ekki aftur.

Ég hef reynt að forðast að hugsa mikið um þetta – er enn hálftrámatíseraður – ekki síst vegna þess að mér fannst ég fyrst vera vanhæfur til að mynda mér skoðun á þættinum þar sem einn aðalkarakterinn ber sama nafn og ég. Sá er þroskaheftur blaðburðarpervert á óræðum aldri sem Sveinn Geirsson túlkar… tja… óþægilega. Þátturinn virðist reyndar einna helst ganga út á að skopast að fötlun fólks: túrett, lesblindu, almennri heimsku og öðrum kvillum. Og það gæti svo sem verið fyndið ef það væri vel útfært. Sem það er ekki.

Og ekki var þátturinn betur unninn tæknilega. Kollegi minn orðaði það þannig að hann hefði verið klipptur eins og miðlungsinnslag í djammþættinum Splash TV með Óla Geir sem var sýndur á Augnsýn í Keflavík í eina tíð. Í þeirri samlíkingu hallar heldur á Óla Geir ef eitthvað er. Stundum er sagt að vond menning fari hringinn – sé svo óskaplega vond að hún verði aftur góð. Tríó fer 359 gráður. Ég hef – í fúlustu alvöru – skemmt mér betur í kistulagningu. Ég vipraði ekki munninn nema einu sinni þegar vandræðalegheitin urðu mér um megn og þess valdandi að ég beit í tunguna á mér. Ekki láta ykkur bregða ef sams konar uppákoma verður uppistaðan í gríni næsta þáttar.



## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**11.15 Enginn má við mörgum** (6:6) (e)
**11.50 Kastljós** (e)
**12.20 Demantamót í frjálsum íþróttum**
**14.30 Mörk vikunnar**(e)
**15.00 Vormenn Íslands** (7:7) (e)
**15.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Ísland - Hvíta Rússland)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.25 Veðurfréttir**
**18.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Danmörk - Sviss)
**20.40 Lottó**
**20.45 Evrópumót landsliða - samantekt**
**21.15 Popppunktur** (Klassart - Skálmöld)
**22.20 Gíslar** (Hostage) Lögga í smábæ tekur upp fyrri iðju sem samningamaður lögreglunnar og reynir að bjarga fjölskyldu sem haldið er í gíslingu. Leikstjóri er Florent Emilio Siri og meðal leikenda eru Bruce Willis, Kevin Pollack og Serena Scott Thomas. Bandarísk spennumynd frá 2005. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.15 Rangtúlkun** (Lost in Translation) (e)
**01.55 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Ísland - Hvíta Rússland) (e)
**03.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Someone Like You**
**10.00 Waynes' World 2**
**12.00 Hairspray**
**14.00 Waynes' World 2**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Hairspray**
**20.00 The Nutty Professor**
**22.00 The Onion Movie**
**00.00 Friday the 13th**
**02.00 Lions for Lambs**
**04.00 The Onion Movie**
**06.00 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**

## STÖÐ 2

**07.00 Brunabílarnir**
**07.25 Strumparnir**
**07.50 Lalli**
**08.00 Algjör Sveppi**
**08.35 Barnatími Stöðvar 2**
**09.00 Algjör Sveppi**
**09.50 Latibær**
**10.00 Stuðboltastelpurnar**
**10.25 Bardagauppgjörið**
**10.50 iCarly** (17:45)
**11.15 Glee** (21:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 So you think You Can Dance** (1:23)
**15.05 Grillskóli Jóa Fel** (1:6)
**15.40 Sjálfstætt fólk**
**16.20 The Ex List** (8:13)
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag**
**19.29 Veður**
**19.35 America's Got Talent** (2:32)
**20.20 Old Dogs** Gamanmynd með John Travolta og Robin Williams í aðalhlutverkum, en þeir leika vinina og samstarfsfélagana Charlie og Dan, sem hafa þekkst í mörg ár og eiga það sameiginlegt að hafa engan áhuga á því að lifa eðlilegu fjölskyldulífi.
**21.50 Tropic Thunder** Sprenghlægileg ævintýramynd með Ben Stiller, Jack Black og Robert Downey Jr. í aðalhlutverkum. Röð furðulegra tilviljana veldur því að hópur leikara sem eru að taka upp stóra stríðsmynd er neyddur til að verða raunverulega hermennirnir sem þeir eru að leika.
**23.40 Welcome Home, Roscoe Jenkins**
**01.35 Blonde Ambition**
**03.10 Texas Chainsaw Massacre. The Beginning**
**04.40 ET Weekend**
**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**11.50 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
**12.25 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
**13.25 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.
**13.55 Formúla 1 - Æfingar**
**15.00 Spænski boltinn. Almeria - Barcelona** Útsending frá leik Almeria og Barcelona í spænska boltanum.
**16.45 Formúla 1 2011 - Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Montreal í Kanada.
**18.20 Golfskóli Birgis Leifs** (11:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**18.50 KR - FH** Útsending frá leik KR og FH í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**20.40 Pepsi mörkin**
**21.50 Box - Amir Khan - Marcos Rene Maidana** Útsending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas.
**23.30 Formúla 1 2011 - Tímataka**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**17.30 Fernando Hierro** Magnaður þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.
**17.55 Goals of the Season 2010/2011** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**18.50 Chelsea - Arsenal** Útsending frá leik Chelsea og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.35 Everton - WBA** Útsending frá leik Everton og West Brom í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Newcastle - West Ham** Útsending frá leik Newcastle United og West Ham United í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.55 Rachael Ray** (e)
**13.40 Rachael Ray** (e)
**14.20 Rachael Ray** (e)
**15.05 High School Reunion** (4.8) (e)
**15.50 America's Next Top Model** (11.13) (e)
**16.35 90210** (22.22) (e)
**17.20 An Idiot Abroad** (8.9) (e)
**18.10 Girlfriends** (21.22)
**18.30 The Bachelor** (7.11) (e)
**20.00 Last Comic Standing** (2.12)
**21.00 Rocky II** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1979. Rocky Balboa telur sig loks vera kominn á beinu brautina þegar hann finnur skyndilega fyrir verulegum fjárskorti.
**23.00 Last Chance Harvey** (e) Rómantísk mynd frá árinu 2008 með Dustin Hoffman, Emmu Thompson og Kathy Baker í aðalhlutverkum.
**00.35 The Real L Word. Los Angeles** (3.9) (e)
**01.20 Smash Cuts** (4.52)
**01.45 Girlfriends** (20.22) (e)
**02.05 The Real Housewives of Orange County** (4.12) (e)
**02.50 Whose Line is it Anyway?** (14.39) (e)
**03.15 Penn & Teller** (4.10) (e)
**03.45 Penn & Teller** (5.10) (e)
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.05 Golfing World**
**07.55 Fedex St. Jude Classic (2:4)**
**10.55 Golfing World**
**11.45 US Open 2000 - Official Film**
**12.45 Inside the PGA Tour (23:42)**
**13.10 Fedex St. Jude Classic (2.4)**
**16.10 Golfing World**
**17.00 US Open 2002 - Official Film**
**18.00 US Open 2006 - Official Film**
**19.00 Fedex St. Jude Classic (3:4)**
**22.00 US Open 2008 - Official Film**
**23.00 Inside the PGA Tour (23:42)**
**23.25 ESPN America**

## EXTRA

**16.15 Nágrannar**
**16.35 Nágrannar**
**16.55 Nágrannar**
**17.15 Nágrannar**
**17.35 Nágrannar**
**17.55 Lois and Clark** (19:22)
**18.40 Ally McBeal** (8:22)
**19.25 Gilmore Girls** (6:22)
**20.10 The Office** (6:6)
**20.45 Grillskóli Jóa Fel** (1:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
**21.15 Glee** (6:22)
**22.00 Lois and Clark** (19:22)
**22.45 Ally McBeal** (8:22)
**23.30 Gilmore Girls** (6:22)
**00.15 The Office** (6:6)
**00.45 Glee** (6:22)
**01.35 Sjáðu**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**21.00 Helginn** Helginn er þáttur þar sem Helgi Hrafn og Helgi Steinar setjast í sófann og ræða um fréttir og efni af netinu. Þeir fá til sín gesti, prufa nýjustu tækni og ræða um það sem gengur og gerist að hverju sinni.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Fiskikóngurinn**
**22.30 Veiðisumarið**
**23.00 Gestagangur hjá Randver**
**23.30 Bubbi og Lobbi**
**00.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.50**
**Tropic Thunder**

Bráðfyndin gamanmynd með Ben Stiller, Jack Black og Robert Downey Jr. í aðalhlutverkum. Hollywood-leikarar lenda í ótrúlegum ógöngum í Asíu þar sem þeir eru að leika í stríðsmynd.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir 08.05 Sjö dagar sæli (2:8) **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Fjármálamiðstöðin Ísland **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Í boði náttúrunnar **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Geldingarnir og sönglistin **20.00** Beint frá býli **21.00** Á tónsviðinu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Innundir skinni **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.10** The Weakest Link **10.00** ,Allo ,Allo! **10.35** ,Allo ,Allo! **11.10** ,Allo ,Allo! **11.40** ,Allo ,Allo! **12.15** ,Allo ,Allo! **12.45** ,Allo ,Allo! **13.20** ,Allo ,Allo! **13.55** ,Allo ,Allo! **14.30** ,Allo ,Allo! **15.05** ,Allo ,Allo! **15.35** ,Allo ,Allo! **16.10** ,Allo ,Allo! **16.45** ,Allo ,Allo! **17.20** ,Allo ,Allo! **17.55** ,Allo ,Allo! **18.35** The Inspector Lynley Mysteries **19.20** The Inspector Lynley Mysteries **20.05** Silent Witness **21.00** Silent Witness **21.55** ,Allo ,Allo! **22.25** ,Allo ,Allo! **22.55** ,Allo ,Allo! **23.25** ,Allo ,Allo! **00.00** ,Allo ,Allo! **00.30** ,Allo ,Allo! **01.00** ,Allo ,Allo!

### DR 1

**08.45** Ramasjang Mix **09.10** Splint & Co **09.40** Troldspejlet **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.55** Sign up **11.15** Et slag for pulsen **11.45** Jamie Olivers Amerika **13.00** Grænsekontrollen **13.45** Merlin. Bag kameraet **14.05** Mord på hjernen **15.40** Før søndagen **15.50** Hammerslag **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Så stort - Og så af **18.00** Merlin **18.45** Daddy Day Care **20.15** Kriminalkommissær Barnaby **21.50** Bonnie og Clyde

### NRK 1

**08.50** Glamourdronningen Joan Collins **09.35** Da jeg traff Jesus... med sprettert **11.00** Frå Lark Rise til Candleford **11.50** Ansikt til ansikt **12.20** Pionertida i NRK Fjernsynet **13.20** Ut i nærturen **13.35** Balladen om mestertyven Ole Høiland **15.15** Bolt - Jamaicas gullgut **16.10** Det fantastiske livet **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Etter at du dro **18.25** I mitt liv - Inger Lise Rypdal **19.20** Nye triks **20.10** Fakta på lørdag **21.10** Kveldsnytt **21.25** Michael Clayton **23.20** Dansefot jukeboks m/chat

### svt1

**08.50** Norsk attraktion **09.20** Spisa med Price **09.50** Rapport **09.55** Hollywoodredaktionen **10.20** Undercover Boss **11.05** Sommarpratarna **12.05** Me, Myself & Kubrick **13.30** Bored to Death **14.00** Rapport **14.05** Fairly Legal **14.45** Ung naturfotograf **14.50** Fikapaus **15.10** Kungaslupen Vasaorden **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Dramat på Tuvan **16.30** Animera = göra livlig **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** tba **19.00** Friidrott **21.30** Rapport **21.35** På väg till Malung





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



**STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI**

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## PERSÓNAN



*Steinþór Helgi Arnsteinsson*

**Aldur:** 27 ára
**Starf:** Umboðsmaður, tónleikahaldari, verkefnastjóri hjá Senu, Gettu betur-þjálfari og ýmislegt tilfallandi.
**Hjúskaparstaða:** Einhleypur.
**Fjölskylda:** Alinn upp af einstæðri móður og rek föðurlegg til Noregs.
**Búseta:** Bý í 101.
**Stjörnumerki:** Hrútur.

Steinþór Helgi stendur nú á eigin fótum eftir að hafa flutt út frá móður sinni.

# Bloggarar ráða ekki hvað er í sjónvarpinu

„Ég er mjög sáttur við útkomuna," segir Gestur Valur Svansson, leikstjóri gamanþáttanna Tríó sem voru frumsýndir á RÚV á fimmtudagskvöld.

Tríó virðist ætla að vekja misjöfn viðbrögð hjá almenningi. Á fréttablogginu Fréttir af Facebook á Eyjunni voru tekin saman neikvæð ummæli úr ýmsum áttum í kjölfar frumsýningar þáttarins. Kvikmyndagerðarmaðurinn Gagga Jónsdóttir bað RÚV til dæmis um að endurgreiða sér afnotagjöldin með millifærslu. Á RÚV hafði hins vegar ein kvörtun borist samkvæmt Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra. „Það hringdi ein kona. Hún var að kvarta undan bíómyndum almennt og Tríói líka," segir hún.

Ertu ánægð með þáttinn?

„Ja, svona efni er ekki akkúrat uppáhaldsefnið mitt. Ég get ekki miðað við að ég sé týpískur áhorfandi."

En kom til greina að taka þáttinn af dagskrá vegna harðra viðbragða á netinu?

„Nei, ég held ég láti ekki þessa 300 sem blogga eins og vitleysingar á kvöldin ráða hvað er í sjónvarpinu. Ég læt ekki Facebook stjórna dagskránni hérna," segir Sigrún.

Leikstjórinn Gestur Valur fékk frábær viðbrögð við fyrsta þætti Tríós. „Ég er virkilega ánægður með það — ég held að það hafi verið 114 SMS í símanum í morgun," segir hann.

Gestur segist ekki hafa orðið var við þau slæmu viðbrögð sem Eyjan bendir á en hvetur fólk til að halda áfram að fylgjast með. „Þetta er bara byrjunin. Það er alltaf tæknilega erfitt að gera fyrsta þáttinn, maður þarf að kynna inn persónurnar og vera grípandi svo fólk vilji sjá meira," segir hann. „Mér finnst það hafa tekist og er nokkuð sáttur. Þættirnir verða betri og betri."

- afb



**MISJÖFN VIÐBRÖGÐ** Gestur Valur Svansson, leikstjóri Tríós, hefur fengið góð viðbrögð við þáttunum. Á Facebook voru hins vegar margir ekki nógu ánægðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gera myndband fyrir ítalska pönksveit

Hrefna Hagalín og Kristín Bára Haraldsdóttir reka saman framleiðslufyrirtækið Krúnk, sem sá um framleiðslu tónlistarmyndbands ítölsku pönksveitarinnar The Minnies.

Hrefna og Kristín Bára eru staddar í Berlín um þessar mundir, þar sem upptökur á myndbandinu fóru fram, en Einar Snorri leikstýrir því. Söguþráðurinn er eins konar ástarsaga og fór leikarinn Tómas Lemarquis með hlutverk í myndbandinu. Hljómsveitin The Minnies var stofnuð árið 1994 og hefur í gegnum árin eignast tryggan aðdáendahóp víða um heim. Hrefna og Kristín Bára framleiddu áður stuttmyndina Knowledgy og auglýsingu fyrir fatahönnuðinn Munda, svo fátt eitt sé nefnt.

Að sögn Hrefnu gengu tökur vel fyrir sig og nú er verið að ganga frá allri eftirvinnslu. „Þetta voru rosalega fínar tökur og vinalegur tökuhópur og þetta gekk allt eins og í sögu," segir hún. Þær stöllur hafa verið með annan fótinn í Berlín frá því í febrúar og unnið að ýmsum verkefnum með Einari Snorra. „Við erum ekki fluttar hingað, við fluttum til dæmis ekki búslóðina með okkur út, heldur langaði okkur að prófa að vinna úti og fannst Berlín henta vel því héðan er stutt að fara til annarra borga í Evrópu. Við ætlum bara að sjá hvernig hlutirnir þróast og ef vel gengur væri gaman að vera hér áfram. Annars sjáum við bara hvað setur," segir Hrefna að lokum.

- sm



**FRAMLEIÐA MYNDBAND** Hrefna Hagalín og Kristín Bára Haraldsdóttir framleiddu tónlistarmyndband fyrir ítölsku pönksveitina The Minnies. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STEFÁN KONRÁÐSSON: ÞETTA ER FRÁBÆR HUGMYND

# Íslendingar með í nýju evrópsku milljarðalottói

Tuttugu lottófyrirtæki í tíu Evrópulöndum skrifuðu hinn 7. júní síðastliðinn undir samstarfssamning um að byrja með nýtt lottó undir nafninu Euro Jackpot. Vinningsupphæðin í nýja lottóinu yrði aldrei lægri en tíu milljónir evra, eða 1,7 milljarðar íslenskra króna. Hann gæti þó orðið allt að níutíu milljónum evra, eða tæpir fimmtán milljarðar íslenskra króna. Löndin tíu eru Þýskaland, Holland, Danmörk, Ísland, Noregur, Slóvenía, Finnland, Eistland, Ítalía og Spánn. Samtals búa um 200 milljónir manna í þessum löndum.

„Það er ekkert öruggt í hendi, þetta er gríðarlega flókið tæknilega en við gerum okkur vonir um að línur skýrist hinn 23. nóvember. Þetta er frábær hugmynd en hún þarf líka að fá leyfi hjá ríkisstjórnum allra þeirra landa sem eiga aðild að þessu," segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár.

Samkvæmt frétt sem birtist í ríkisútvarpi Eistlands er gert ráð fyrir því að fyrsti drátturinn í lottóinu verði strax á næsta ári en Stefán vill ekki staðfesta það; enn eigi eftir að hnýta ansi marga lausa hnúta. „Við höfum unnið í þessu í sex ár, höfum kannað hvort þetta væri raunhæfur möguleiki. Samningaviðræðurnar hafa síðan staðið yfir í þrjú ár," segir Stefán, sem kveðst þó vera spenntur fyrir þessu, ef af verður. Og það er kannski ekkert skrýtið að Stefán skuli setja varnagla við málið, því fyrir þremur árum greindi Fréttablaðið frá því að nýtt milljarðalottó væri væntanlegt. Þá átti lottóið að hefjast strax síðar sama ár.

### SANDUR AF SEÐLUM

Ef **Euro Jackpot** verður að veruleika eiga Íslendingar möguleika á að vinna allt frá 1,7 milljörðum íslenskra króna í hverri viku upp í tæpa fimmtán milljarða. Alls eiga tíu lönd aðild að þessum risapotti og því gætu um 200 milljón spilarar verið að keppa um hinar háu fjárhæðir. **Stefán Konráðsson** segir nýja lottóið frábæra hugmynd.



Stærsti lottópotturinn sem Íslendingar geta unnið í dag er Víkingalottóið, sem dregið er í á miðvikudögum. Einfaldur pottur í því er yfirleitt um hundrað milljónir íslenskra króna. Vinsælasta lottóið er hins vegar hið sígilda Lottó á laugardögum, þar sem dregið er í beinni útsendingu. Þar er fyrsti vinningur í kringum fimm milljónir íslenskra.

freyrgigja@frettabladid.is

# Hætt að selja stolinn Hugleiksbol

„Ég man ekki eftir að hafa rekist áður á að einhver sé að taka myndirnar mínar í leyfisleysi og setja á boli," segir listamaðurinn Hugleikur Dagsson.

Vefsíðan Mysoti.com býður notendum sínum upp á að prenta myndir á boli og selja í vefverslun sinni. Óprúttinn notandi vefsíðunnar var með bol til sölu merktan mynd Hugleiks Dagssonar úr bókinni Popular Hits og rukkaði tæpa 22 dali fyrir stykkið — um 2.500 íslenskar krónur.

„Það fer aldrei í taugarnar á mér ef einhver einn og einn er að gera þetta fyrir sig," segir Hugleikur. „Það sem er leiðinlegt við þetta er að við vorum að fara að prenta akkúrat þessa mynd á bol, þannig að það er pirrandi að einhver útlendingur hafi verið fyrri til. En það er fyrir öllu að þessi muni ekki græða meira á bolnum sínum en við græðum á okkar."

Fréttablaðið hafði samband við Steve Hunt, eiganda Mysoti.com, sem var miður sín yfir málinu og hefur tekið bolinn úr sölu. „Ég tek höfundarrétt mjög alvarlega og hyggst taka alla boli þessa tiltekna notanda úr sölu, enda hefur hann notað mikið af höfundarréttarvörðum myndum frá fólki og fyrirtækjum."

Hunt sagði enn fremur að ef notandinn sem stal mynd Hugleiks hefði hagnast á þeim tiltekna bol yrðu gerðar ráðstafanir til að borga Hugleiki fyrir ómakið. Hann tók þó fram að svo virtist sem enginn bolur með myndinni hefði selst.

- afb






**PIRRANDI** Óprúttinn notandi vefsíðunnar Mysoti.com tók mynd Hugleiks Dagssonar ófrjálsri hendi og hugðist selja á bol í vefverslun síðunnar. Hugleikur segir það pirrandi þar sem hann ætlar að selja bol með sömu mynd, sem sést hér fyrir ofan.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


LSA
International
Diskur á fæti
+ hjálmur
13.200,- stgr. 10.560,-
Púnsskál
11.900,- stgr. 9.520,-
Skál
9.600,- stgr. 7.680,-
Skál á fæti
8.300,- stgr. 6.640,-
Diskur á fæti
10.300,- stgr. 8.240,-
Skálar 2 stk.
7.400,- stgr. 5.920,-
Kanna
3.100,- stgr. 2.480,-
7.200,-
stgr. 5.760
13.900,-
stgr. 11.120,-
6.400,-
stgr. 5.120,-
Margar gerðir af vösum
Glös 4 stk.
13.500,-
stgr. 10.800,-
Glös 4 stk.
7.600,-
stgr. 6.080,-
Karafla
7.900,-
stgr. 6.320,-
Diskur á fæti
10.200,- stgr. 8.160,-
Staup 4 stk. 4.200,- stgr. 3.360,-
Kanna 6.800,- stgr. 5.440,-
Bolli og undirskál
2.250,- stgr. 1.800,-
Matardiskur 1.750,- stgr. 1.400,-
Krús m/loki
7.200,- stgr. 5.760,-
Skál 8.300,- stgr. 6.640,-
Í dag fylgir þessi fallegi blómavasi að gjöf þegar keypt er vara frá LSA.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
HEIMA HÚSID
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
mood
lifum
GALLERY GOLF
20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fimm jólasveinar

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, setti fremur óspennandi efni fyrir leikmenn í nýtt og kunnuglegra samhengi á ráðstefnu eftirlitsins um stöðu samkeppninnar eftir hrun á ráðstefnu á fimmtudag. Þar fjallaði forstjórinn um þá fimm kerfislægu hvata sem tefðu fyrir endurreisn efnahagslífsins. „Til einföldunar gef ég þessum röngu hvötum nafn. Þeir eru óþekkir eins og íslensku jólasveinarnir, fimm en ekki þrettán og allir komnir til byggða þótt ekki séu jólin. Og þeir munu ekki fara fyrirhafnarlaust,“ sagði forstjórinn. Nýju óþekktarangarnir eru sumsé Umsýsluvandi, Stjórnunarvandi, Eigendavandi, Ákvörðunarvandi og Sanngirnisvandi.



### Undrasonur Elínar í verjendateymi Geirs

**Friðrik Árni Friðriksson Hirst** útskrifast í dag sem dúx frá lagadeild Háskóla Íslands með fáheyrða meðaleinkunn upp á 9,2. Fróðir menn muna helst eftir slíkum einkunnum hjá Ólafi Jóhannessyni, fyrrverandi forsætisráðherra, og stöku hæstaréttardómurum. Friðrik Árni er sonur fréttakonunnar **Elínar Hirst** og Friðriks Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Skjásins. Friðrik starfar á lögmannsstofunni Juris og vinnur þar að málsvörn Geirs H. Haarde ásamt verjandanum Andra Árnasyni. Það er því ljóst að engin aukvisar eru í því verkefni. **- jab, sh**



### Mest lesið vísir

1. Grunaður um rúm 40 auðgunarbrot
2. Óskalisti dauðvona stúlku vekur mikla athygli
3. Endist ekki ævin til þess að borga námslánin
4. Karl gerði mistök í máli Guðrúnar Ebbu
5. Viðskiptaráðherra óttast ekki dómstólaleiðina





